

Ráðherrabílstjórar með hærri laun en þingmenn



8. JÚNÍ 2018 / 22. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

TÍU BARNNA MÓÐIR Í ALVARLEGU BÍLSLYSI Á KJALARNESI

■ Yngsta dóttirin enn á gjörgæslu



D



Unnur Eggerts

Bregður sér í hlutverk kynbombu í Las Vegas

Elísabet Ronaldsdóttir

Viðtal

„GLEYMDIST AÐ SÆGJA MER HVAÐ LIFSLIKURNAR VORU LITLAR“

■ Greindist með krabbamein á hátindi ferilsins ■ Vinir, vanda-
menn og heimsfrægir vinnufélagar reyndust ómetanlegir



BARN- NÍÐINGAR OG DÆMDIR MENN REKA LÍKNARFÉLAG



Fyrsti rabbíni Íslands

■ „Eitt hefur forgang fram yfir umskurð og það er heilsa barnsins“

Íslendingar velja líð númer 2 á HM

■ „Er HM einhver verslun?“



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is




Krónprinsinn Nökkvi Fjalar á meðal þeirra áhrifamestu

Á nýjum lista Nordic Business Forum yfir áhrifamestu einstaklinga í viðskiptalífinu í Norður-Evrópu, 25 ára og yngri, er Nökkvi Fjalar Orrason, framkvæmdastjóri Áttunnar og eigandi CAI-Social Media í 13. sæti.

Nökkvi er sonur Orra Páls Ormarssonar, stjórnublaðamanns Morgunblaðsins og rit höfundar, sem skrifaði meðal annars ævisögu Gunnars Birgissonar.

Á heimasíðu Nordic Business Forum er farið yfir feril Nökkva frá því að hann hóf að birta myndbönd á Facebook og YouTube þar til hann stofnaði Áttuna árið 2014, aðeins tvítugur. Árið 2016 færði hann starfsemina alfarið á netið og er hann sagður krónprinsinn þar.



Síðustu orðin

„Hvað í helvítinu ertu að syngja fyrir mig, klerkur? Þú heldur ekki lagi.“

– Franska tónskáldið Jean-Philippe Rameau (25. sept. 1683–12. sept. 1764)

Á þessum degi, 8. júní

632 – Spámaðurinn Muhammad deyr í Medina.



1783 – Skaftáreldar hófust í Lakagígum. Gosið stóð í átta mánuði og markaði upphafið að sjö ára hungursneyð og annarri eynd. Talið er að gosið hafi kostað hátt í 10.000 manns lífið.

1949 – Skáldsagan 1984, eftir George Orwell, er gefin út.



1984 – Samkynhneigð er lýst lögleg í Nýju Suður-Wales í Ástralíu.

2009 – Tveir bandarískir blaðamenn eru sakfelldir fyrir að koma inn í Norður-Kóreu með ólöglegum hætti. Þeir eru dæmdir til 12 ára betrunarvinnu.

10 barna móðirin Sigrún lenti í alvarlegu bílslysi á Kjalarnesi

■ Með átta börn í bílnum ■ Yngsta dóttirin enn á gjörgæslu

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Síðastliðið mánudagskvöld átti sér stað skelfilegt bílslys á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi skammt frá Enni, þar sem fólksbifreið og sendibifreið lentu saman. Einn lést í slysinu og níu einstaklingar, allir úr sömu fjölskyldu, voru fluttir á slysa-deild, þar af fjórir á gjörgæslu.

Ökumaður sendibifreiðarinnar var Sigrún Elísabet Einarsdóttir, 39 ára gömul. Ásamt henni voru í bílnum sjö börn hennar, á aldrinum 3 til 16 ára og eitt systurbarn hennar. Ökumaður fólksbifreiðarinnar, karlmaður á fertugsaldri, erlendur ríkisborgari búsettur hér á landi, lést í slysinu og hefur nafn hans ekki verið gefið upp.

Vakti þjóðarathygli vegna barnafjölda

Sigrún og fjölskylda hennar vöktu athygli þjóðarinnar þegar fjallað var um fjölskylduna í Eyjanesi í Ísþjóðin, þáttum Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur á RÚV, árið 2015. Sigrún er yngsta núlifandi íslenska konan sem hefur eignast tíu börn. Sigrún var 17 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn og 35 ára þegar það tíunda kom í heiminn, börnin eru í dag á aldrinum 3–21 árs. Sambýlismaður hennar, Albert Jónsson, á þrjú börn úr fyrra sambandi.

Sigrún var útskrifuð í gær, seinnipart fimmtudags, en eitt barna hennar er enn á gjörgæslu, næstýngsta barn Sigrúnar, Mirra sem er fjögurra ára. Hin börnin sem lentu í bílslysinu eru öll komin heim, sex börn Sigrúnar og systurbarn hennar.

Þann 1. júní síðastliðinn eignaðist Sigrún fyrsta barnabarn sitt, þegar dóttir hennar, Fanney Sandra, eignaðist son. Það er því ljóst að stutt er á milli gleði og sorgar hjá Sigrúnu. Þegar slysið varð var Sigrún á leið frá Akranesi heim til Reykjavíkur eftir heimsókn hjá dóttur sinni og barnabarni. Sigrún býr á Stúdentagördunum ásamt börnunum meðan hún stundar nám í sálfræði við Háskóla Íslands, á meðan sinnir



Hún er ofurkona.

Albert faðir barnanna bústörfum í Eyjanesi í Hrutafirði.

Atvinnulaus og bíllaus eftir bílslysið

Sigrún var búin að ráða sig í vinnu í Reykjavík í sumar og hugðist keyra á milli til að sinna vinnunni. Vegna aðstæðna, en hún dvelur enn á almennri deild á spítala, mun hún ekki geta sinnt þeirri vinnu. Bíllinn er einnig gjörónýtur eftir slysið, auk þess sem fatnaður og annað skemmdist. Það er því ljóst að tekjurnar hjá stórfjölskyldunni verða minni en vanalega, auk þess sem veraldlegar eigur, líkt og bíllinn, fást ekki bættar í bráð. María hefur fengið fjölda símtala og heimsókna þar



sem vinir og ættingjar hafa boðið fram aðstoð sína og var því ákveðið að opna söfnunarreikning fyrir Sigrúnu og börn hennar. „Bræður mínir stofnuðu söfnunarreikning á nafni mágkonu minnar,“ segir María móðir Sigrúnar. „Bíllinn hennar er gamall og því fæst aðeins brot af and-

virði hans úr tryggingunum, hún hafði því áhyggjur af að komast ekki lengur um með börnin. Það væri líka gott ef þannig safnaðist að Sigrún gæti verið áhyggjulaus heima með börnin sín í sumar og þyrfti ekki að vinna. Elstu þrjár dæturnar eru fluttar að heiman, þannig að átta manna bíll dugar.

Það eru allir að hringja og spyrja hvað þeir geti gert, ég kann ekki að þiggja hjálp,“ segir María. Hún hefur bent fólki á að það sé verið að opna söfnunarreikning og þeir sem vilji og geti, geti aðstoðað þar. ■

Við hvetjum þá sem geta lagt söfnuninni lið að gera það.

Söfnunarreikningurinn er á nafni mágkonu Maríu, Önnu Bergsteinsdóttur, kennitala 100754-3129 og reikningur 545-14-408963.

5 hlutir sem þú átt ekki að taka með þér á HM

Fjölmargir Íslendingar eru á leiðinni til Rússlands til að fylgjast með sínum mönnum keppa á HM í fyrsta sinn. Er þetta einnig fyrir marga fyrsta skiptið sem leið þeirra liggur til Rússlands enda hefur landið til þessa ekki verið ofarlega á listanum yfir vinsælustu ferðamannastaði okkar. Af því tilefni tók DV saman lista yfir fimm hluti sem þú átt ekki að taka með þér.



Vuvuzela-ið þitt

Plasthljóðfærir sem gerði HM 2010 gjörsamlega óþolandi. Nokkrir sáust með svoleiðis á HM 2014. Skulum ekki láta það endurtaka sig.




Regnboga-fánann þinn

Það er æðislegt að vera stolt/ur. En ekki í Rússlandi. Rússar eiga það til að lemja hinsegin fólk. Líka löggan.

Millistykki

Praktískt atriði. Rússar nota eins innstungur og við. Þú þarft ekki að leita að millistykki í friðhöfninni.



Nasista-búninginn þinn

Nasistar réðust inn í Rússland og rúmlega 20 milljónir létust í kjölfarið. Skildu nasistabúninginn þinn eftir heima, í guðanna bænum.


Messi-bollinn þinn

Við erum þarna til að styðja okkar menn. Messi getur verið þinn maður í spænsku deildinni en ekki á HM 2018. Mátt líka skilja eftir Maradona-, Modri- og John Obi Mikel-bollina þína.



FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallett og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.



DUXIANA
Ármúla 10
☎ 568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður



Rækju- kokteill Jakobs

Þessi klassíski forréttur hefur ekki verið í tísku undanfarin ár. Hann er þó að ganga í endurnýjun lífdaga þessi dægrin, sérstaklega í flottum boðum í íslensku fjármálalífi. Það þarf því enginn að segja af sér þó að hann elski rækjukokteila. Fyrir nokkrum árum, í viðtali við breska tímaritið GQ, viðurkenndi einn þekktasti matreiðslumaður heims, Hestor Blumenthal, að honum líkaði fátt betur en rækjukokteilar. Hér er uppskriftin sem Blumenthal birti í blaðinu, með þeirri einu undantekningu þó, að við notum chili-tómatssósu í stað hefðbundinnar tómatssósu. Lífið er of stutt til að borða ekki sjóðheitan mat.

Að lokum er rétt að taka fram að það er algjörlega nauðsynlegt að nota risarækjur í þennan rétt.

Verði ykkur að góðu!

Hráefni (fyrir fjóra):

- 110 grömm af chili-tómatssósu
- 100 grömm mæjónes (heimagert er langbest en Hellmans dugar)
- 1/4 úr teskeið af cayenne-pípar
- 12 dropar af Worcestershire-sósu
- 10 grömm af sítrónusafa
- 400 grömm eldaðar risarækjur
- Rifin iceberg-salatblöð eftir smekk
- heilt avókadó, skorið í teninga
- Salt og pípar

Aðferð:

Setjið tómatssósu, mæjónesið, píparinn og sítrónusafann í skál og hrærið duglega saman. Bætið við salti og pípar eftir smekk og hrærið. Dengið rækjunum saman við. Leggið salatblöðin tættu á botn fjögurra skála og setjið síðan avókadóteningana ofan á. Skiptið rækjunum jafnt í skálarnar.

„Costco-barnið“ fætt:

Lét bíða eftir sér og mætti á sjómannadaginn

Hún er heilsu-
hraust og allt
gengur eins
og í sögu

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Þetta hófst allt með einu poti, eða réttar sagt Facebook-poti. Um ári síðar fæddist íðilfögur stúlka og tveir urðu að sex í kjölfarið. Þau Þórey og Ómar Örn Magnússon hafa verið kölluð „Costco-paraíð“ af vinum, ættingjum og víða hefur það verið uppspretta margra brandara hjá nánnum hópi parsins.

Saga þeirra skötuhrjúna hófst í fyrrasumar en segja sögur að Þórey hafi verið tilbúin til að gefast upp á ástinni fyrir fullt og allt. Hún var búin að vera einstæð á fimmta ár þegar ástin „potaði“ að dyrum, skömmu eftir að hún skildi eftir líflega athugasemd í Facebook-grúppunni *Keypt í Costco Ísl. – Myndir og verð*.

Ómar Örn, sem var einnig meðlimur hópsins, sá athugasemd Þóreyjar og stóðst ekki mátið að senda henni skilaboð með tilheyrandi „Facebook-poti“ og boði á stefnumót, stefnumót sem Þórey ætlaði alls ekki að þiggja í fyrstu.

Þórey reyndi að sannfæra sig um að sleppa stefnumótinu og vildi ómögulega eyða tíma sínum með enn einni tilrauninni til þess að finna hinn rétta. Hún lét þó tilleiðast að lokum og sér ekki eftir því í dag. Fyrsta stefnumót gekk vonum frammar og stóðust þau ómögulega sjarma hvort annars.

Á þeim tíma átti Þórey tvö börn en Ómar þrjú sjálfur. Í kjölfar nokkurra rómantískra stefnumóta var ljóst í hvað stefndi og í sumarlok voru þau búin að sameina hópinn í eina stóra fjölskyldu. Samlífi þeirra Ómars og Þóreyjar bar fljótlega ávöxt og var mikil gleði þegar þau deildu tilkynningu um nýjan erfingja með ættingjum og vinum.

Segja má að aðstandendur parsins hafi ærst úr gleði þegar í ljós kom að barnið var sett á sama dag og verslunin fagnaði eins árs opnunarafmæli, þann 23. maí 2018. Því benti allt til þess að krílið yrði Costco-barn í orðsins fyllstu merkingu. Tengingin við stórverslunina hélt lífi þegar vinkonur Þóreyjar héldu fyrir hana barnaboð eða „baby shower“, en þar léku vörur og matvæli frá Costco stórt hlutverk.

Örlogadísirnar voru þó með



aðrar áætlanir. Stúlkan lét bíða eftir sér og spennan hjá stóru fjölskyldunni magnaðist með hverjum deginum, ekki ósvipuð þeirri eftirvæntingu sem lagðist yfir landann þegar styttest fór í sjálfa

Costco-opnunina ári fyrir.

Tvær vikur liðu hjá og að lokum kom falleg og heilbrigð stúlka í heiminn á sjómannadeginum. Það þótti nýbökudum föður stúlkuunnar skemmtileg tilviljun í ljósi



þess að hann starfaði sjálfur í áraradír sem sjómaður.

„Tilfinningin er náttúrulega meiriháttar“, segir Ómar Örn í símanum nokkrum dögum eftir að dóttir hans kom í heiminn.

„Hún er heilsu- og allt gengur eins og í sögu. Við höfum öll náð að hvílast vel og njóta þessara dýrmætu stunda“, segir Ómar sem var nývaknaður þegar DV hafði samband. Að hans sögn eru fjölskyldumeðlimir himinlifandi með nýju viðbótina í hópinn. ■

Beðið eftir fatalausum föstudögum

Svarthöfði

Svarthöfði er mikill áhugamaður um brjóst eins og margir aðrir karlmenn á miðjum aldri. Svarthöfði kvartar ekki yfir að sjá ber brjóst í sundi og sér ekkert að því að konur marséri niður götur berbrjósta. Svarthöfði reynir að vera penn með áhuga skála og starir ekki, kemur ekki með athugasemdir og man að þetta eru dætur, mæður og systur að berjast gegn úr sér gengnu og árpúsunda gömlu feðraveldi.

Þess vegna smelli Svarthöfði á frétt mbl.is í vikunni um að stelpurnar væru „drulluþreyttar á feðraveldinu“. Frétt sem fjallar um doktorsverkefni í félagsfræði, mjög forvitnilegt allt saman en Svarthöfði veit að hann mun seint nenna að lesa ritgerðina sjálfa. Fyrst þarf að klára Harry Potter, Da Vinci Code og The Secret.

Það sem truflaði Svarthöfða voru viðbrögð Sykurbergs við fréttinni. Allrasamskipta-

þjónustan Snjaldra hefur ákveðið að túttur kvenfólks séu ekki viðeigandi myndefni og fjarlægði því frétt mbl.is vegna forsiðumyndarinnar sem skartaði ungum dömum í miðri #freethenipple-byltingu. Ekkert að því, meira að segja einn ráðherra tók þátt í því á sínum tíma og síðan þá gildir: vei þeim sem dirfist að skammast yfir geirvörtum á almannaferi. Við sem þjóðfélag erum bara að bíða eftir að þetta hætti að verða yfirleitt umræðuefni.

Í vikunni kom einnig fram að starfsmaður Seðlabankans hefði kvartað undan brjóstamynd sem hékk á vegg inni í Svörtuloftum, þeirri stórgóðu fasteign. Án þess að gera lítið úr upplifun starfsmannsins þá skýtur það skökku við að sett sé spurningamerki við berbrjósta málverk. Þá má jafnvel segja að hin ýmsu forpökudu fyrirbæri hafi verið árhundruðum á undan almúganum að bera brjóst kvenna í gegnum listaverk.

Það má jafnvel segja að þessi tvö mál kristalli þetta milli-bilsástand á milli #freethenipple og framtíðarinnar þar sem kyn skipta ekki máli. Annars vegar hversu frammar við Íslendingar stöndum teprunum í hinum stóra heimi og stóra spurningin hvort vegi þyngra, nekt eða upplifun einstaklings við að sjá nekt. Svarthöfði getur engan veginn myndað sér skoðun á þessu og hyggst fara í felur þangað til samfélagið ákveður að taka upp „fatalausa föstudaga“.

**MILLJÓNIR GERA
HM SKEMMTILEGRA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA**

52

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 52 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Ráðherrabílstjórar eru með hærri laun en alþingismenn

■ **Purfa ekki að halda akstursdagbók** ■ **Launakostnaður jókst hratt í kosningabaráttunni í fyrra**

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Mánaðarleg laun tveggja ráðherrabílastjóra, nánar tiltekið bílstjóra dómsmálaráðherra og bílstjóra samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, námu allt að 937 þúsund krónum á mánuði, án launatengdra gjalda, á síðasta ári. Að teknu tilliti til launatengdra gjalda má því fullyrða að ráðherrabílastjórnir hafi verið með hærri mánaðarlaun en alþingismenn í nokkrum tilvikum. Laun alþingismanna eru rétt rúmlega 1,1 milljón á mánuði.

Þessar upplýsingar koma fram í svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni, þingmanni Pírata, sem borin var fram í febrúarlok 2018. Björn Leví spurði öll ráðuneytin um þennan kostnað en

aðeins hafa svör borist frá innanríkisráðuneytinu þrátt fyrir að rúmir þrjú mánuðir séu frá því að fyrirspurnin var lögð fram.

Í svarinu sem Björn Leví fékk frá ráðuneytinu má sjá að laun bílstjóra ráðuneytisins eru mjög breytileg. Þau sveiflast frá 721 þúsund krónum á mánuði, án launatengdra gjalda, og upp í 937 þúsund krónur á mánuði. Athygli vekur að laun bílstjóranna rjúka upp eftir að slitnaði upp úr ríkisstjórnarsamstarfi Bjartrar framtíðar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins í september 2017. Þannig voru meðallaun bílstjóranna tveggja um 823 þúsund krónur í ágúst 2017 en í septembermánuði ruku þau upp í 932 þúsund krónur og síðan upp í 937 þúsund krónur í október. Þá var kosningabaráttan í hámarki og ráðherrarnir tveir greinilega á fleygiferð. Launakostnaður bíl-



stjóranna lækkaði síðan hratt eftir kosningar.

Purfa ekki að halda akstursdagbók Þá kemur ýmislegt athyglisvert fram í svari ráðuneytisins. Til

dæmis kemur fram að ráðherrabílastjórnir séu í eigu og rekstri ríkisins og eigi að vera útbúnir sérstöku öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Slíki bifreið skuli ekið af sérstöku bílstjóra sem einnig sinnir

hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra. Þá segir í svarinu að tilgangur þessarar starfsemi sé að að veita ráðherrum auknið öryggi og þjónustu er þeir sinna embættisskyldum sínum. Samkvæmt heimildum DV er gerð krafa til ráðherrabílastjóra um að þeir hafi lokið sérstöku námskeiði hjá sérveit ríkislögreglustjóra.

Þá er sérstaklega tiltekið í reglugerð að ráðherrabifreiðin sé nýtt til aksturs til og frá heimili ráðherra. Þá kemur einnig fram að bílstjórnir þurfi ekki að halda akstursdagbók og því er engin leið að kanna hvort verið sé að nýta bifreiðina til að sinna embættiserindum eða einkaerindum. Björn Leví hefur einnig spurst fyrir um hvort ráðherrar greiði skatta af þeim hlunnindum að fá ókeypis akstur þegar einkaerindum ráðherra er sinnt. Fátt hefur verið um svör. ■

Hin brasilíska Anna skapar súkkulaði á daginn og safnar fyrir Verkfæraleigu á Karolina Fund

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Anna Worthington De Matos, sem er fædd og uppalin í Brasilíu, kom í heimsókn til íslenskrar vinkonu sinnar í fyrra eftir að hafa misst vinnuna sína í Bretlandi. „Vinkonan lagði til að ég myndi flytja hingað og ég ákvað að gera það og hingað til er það besta ákvörðun sem ég hef tekið,“ segir Anna. Í dag starfar hún hjá Omnom súkkulaðigerðinni og vinnur jafnframt að því að opna Reykjavík Tool Library, verkfæraleigu sem virkar eins og bókasafn. Söfnun er á Karolinafund og lýkur henni þann 12. júní næstkomandi.

„Ég fékk hugmyndina af því að

„Að flytja til Íslands er besta ákvörðun sem ég hef tekið“

ég seldi öll verkfærin mín í Bretlandi og ætlaði að kaupa mér ný hér, en þau eru mun dýrari hér en í Bretlandi. Vinir mínir komu þá með þá hugmynd að ég myndi opna verkfæraleigu,“ segir Anna.

Hún fór á námskeið fyrir konur af erlendum uppruna sem haldið var í Nýsköpunarmiðstöð Íslands og þróaði hugmyndina áfram.

„Hugmyndin er bæði að bjóða

verkfæri til leigu í ýmist 3 eða 7 daga, gegn því að greiða árgjald. Þetta virkar þá bara eins og útleiga á bókasafni, nema að í stað þess að leigja bækur þá ertu að leigja verkfæri. Einnig langar mig til að hafa aðstöðu fyrir fólk til að koma og nota verkfæri á staðnum hjá mér til að búa til handverk og slíkt,“ segir Anna. Húsnæði er hins vegar ekki fundið enn og bíður Anna eftir að söfnuninni ljúki með að finna húsnæði. Ef einstaklingar eða fyrirtæki vilja gefa verkfæri þá tekur Anna einnig á móti þeim. ■





**VILTU KAUPA FASTEIGN
Á SPÁNI?**

**MASA INTERNATIONAL
BÝÐUR ÞÉR Í SKOÐUNARFERÐ
TIL COSTA BLANCA Í JÚNÍ Á
29.900 KR.**

ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI
VERIÐ AÐ FINNA



Hafðu samband / S. Jón Bjarni & Jónas 555 0366

LITLA *bílasalan*

**Vantar allar gerðir
af bílum á skrá
og á staðinn!**

www.litla.is

587 7777

Eirhöfði 11, Reykjavík



LEXUS Rx350 exe. Árgerð 2007, ekinn 114 P.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.222555.



LAND ROVER Discovery 4 hse. Árgerð 2011, ekinn 133 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.950.000. Rnr.111264.



KIA Sorento luxury. Árgerð 2017, ekinn 77 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.141448.



FORD C-max dísel. Árgerð 2014, ekinn 40 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.111088.



BMW X5 xdrive40e plug in hybrid. Árgerð 2017, ekinn 15 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.950.000. Rnr.141409.



VW Multivan startline. Árgerð 2015, ekinn 77 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.950.000. Rnr.111212.



VW Golf dísel. Árgerð 2015, ekinn 52 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.141473.



BMW 3 330 i performance. Árgerð 2017, ekinn 28 P.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.350.000. Rnr.111344.



AUDI A1 sportback dísel. Árgerð 2014, ekinn 26 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.680.000. Rnr.110426.



MERCEDES-BENZ C 350 e avantgarde. Árgerð 2017, ekinn 21 P.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.111227.



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 87 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 5.990.000. Rnr.242147.



MERCEDES-BENZ Gle 500e4matic. Árgerð 2016, ekinn 11 P.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 9.450.000. Rnr.110909.

„Þetta getur ekki verið líknarmála ef þetta skilur“

■ Dæmdur barnaniðingur afgreiðir ■ Gefa einstaklingum vörur ■ Taprekstur að

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Nytjamaðurinn Von og Bjargir er staðsettur við Grensásveg 14b og er félagið sem utan um hann heldur samnefnd líknarsamtök. Félagið var stofnað árið 2014 og að sögn formanns félagsins hefur aldrei verið hagnaður af því frá stofnun. Það styrki því ekki með peningagjöfum heldur munum til einstaklinga en samkvæmt Ríkisskattstjóra getur starfsemi þá ekki talist líknarstarfsemi. Formaður félagsins er Vilhjálmur Svan Jóhannsson, en hann hefur fengið dóma fyrir skattsvik og eiturfjarsölu. Félaginu hafa einnig tengst tveir dæmdir barnaniðingar sem misnotuðu ungar stúlkur.

Styrkja einstaklinga með vörum Húsnæði líknarsamtakanna að Grensásvegi 14b er rúmgott og þar er fjöldi herbergja með notuðum vörum af öllum stærðum og gerðum. Föt, húsgögn, bækur, plötur, stytur og alls kyns dót. Meira að segja lögmansskikkja hangandi á gínu.

Á Facebook-síðu samtakanna kemur ekki fram í hvað styrkir félagsins fara en samkvæmt fyrirspurn frá 5. apríl síðastliðnum svara samtökin:

„Síðustu tvö árin höfum við einöngungu styrkt fólk sem er að koma úr vímuefnaðferð, fangelsum

og öryrkja sem hafa leitað til okkar. Fyrsta árið (2015) styrktum við Dyngjuna, áfangaheimili fyrir konur og Ljósíð, stuðningsheimili fyrir krabbameinsgreinda. Við látum ekki frá okkur lista yfir einstaklinga sem njóta stuðnings okkar.“

DV hafði samband við Ljósíð, stuðningsheimili fyrir krabbameinsgreinda, og þar fengust þau svör að ekkert fjármagn hefði runnið frá Von og Björgum til þeirra. Aldís Höskulsdóttir hjá Dyngjunni tekur í sama streng. „Nei, við höfum ekki fengið neina styrki frá Von og Björgum enn þá. Ég man að hann [Vilhjálmur Svan] setti einhvern tímunn auglýsingu um hann styrkti Ljósíð og Dyngjuna en við höfum ekki fengið neitt.“

Í samtali við DV sagði Vilhjálmur Svan að félagið gæfi ekki peningastyrki heldur muni, til dæmis til Dyngjunnar, en einnig losað Dyngjuna við dót sem heimilið vildi losna við. En félagið fær notaða muni, til dæmis úr dánarbúum. Að sögn Vilhjálmur hefur félagið skilað taprekstri frá stofnun, og áætla hann að tapið nemi um átta milljónum króna. Húsaleiga sé há og nú fyrst sé félagið að rétta úr kútnum.

Vilhjálmur segir:

„Við erum ekki með neitt bakland, ekki neitt meðferðarúræði eða neitt slíkt. Þannig að bakland okkar er hinn almenni borgari. Við erum ekki að greiða neitt út, við erum í vörum en ekki peningum.“



Við gefum dót, við gefum föt, við gefum þeim sem eiga bágt.“

En þeir peningar sem koma inn?

„Þeir fara allir í rekstur, það er bara einfalt. Það hefur aldrei verið afgangur heldur frekar borgað með þessu mánaðarlega. Þær vörur sem eru seldar, en ekki gefnar, eru til þess að halda þessu á floti.“

„Getur ekki verið nytjamaður til líknarmála ef þetta skilur ekkert eftir sig“

Félagið greiðir ekki virðisaukaskatt af seldum vörum í nytjamaðnum. Að sögn Jarþrúðar Hönnu

Jóhannsdóttur, sviðsstjóra hjá Ríkisskattstjóra, eru góðgerðafélög undanþegin skattskyldu virðisaukaskatts á grundvelli laga nr. 50/1988 en þar er gerð sú skilgreining að til líknarmála teljist meðal annars bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila og svo framvegis. Stuðningur til einstaklinga falli þar ekki undir. Hún segir:

„Að það sé taprekstur á markaðinum hefur engin áhrif á það hvornig við metum hvort hann megi vera utan við virðisaukaskatt. Það sem við horfum á er hvort hann uppfylli skilyrði um hvort allur ágóði af þessu renni til líknarmála samkvæmt skilgreiningu. Við lítum ekki á gjafir á munum til einstaklinga sem líknarstarfsemi. Þetta getur ekki verið nytjamaður til líknarmála ef þetta skilur ekkert eftir sig.“

Gjaldþrot og stórt fíkniefnamál

Vilhjálmur Svan Jóhannsson er með dóma á bakinu fyrir aðkomu að fíkniefnasölu og skattalagabrotum. Á níunda áratug síðustu aldar var Vilhjálmur áberandi í veitingarekstri og mörg félög í hans eigu hafa endað í gjaldþrotaskiptum.

Vilhjálmur rak marga veitingastaði á níunda áratug síðustu aldar, til dæmis Tunglið, Villta tryllta Villa, D14 og Upp og niður þar sem Pan-hópurinn svokallaði sýndi. Þar kom ungt fólk, allt niður í sextán ára gamalt, fram og sýndi nærföt og leðurklæðnað frá póstersluninni Pan sem einnig seldi hjálpartæki ástarlífsins. Altalað var að vændi væri fylgifyskur þessarar starfsemi og Haukur Haraldsson, sem stýrði Pan-hópnum, viðurkenndi við DV í febrúar síðastliðnum að stúlka innan hópsins hefði stundað vændi.

Árið 1991 hóf Pressan umfjöllun um gjaldþrotahrinu í veitingarekstri í Reykjavík og kom Vilhjálmur þar mikið við sögu. Þann 11. apríl var sagt að þeir einstaklingar sem um var rætt hafi opn að marga staði, selt þá jafnharðan

eða lent í gjaldþroti með þá. Félögin þar sem nafn Vilhjálmur kom fyrir voru Laugaveitingar hf., Lækjarniður hf., Lækjarveitingar hf. og Veitingakjallarinn hf.

Þriðja desember ári síðar kom fram hjá Pressunni að kröfurnar í búin væru yfir hundrað milljónir króna: Lækjarveitingar 33 milljónir; Laugaveitingar 16,9; Lækjarniður 13,8 og einstaklingsgjaldþrot upp á 38 milljónir.

Þann 17. desember kom fram hjá Pressunni að Vilhjálmur væri að selja lagervörur í Kolaportinu og biði hann þess að afplána dóm fyrir skilaskvik á lífeyrisgreiðslum og virðisaukaskatti. Þetta var ekki fyrsti dómurinn sem hann hlaut því á áttunda áratugnum sat hann í fimmtán mánuði á Litla-Hrauni en þá átti hann við áfengisvandamál að stríða og komst upp á kant við lögin.

Vilhjálmur segir í samtali við DV að hann hafi borgað sig út úr sínum gjaldþrotum.

„Ég vann eins og hundur á þremur eða fjórum stöðum til að gera upp þessi gjaldþrot, bara fyrir það eitt að aðrir borguðu mér ekki.“

25. júlí árið 1993 voru Vilhjálmur Svan og Jóhann Jónmundsson handteknir í Leifsstöð á leið frá Amsterdam þar sem fundast á Jóhanni 910 grömm af amfetamíni og fjögur kíló af hassi. Voru þeir báðir settir í gæsluvarðhald og hófst þá atburðarásin að risastöru fíkniefnamáli sem endaði með átján ákærum og fimmtán fangelsisdómum. En höfuðpaurinn í því máli var Ólafur Gunnarsson.

Í yfirheyrslum gekk lögreglan hart að Vilhjálmur sem var lýst sem skipuleggjanda og fjármögnunaraðila þeirrar ferðar í DV 21. júní árið 1994. Samþykkti hann að leyfa fíkniefnalögreglunni að setja hlerunarbúnað í símann sinn og á heimilið sitt til að koma upp um eiturfjaringinn. En það var í fyrsta skipti sem hlerunarbúnaður var notaður til að koma upp um fíkniefnasölu.

Eftir þær hleranir voru Ólafur


DATTACA LABS

Er þitt fyrirtæki tilbúið fyrir GDPR?

Skoðaðu málið á Dattacalabs.com

Íð nytjamarkaður til kilur ekkert eftir sig“

sögn formanns



DV 16. júní 2006

Braut gegn fimm stúlkum

Hjá Von og björgum starfar Ólafur Barði Kristjánsson, sem dæmdur var fyrir kynferðisbrot árið 2006. Vilhjálmur segir að Ólafur vinni stundum í afgreiðslu búðarinnar. En sumir aðrir starfsmenn með dóma á bakinu, sem Von og bjargir eru með samning við Fængelsismálastofnun um að hafa, afgreiða ekki í versluninni.

Ólafur Barði Kristjánsson var af ríkissaksóknara 16. janúar árið 2006 fyrir kynferðisbrot gagnvart fimm ungum stúlkum á árunum 1999 til 2005 og einnig fyrir að hafa í vörslu sinni ljósmyndir sem sýndu börn á klámfenginn hátt, þar á meðal þrjár þeirra stúlkna sem hann braut gegn en þær voru á aldrinum fjögurra upp í tólf ára þegar brotin áttu sér stað og tengdust dætrum Ólafs vináttuböndum.

Í dóminum kemur fram að sumarið 1998 hafi hann kafað innanklæða á kynfærum níu ára gamallar stúlku á tjaldsvæði á Þingvöllum og látið hana fróa sér. Að morgni nýársdags árið 1999 lét hann þriggja ára gamla stúlku fróa sér, girti niður um hana og rassskelti. Aðfaranótt mánu-

dagsins 21. mars árið 2005 kom hann nakinn inn í herbergi þar sem tólf ára gömul stúlka lá í rúmi, strauk henni um bak, rass og innanvert læri innanklæða. Ólafur var handtekinn þennan dag og við húsleit á heimili hans fundust 210 barnaklámmyndir í tölvu hans. 16 þeirra hafði hann tekið sjálfur af brotapolum en myndir af tveimur öðrum þolendum Ólafs fundust þar. Einni myndinni var skeytt saman við mynd af óþekktum nöktum karlmanni þannig að liti út fyrir að ung stúlka sleikti lim karlmannsins.

Ólafur var dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar í héraðsdómi þann 15. maí 2006 og til að greiða stúlkunum frá 100 til 800 þúsund krónur í skaðabætur, auk málskostnaðar. Þann 1. febrúar árið 2007 mildaði Hæstiréttur fangelsisrefsinguna í átján mánuði.

Sumarið 2011 var Ólafur aftur tekinn með barnaklám og fundust þá 15.327 slíkar ljósmyndir og níu hreyfimyndir í tölvu hans. Hlaut hann fimm mánaða fangelsisdóm.

„Með fortíð fólks, ég er ekki að velta mér upp úr þessu. Það er miklu frekar að ég finni til með fólki sem að hefur lent í óhamingjugarðinum. Ég er ekki að réttlæta gjörðir annarra,“ segir Vilhjálmur.

Er það ekki ábyrgðarhluti að menn með svona dóma komi nálægt afgreiðslu?

„Er það rétt hjá þér? Eiga menn engrar uppreisnar von? Ég vissi ekkert að Óli hefði lent í þessu þegar ég hitti hann og ég hafði ekki hugmynd um að Hallur hefði lent í einhverju veseni. Ég get svarið það, það kom bara upp einn daginn. Mér kemur það mjög lítið við hvað menn hafa þurft að prófa

í ógæfugarðinum. Ég hef þurft að prófa það sjálfur.“

Uppreist æra

Umtalaður Hallur er Hallur Gunnar Erlingsson, fyrrverandi lögreglu- maður og fyrrverandi stjórnar- maður hjá Von og björgum sem var dæmdur í héraðsdómi 28. apríl árið 2003 fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum á aldrinum ellefu til sextán ára sem allar tengdust honum fjölskylduböndum og fékk hann átján mánaða fangelsisdóm. Var dómurinn staðfestur í Hæstarétti 20. nóvember sama ár.

Í dómunum kemur fram að á árunum 1995 til 2000, hafi hann margsinnis brotið á stúlkum frá ellefu ára aldri með því að strjúka brjóst hennar, læri og kynfæri utan og innan klæða og reynt ítrekað að stinga tungu sinni upp í hana.

Það sama var uppi á teningnum gagnvart annarri stúlkum sem Hallur braut á frá ellefu til sextán ára aldurs. Hann strauk margsinnis brjóst hennar, maga, læri og kynfæri bæði utan og innan klæða og reyndi ítrekað að stinga tungu sinni upp í hana. Gegn þriðju stúlkunni, tólf ára, braut hann árið 2002 með því að taka um brjóst hennar, taka utan um hana og kyssa í þriggja á hálsinn.

Hallur fékk uppreista æru árið 2010 og var brotapolum það ekki ljóst fyrir en sjö árum síðar þegar umræðan um uppreista æru barnaníðinganna Róberts Downey og Hjalta Sigurjóns Haukssonar komust í hámmæli. Anna Signý Guðbjörnsdóttir, einn brotapolanna, sagðist í viðtali við RÚV líða eins og brot Halls hefðu verið þurrkuð út. ■



Vandaðar innréttingar

Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!



Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Vilhjálmur Svan

Gunnarsson og Guðmundur Gestur Sveinsson handteknir 31. ágúst og svo koll af kolli. Ólafur var ákærður fyrir að vera frumkvöðull, fjármögnunaraðili og stjórnandi fíkniefnainnflutnings árin 1992 og 1993. Samanlagt hjá hópnum voru þetta níttján ferðir og heildarmagnið talið vera 45 kíló af hassi og sex kíló af amfetamíni og var Ólafur sakaður um að eiga aðild að tólf þeirra.

Eins og áður sagði voru átján manns kærðir fyrir mismikla aðkomu að starfsemi, sumir fyrir innflutning en aðrir sölu. Þann 20. júní árið 1994 voru fimmtán einstaklingar dæmdir í alls 20 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur og fékk Ólafur þyngsta dóminn, fjögur ár og sex mánuði. Vilhjálmur Svan fékk átján mánaða dóm. Með brotum sínum hafði Vilhjálmur rofið skilorð og var sá dómur tekinn með inn í refsinguna en það var virt til refsilækkunar að hann hafi leyft lögreglunni að hlera.

Árið 2004 var Vilhjálmur kosinn formaður Samhjalpar, sem rekur meðferðarheimili, kaffistofu og fleira fyrir fíkla og áfengissjúklinga. Þar sá hann um nytjamarkað félagsins frá 2009 en í febrúar síðastliðnum var Vilhjálmi sagt upp af hagræðingar- ástæðum að sögn Varðar Levís Traustasonar framkvæmdastjóra.



Erlendir ferðamenn skulda spítalanum hálfan milljarð

■ Hafa afskrifað 218 milljónir síðan 2012 ■ Hjartaskipti kosta tæpar níu milljónir króna

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ósjúkratryggðir einstaklingar, sem í flestum tilvikum eru erlendir ferðamenn, skulda Landspítala Íslands rúmlega 500 milljónir króna vegna

heilbrigðisþjónustu sem spítalinn hefur veitt þeim. Í sumum tilvikum eru þessir einstaklingar ekki borgunarmenn fyrir þjónustunni því alls hefur Landspítalinn afskrifað um 218 milljónir króna frá árinu 2012 vegna slíkra einstaklinga. Þetta kemur fram í svari

Landspítalans við fyrirspurn DV.

Það sem af er árinu hafa 1.068 ósjúkratryggðir einstaklingar þurft að leita sér hjálpar hjá Landspítalanum. Það er á svipuðum slóðum og á sama tíma árið 2017, en þá slösuðust yfir 3.000 manns yfir allt árið, flestir yfir sumarmánuðina.

Gefið út reikninga fyrir milljarð

Á þessu tímabili hefur Landspítalinn gefið út reikninga á ósjúkratryggða einstaklinga sem nema tæpum einum milljarði króna. Nánar tiltekið er tímabilið sem um ræðir fyrstu þrjú mánuðir ársins 2018, þar sem reikningar fyrir 206 milljónir króna voru gefnir út og allt árið 2017 þar sem reikningar fyrir 770 milljónir króna voru gefnir út.

Þessir ósjúkratryggðu einstaklingar, sem í flestum tilvikum eru erlendir ferðamenn, en geta einnig verið hælisleitendur og erlendir starfsmenn sem taka að sér tímabundna vinnu hérlendis, borga aðeins hærra verð en venjulegir sjúkratryggðir Íslendingar. Landspítalinn notar svokallaða DRG-verðskrá til þess að reikna út verð á þjónustu sinni. Í skriflegu svari frá Landspítalanum kemur fram að „DRG-verðskráin byggist á starfsemi- og kostnaðargreiningu á allri þjónustu spítalans með notkun alþjóðlegs starfsemisflokunarkerfis og kostnaðarkerfis Landspítalans sem færir nær allan rekstrarkostnað spítalans niður á einstakar legur og komur.“

Verðskráin byggist því á meðal-kostnaðarverði þjónustunnar sem veitt er. Verðskrá fyrir ósjúkratryggða gerir ráð fyrir ýmsum viðbótarkostnaði sem undanskilinn er í fyrnefnda kostnaðarkerfinu. Til dæmis má nefna beinan kennslukostnað spítalans sem og vísindakostnað, fjárfestingarframlag og meiriháttar viðhald.

Í svari Landspítalans kemur fram að erlendir sjúklingar þurfi iðulega meiri þjónustu en íslenskir sjúklingar. Til dæmis vegna túlkajónustu, þýðingu

gagna, öflunar heilbrigðisupplýsinga frá heimalandinu, aðstoðar við aðstandendur og samskipta við tryggingafélög svo eitthvað sé nefnt. Landspítalinn innheimtir ekki sérstakt gjald vegna þessarar viðbótajónustu.

Umskurður kostar 680 þúsund krónur

DV óskaði eftir upplýsingum um þá upphæð sem Landspítalinn hefur neyðst til þess að afskrifa undanfarin ár. Í svari spítalans kemur fram að frá árinu 2012 hefur stofnunin afskrifað rúmlega 218 milljónir króna. Mest árið 2015 þegar reikningar á 178 einstaklinga að heildarupphæð 57,3 milljónir króna voru afskrifaðir. Rétt er að geta þess að langan tíma getur tekið að innheimta slíka reikninga að utan og því eru kröfurnar misgamlar þegar þær eru afskrifaðar. Þannig ná afskriftir ársins 2014 til krafna sem gefnar voru út árið 2005, svo dæmi sé tekið.

Á vef Landspítalans er hægt að kynna sér verðskrá spítalans fyrir ósjúkratryggða einstaklinga. Meðal annars myndu hjartaskipti kosta um 9,9 milljónir króna en rétt er að taka fram að þá er hjartað ekki innifalið. Þá kostar um eina milljón króna að fá aðstoð vegna hjartaáfalls og umfangsmikil aðgerð á auga kostar 1,1 milljón króna. Verðmiðinn á meðferð vegna heilahristings hljóðar upp á um 960 þúsund krónur en meðferð vegna alvarlegra heilaskemmda kostar 1,3 milljónir króna. Ef svo ólíklega vill til að erlendir ferðamenn ákveði skyndilega að láta umskera sig þá er verðið á slíkri aðgerð 680 þúsund krónur. ■



Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is

- ➔ Inni- og útimerkingar
- ➔ Sandblástursfilmur
- ➔ Striga- og ljósmyndaprentun
- ➔ Bílamerkingar
- ➔ Gluggamerkingar
- ➔ Prentun á símahulstur
- ➔ Frágangur
- ... og margt fleira

XPRENT

Hönnun & Merkingar

SUNDABORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



**Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!**
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Við teljum okkur ekki að þurfa að útskýra það frekar



Lög og reglur þverbrotnar í stjórnsýslunni í Kópavogi

Allt gert til að halda starfsemi eins stærsta spilasalar landsins í rekstri

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Veitingastaðurinn Videomarkaðurinn, sem er einnig einn stærsti spilasalar landsins, hefur haft vínveitingaleyfi frá árinu 2008. Ekki er úrvalið mikið á þessum veitingastað og einu veitingarnar sem staðurinn býður upp á eru pylsur, en úrvalið af sós-um er þó ágætt. Því miður er ekki lengur hægt að leigja vídeospólur hjá þeim, þótt að nafnið á staðnum gefi það til kynna, en þar er þó mikið úrval af rafretum í boði. Þó svo að staðurinn falli ekki undir skilgreiningu laga um veitingastaði og hafi aldrei gert síðan 2008 fá hann aftur og aftur endurnýjað vínveitingarleyfi sitt. Þó svo að staðurinn sé einn stærsti spilasalar landsins með um 9% af öllum spilakössum landsins er hann ekki skilgreindur sem spilasalur, heldur sem veitingastaður. DV hefur gögn undir höndum sem sýna hvernig byggingarfulltrúar Kópavogs og fulltrúar heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs hafa síðan 2008 ekki farið að lögum og reglum í um-

sögnum sínum til sýslumanns vegna útgáfu vínveitingaleyfis. Er það lagaleg skylda þessara stofnana að gefa réttar upplýsingar til sýslumanns ásamt því að heilbrigðiseftirlitið hefur skilgreiningarskyldu varðandi starfsemi. DV hefur áður fjallað um vínveitingaleyfi Videomarkaðurinn. Þar kom fram að fyrirtækið hafi bæði selt ungmennum undir aldri áfengi ásamt því að bjóða viðskiptavinum sínum að drekka á staðnum eða taka með út af staðnum. Samkvæmt áfengislögum er óheimilt að taka áfengi út af vínveitingastað.

Heilbrigðiseftirlitið misskilur löginn sem þeir eiga að framfylgja

Þegar gögn málsins eru skoðuð þá er gífurlega erfitt að sjá hvernig fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins tókst að skilgreina Videomarkaðinn sem veitingastað þar sem ekkert eldhús er á staðnum eða sæti fyrir gesti samkvæmt teikningum, séu sætin fyrir framan spilakassana undanskilin, en afar erfitt er að sitja með disk og hnífapör í þeim sætum.

DV hafði samband við Guð-

mund H. Einarsson, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, til að fá útskýringar á því, samkvæmt þeirra eigin orðum í þeirra eigin eftirlitsskýrslu, hvernig sjoppa með pylsusölu og nammibar gæti verið skilgreind sem veitingastaður. Einnig hvernig staðurinn fór úr því að vera, samkvæmt eftirlitsskýrslu þeirra eigin eftirlits, úr sjoppu með pylsusölu og nammibar í að verða matvöruverslun og veitingastofa í að verða svo allt í einu veitingastaður þegar eftirlitið sendi frá sér umsögn til sýslumanns vegna útgáfu vínveitingaleyfis í flokki þrjú. Sá flokkur er ætlaður fyrir umfangsmikla áfengisveitingastaði þar sem leikin er hávær tónlist og staði sem kalla á meira eftirlit eða löggæslu. Guðmundur tjáði DV að samkvæmt hans skilningi á lögum og reglum þá sé ekkert athugavert við þetta og ekkert óeðlilegt við þessi vinnubrögð. Þegar hann var spurður af hverju umsögnin til sýslumanns vegna útgáfu vínveitingaleyfisins og svo starfsleyfis staðarins sem eftirlitið gæfi út væri ekki sú sama, sagði Guðmundur að

svona túlkaði eftirlitið þetta. „Við teljum okkur ekki að þurfa að útskýra það frekar.“ Aðspurður hver bæri ábyrgð á þessum ákvörðunum svaraði Guðmundur: „Ég ber auðvitað ábyrgð á öllu.“ Einnig var hann spurður af hverju heilbrigðisnefnd hefði ekki verið upplýst um að í eftirlitsskýrslu eftirlitsins segði orðrétt: „um er að ræða sjoppu með pylsusölu og nammibar“.

„Það er líka þarna veitingahús, það er verið að selja áfengi þarna. Svona var þetta afgreitt og þú hefur gögnin,“ sagði Guðmundur. Taka skal fram að Videomarkaðurinn selur áfengi, þökk sé jákvæðum umsögnum meðal annars heilbrigðiseftirlitsins, byggingarfulltrúa Kópavogs og bæjarráðs Kópavogs sem öll gáfu veitingastaðnum Videomarkaðnum jákvæða umsögn um rekstur vínveitingastaðar í Hamraborginni.

Skilgreiningin á veitingahúsi samkvæmt lögum er staður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu á framreiðslu, svo það er augljóst að heilbrigðiseftirlitið er

ekki að skilgreina þennan stað rétt samkvæmt lögum.

Heilbrigðisnefnd sér um eftirlit með heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar. Hörður Svavarsson er formaður þeirrar nefndar. Allar umsagnir sem heilbrigðiseftirlitið sendir frá sér fara í gegnum nefndina og þegar hann var spurður út í ítrekuð brot eftirlitsins og hvernig eigi að bregðast við þeim sagði hann: „Það er bara eitthvað stjórnsýslumál sem þarf að höndla samkvæmt stjórnsýslulögum, við þurfum bara að leita okkur ráðgjafar vegna þess. Ef þetta er gefið út á röngum forsendum þá hlýtur að vera hægt að afturkalla starfsleyfið.“

Byggingarfulltrúi skoðaði ekki allt húsnæðið

Jóhannes Pétursson, aðstoðarbyggingarfulltrúi Kópavogs, gaf jákvæða umsögn fyrir hönd byggingarfulltrúa til sýslumanns varðandi Videomarkaðinn. Þegar hann var spurður hvort hann hafi farið í vettvangsferð á staðinn til að geta gefið rétta umsögn viðurkenndi hann að hann hefði ekki skoðað allt húsnæðið en sagðist hafa farið þangað reglulega. ▶



Allar rúturnar frá RAG Import-Export eru með **fullri verksmiðju ábyrgð**. Við erum þeir einu sem eru með full leyfi frá Mercedes Benz verksmiðjunum til að framleiða 4x4 21 manna bíla.

Allar rútur eru **ríkmannlega útbúnar**. Hátt og lágt drif, brekkuhemill, sjálfskipting, cruse control, ísskápur, tvö sjónvörp, leiðsögumannakerfi, USB-tengi o.fl.

RAG

import - export



Helluhraun 4, Hafnarfirði / Sími 565 2727 & 892-7502 / www.rag.is

DELUXE RÚTUR Á GÓÐU VERÐI!



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is



„Ég kaupi mér oft pylsu þarna eða eitthvað,“ sagði hann til að fullvissa blaðamann um að hann þekkti nú vel til staðarins.

Blaðamaður spurði hvort hann hefði kynnt sér lögin sem hann átti að taka tillit til þegar hann skoðaði húsnæðið og hann svaraði: „Ég las ekki þessi lög áður en ég fór yfir þetta.“ Seinna í samtalinu viðurkenndi hann að hann hefði lesið lögin, en ekkert sérstaklega þælt í þeim. Þegar blaðamaður spurði hvort hann hefði einfaldlega afritað svar byggingarfulltrúa vegna endurnýjunar á leyfinu frá árinu 2010, þar sem þau líta nánast alveg eins út, staf fyrir staf, svaraði Jóhannes einfaldlega: „Já, ég gerði það.“ Þegar teikningar af staðnum eru skoðaðar er ekkert eldhús til að matreiða ofan í gesti á teikningunum né er gert ráð fyrir sætum fyrir verðandi matargesti, að frátöldum sætum sem eru fyrir framan spilakassana. Þessar teikningar hafa alltaf verið sendar með umsögnum bæði byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlitsins til sýslumanns síðustu 10 ár og hefur vinnveitingaleyfið alltaf verið endurnýjað þrátt fyrir að teikningar sýni ekkert eldhús fyrir veitingastaðinn.

Bæjarráð veitti jákvæða umsögn byggt á röngum gögnum

Til þess að staður geti fengið vinnveitingaleyfi þarf hann að fá jákvæða umsögn frá nokkrum aðilum, meðal annars bæjarráði þess sveitarfélags sem hann er rekinn í. Bæjarráð Kópavogs hefur frá 2008 alltaf gefið Videómarkaðnum jákvæða umsögn vegna leyfisumsóknar staðarins til Sýslumanns höfuðborgarsvæðisins, byggt meðal annars á gögnum sem komu frá byggingarfulltrúa bæjarins. Svo virðist sem bæjarráð hafi ekki haft réttar upplýsingar í



höndunum þegar það gaf staðnum aftur og aftur jákvæða umsögn, því eins og segir hér að framan skoðaði aðstoðarbyggingarfulltrúi ekki alla bygginguna við síðustu umsókn fyrirtækisins ásamt því að taka ekki eftir því að ekkert eldhús eða sæti fyrir matargesti er á teikningunum og einu teikningar sem hafa verið notaðar við allar umsóknir síðan 2008 eru frá árinu 2005. Engar breytingar hafa verið á húsnæði síðan.

DV hafði samband við Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóra Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, og fór yfir málið með honum. Að hans sögn ætti þetta að vera skilgreint sem söluturn og aldrei að vera skilgreint sem veitingastaður miðað við lýsingar á staðnum og aldrei ætti að veita söluturni vinnveitingaleyfi í flokki þrjú. Svo virðist sem vinnubrögðin í Kópavogi séu ekkert lík þeim vinnubrögðum sem þekkjast í Reykjavík.

Einnig samkvæmt heimildarmönnum DV, sem þekja vel til þessara mála, þykir afar furðulegt að söluturn komist svo lengi upp með að fá ítrekað endurnýjun á vinnveitingaleyfi þegar hann augljóslega uppfyllir engin skilyrði til þess og að engin eftirlitsstofnun hafi gripið fyrr inn í útgáfu vinnveitingaleyfisins til þessa söluturns.

Eins og sagt var framfar í greininni er Videómarkaðurinn einn stærsti spilasalur landsins en samt sem áður er hann ekki með starfsleyfi til slíkrar starfsemi. Til að getað haft spilakassa með stærri vinningum, eins og spilakassa þar sem fólk getur unnið gullpottinn, þarf staður annaðhvort að vera skráður sem vinnveitingastaður eða spilasalur samkvæmt reglugerð dómsmálaráðuneytisins. Séu ársreikningar fyrirtækisins skoðaðir þá sést vel að ein meginstarfsemi Videómarkaðarins er að reka spilasal þar sem heildartekjur af fjárhættuspilum árin 2015 og 2016 skiluðu fyrirtækinu 207 milljónum í tekjur. Langstærstur hluti húsnæðisins fer einnig undir spilakassa. Það er mun einfaldara að fá leyfi fyrir vinnveitingahúsi en spilasal og er ekki erfitt að sjá af hverju fyrirtækið hefur farið þá leið að sækja um leyfi fyrir vinnveitingar í stað spilasalar. ■

HÚSFÉLAGIÐ ER Í GÓÐUM HÖNDUM HJÁ OKKUR



770 7997



malarameistari.is



fyrirtak@fyrirtak.is

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

PHILIPS TILBOÐ

HM 2018 Á HEIMAVELLI



32" Philips sjónvarp fylgir völdum 65" og 75" sjónvörpum

Ný og betri upplifun

Nýtt og endurbætt viðmót með Android 6.0 stýrikerfi sem einfaldar sjónvarpsupplifunina.

Þú missir ekki af boltanum

Þriggja hliða Ambilight baklýsing eykur þægindi við áhorf og dregur úr álagi á augun með því að endurvarpa litadýrð á nærliggjandi vegg. Þannig dregur Ambilight athyglina á réttan stað og þú sekkur inn í leikinn. Glæsilegt DTS HD Premium Sound hljóðkerfi sér til þess að ekkert fari framhjá þér með djúpum bassa og kristaltærum hljómi. P5

Perfect Picture Engine ásamt HDR Plus myndvinnslu gera stóraukin myndgæði með bjartari litum og meiri dýpt. Aukin skerpa og mýkri hreyfingar svo þú missir aldrei af boltanum.

Öll helstu nútímapægindi

Quad Core örgjörvinn tryggir hraða, snerpu og betri skemmtun. Stílhrein hönnun með þunnum ramma gerir tækin nútímalegri ásamt því að allir helstu tengimöguleikar eru til staðar. Völdum 65" og 75" Philips sjónvörpum fylgir nett 32" sjónvarp að verðmæti 39.995 kr. sem er tilvalið í eldhúsið, sumarbústaðinn eða barnaherbergið.



Philips 65PUS7303

TILBOÐ
179.995

FULLT VERÐ 219.995



Philips 65PUS7803

TILBOÐ
229.995

FULLT VERÐ 259.995



Philips 65PUS8503

TILBOÐ
279.995

FULLT VERÐ 329.995



Philips 75PUS7803

TILBOÐ
369.995

FULLT VERÐ 419.995

PHILIPS

 **Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Sigla án leyfis á Jökulsárlóni

■ Leyfisveitendur koma af fjöllum

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Ferðabjónustufyrirtækið Arctic Adventures siglir með ferðamenn á Jökulsárlóni án þess að vera með leyfi fyrir slíku frá Vatnajökulspjóðgarði. Starfsmenn og stjórnendur þjóðgarðsins komu af fjöllum þegar DV spurði hvort fyrirtækið væri með leyfi fyrir siglingunum.

Samkvæmt heimildum DV óskaði Arctic Adventures eftir leyfi til að sigla með ferðamenn á lóninu í vetur en fékk ekki svör frá þjóðgarðinum fyrr en í maí. Var þá búið að skipuleggja siglingarnar og jafnvel byrjað að fara með ferðamenn út á lónið á gúmmibát. DV fékk það staðfest frá tveimur einstaklingum í svæðisráði suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs að í 10. líð fundargerðar svæðisráðsins frá 16. maí hafi Arctic Adventures verið synjað um leyfi til siglinga á lóninu vegna þess að stjórnunar- og verndaráætlun

„Ég hélt að þeir hefðu tekið upp á föstudaginn og farið. Þjóðgarðsvörður sendi mér skeyti á mánudaginn og sagði mér að þeir væru farnir.“

og skipulag fyrir svæðið er ekki tilbúið. Í 15. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð, er fjallað um samninga við þjónustuaðila. Þar segir meðal annars: „Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án samnings um slíka starfsemi við Vatnajökulspjóðgarð.“ Stjórnarmaður í svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs sem DV ræddi við taldi að þar sem svar þjóðgarðsins hefði borist seint þá gæti verið að fyrirtækið hafi túlkað það sem samþykki á því að hefja siglingar.



Skjaskot af vef Arctic Adventures frá 7. júní 2018 þar sem boðið er upp á siglingar á lóninu. Samkvæmt öruggum heimildum DV var fyrirtækinu synjað um leyfi til siglinga á lóninu þann 16. maí síðastliðinn.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri á Hornafirði og formaður svæðisráðs suðursvæðis, sagði í samtali við DV að Arctic Adventures væri ekki að sigla á lóninu í dag. „Ég frétti að þeir hefðu byrjað í vor, sölubíllinn þeirra var kominn, ég veit líka að framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs sendi þeim bréf og benti þeim á að þeir hefðu ekki fengið leyfi og mættu þar af leiðandi ekki sigla á lóninu eða vera með atvinnustarfsemi á svæðinu. Það stendur í lögum að það megi beita allt að 500 þúsund króna dagsektum. Þetta er í lögum og bréfið vitnar í lögum

reikna ég með,“ sagði Björn Ingi og bætti við að miðað við öll samskiptin í kringum málið þá gæti ekki annað verið en að framkvæmdastjóra Arctic Adventures væri fullkunnugt um að fyrirtækið mætti ekki sigla á lóninu. DV fékk myndir af siglingum Arctic Adventures og þann sama dag var rætt við Björn Inga. Ekki náðist aftur í Björn Inga við vinnslu fréttarinnar.

Viðkvæmt mál

Erfiðlega gekk að fá svör frá Vatnajökulspjóðgarði og fannst það greinilega á öllum sem DV ræddi við um málið að það væri mjög viðkvæmt. Til dæmis sagði Hugu Harpa Reynisdóttir, varaformaður svæðisráðs suðursvæðis, að blaðamaður „næði engu upp úr henni með siglingar Arctic Adventures á Jökulsárlóni.“ Ekki náðist í Þórh Ólafsson, framkvæmdastjóra þjóðgarðsins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gengum síma og tölvupóst, bæði í vikunni og síðustu viku.

Sömmuleiðis gekk erfiðlega að ná sambandi við einhvern á skrifstofu þjóðgarðsins sem gat svarað hvort fyrirtæki þyrftu leyfi til þess að starfa innan þjóðgarðsins eða ekki, og hvort Arctic Adventures væri með leyfi til siglinga á Jökulsárlóni. Þess má geta að þjóðgarðurinn er með átta mismunandi starfsstöðvar á landinu. Að lokum vísaði Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, á Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðing og stjórnarformann Vatnajökulspjóðgarðs. Bætti Valbjörn við að það væru líklegast hundruð aðila sem hefðu áhuga á að reka starfsemi innan þjóðgarðslnunnar.

Ármann sagði í samtali við DV í gær, fimmtudag, að það væri ekki í hans verkahring að stjórna daglegum rekstri á þjóðgarðinum. Hann gat þó staðfest að fyrirtæki þyrftu leyfi frá þjóðgarðinum til að starfa

Stjórnendur Vatnajökulspjóðgarðs sem DV ræddi við sögðu allir að það skipti ekki máli hvort Arctic Adventures væri með leyfi eða ekki því fyrirtækið væri ekki að sigla á Jökulsárlóni. DV hefur undir höndum myndir frá sama degi sem sýnir ferðamenn á siglinum á lóninu á vegum fyrirtækisins.



Gúmmibátur á vegum Arctic Adventures á Jökulsárlóni. Tvö fyrirtæki hafa leyfi til að sigla mótórbátum á lóninu, Jökulsárlón og Ice lagoon. Þar að auki býður eitt fyrirtæki upp á kajaksiglingar og svo eru tveir matarvagnar með leyfi til starfsemi á svæðinu.

innan hans, gilti það einnig um siglingar á Jökulsárlóni. Varðandi Arctic Adventures sagði Ármann að þeir væru farnir. Eftir að blaðamaður vitnaði í orð starfsmanns á svæðinu sem sagði DV að Arctic Adventures væri enn á

svæðinu, sagði Ármann: „Ég hélt að þeir hefðu tekið upp á föstudaginn og farið. Þjóðgarðsvörður sendi mér skeyti á mánudaginn og sagði mér að þeir væru farnir.“

Skellti á

Arctic Adventures býður enn upp á siglingar á lóninu, miðað við vef fyrirtækisins í gær. DV ræddi við Jón Þór Gunnarsson, forstjóra Arctic Adventures, í tvígang. Í fyrra skiptið spurði blaðamaður almennt út í leyfi til starfsemi innan þjóðgarðsins. „Sko. Ég veit ekki hvernig ég á að svara þessu því við störfum í þjóðgarðinum í dag á mörgum stöðum. Þannig er það nú bara“ sagði Jón Þór og bætti við fyrirtækið hefði verið í góðu samstarfi við þjóðgarðinn. Varðandi synjun á leyfi til siglinga á Jökulsárlóni sagði Jón Þór að hann gæti ekki staðfest að fundargerðin vísaði til Arctic Adventures. „Lestu fyrir mig fundargerðina og segðu mér hvar minnst er á Arctic Adventures. Það er hvergi minnst á Arctic Adventures, þannig að við teljum að það hafi aldrei verið fjallað um Arctic Adventures á fundum þjóðgarðsins svo ég viti.“

Jón Þór var mjög hikandi þegar blaðamaður spurði um leyfisveitingar Vatnajökulspjóðgarðs á atvinnustarfsemi og heyrðist það á honum að hann vandaði orðaval sitt vel. „Það er í gangi vinna innan þjóðgarðsins í að búa til atvinnustefnu og verndarstefnu fyrir þjóðgarðinn. Sú vinna hefur verið í gangi í nokkurn tíma og það liggur ekki fyrir nein niðurstaða í þeirri vinnu.“

Eftir að staðfesting fékkst frá Vatnajökulspjóðgarði á að Arctic Adventures væri ekki með leyfi til siglinga á Jökulsárlóni hafði blaðamaður aftur samband við Jón Þór, sagði hann eftir að erindið var borið upp: „Heyrðu. Bara gangi þér vel,“ og skellti á. ■

HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smíðjuvegur 4C
202 Kópavogur

Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is

hagblikk.is

Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*

Toppogar á margar
gerðir bíla.



Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.





Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Aldrei ráðherra

Páll Magnússon, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, er ekki vinsæll maður meðal Sjálfstæðismanna í sínum heimabæ, Vestmannaeyjum. Öllu flokksbundnu fólki til hryllings ákvað Páll að styðja annan flokk en sinn eigin í nýafstöðum sveitarstjórnarkosningum. Gildir einu hvort flokkurinn innihaldi allt fólk sem var í Sjálfstæðisflokknum í byrjun ársins. Það er ljóst að baklandið mun seint fyrirgefa þessi svik. Páll hefur verið mjög áhugasamur um að verða ráðherra en hefur í tvígang ekki fengið. Fyrst baklandið í flokknum er farið þá má slá því föstu að Páll verði aldrei ráðherra, eini sénsinn fyrir hann sé að flytjast um flokk og verða ráðherra Viðreisnar í einhverri framtíðarríkisstjórn. Nema hann fari í fullt starf á K100.

Eyðimerkurganga

Svo virðist sem enginn vilji vinna með Miðflokknum og blasir við að flokkurinn verði áhrifalaus í íslenskum stjórnmálum næstu árin. Flokkurinn náði inn níu fulltrúum í þeim 23 sveitarfélögum sem hafa fleiri en 2.000 íbúa. Það er ekki slæmur árangur fyrir flokk sem var stofnaður árið 2017. Flokkurinn hlaut fleiri atkvæði en Framsóknarflokkurinn í sínum fyrstu alþingiskosningum en á enn langt í land með að velja fylgi þeirra í sveitarstjórnnum. Á meðan Miðflokkurinn fékk níu kjörna þá fékk Framsóknarflokkurinn 32. Það vekur þó athygli að enginn vill mynda með þeim meirihluta, spyrja má hvort þetta sé áframhald á einhverri Panamaskjala-geisla-virkni frá Sigmundi Davíð eða hvort flokkurinn eigi bara ekki samleið með neinum, ekki í Fljótsdalshéraði, Hafnarfirði eða Akureyri.



Líf mitt sem blaðamaður

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þegar ég steig inn á ritstjórnarskrifstofu DV fyrir rúmum þremur árum þá gerði ég mér ekki í hugalund hversu furðulegt starf það er að vera blaðamaður á Íslandi. Það eina sem ég einblíndi á var einhver barnslegur draumur um að vinna við skrifir og mögulega hafa einhver smávægileg áhrif á samfélag mitt, helst til hins betra. Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég var að ana út í.

Eitt vissi ég þó, launin í stéttinni eru ekki upp á marga fiska. Þrátt fyrir það er til fjöldi blaðamanna, leik- og grunnskólakennara og sjúkraliða svo dæmi séu tekin. Líklega tilheyri ég því þeim hópi fólks sem hefur ekkert fjármálavít.

En við skulum frekar ræða það jákvæða. Blaðamennska er að mörgu leyti ótrúlega skemmtilegt starf. Maður þarf stöðugt að fylgjast með umræðunni í samfélaginu en ekki síður að leita uppi gleði- og sorgarsögur af samborgurum og kanna hvort viðkomandi er tilbúinn til að deila því með þjóðinni. Ef viðkomandi hefur reyndar brotið á samborgurum þá ræður hann oft engu um það.

Það yljari maði að innan skrifa um gleðilega viðburði í lífi fólks, hringja í það og taka slík viðtöl. Að einhverju leyti verður maður með því móti þátttakandi í þessum gleðilegu atvikum og það er ómetanlegt. Verst er að gleðifrétirnar eru oft miklu minna lesnar en fréttir af hörmungum.

Fréttirnar af þessum hörmungarviðburðum í lífi fólks geta reynt virkilega á. Á stuttum ferli hef ég tekið viðtöl við fólk á lægstu punktum lífs þess og það er með ólíkindum að sjá hvað einstaklingar geta verið sterkir og hugrakkir á slíkum stundum. Ég hef líka hringt í nokkuð marga óskureiða viðmælendur. Einhverja hluta vegna er það oft þegar við erum að fjalla um einhver saka-mál.

Áður en ég byrjaði í blaðamennsku var ég feimin smeðja með lítið sjálfstraust og átti erfitt með að taka því ef einhver talaði illa um mig. Ég er enn feimin smeðja með lítið sjálfstraust en núna er ég ónæmur fyrir því að vera kallaður fáviti eða eitthvað



verra. Ég er ekki alveg viss um hvort það sé jákvæð þróun en það er þó ekki útilokað.

Þá hefur aðeins einn stjórnandi opinberrar stofnunar lýst því yfir að hann muni aldrei tala við mig aftur og Inga Sæland hefur ítrekað gefið í skyn að ég sé illmenni. Þær staðreyndir ná ekki í gegnum skrápinn sem sífellt verður þykkari. Þá hafa nokkrir vafasamir einstaklingar í gegnum árin gefið í skyn að ég yrði barinn eða „myndi hafa verra af“ ef frétt yrði birt. Einn ætlaði meira að segja að koma upp á skrifstofu og skjóta mig og alla samstarfsmenn mína. Ég ætla ekki einu sinni að byrja að ræða eltihrellinn enda er hann búinn að gleyma mér. Held ég.

Fyrsti ritstjórinn minn var Eggert Skúlason og á árdögum mínum í starfi var ég þínu smeykur yfir einni dulbúinni hótun viðmælenda. Eggert horfði á mig með samúðaraugum og sagði síðan, grafalvarlegur, þessi hughreystandi orð: „Ef þú verður barinn Bjösssi, þá verður þú frægasti blaðamaður á Íslandi. Þú færð heilan Kastljóspátt undir þig.“ Svo

fór fréttin í prentun, enginn barði mig og því veit blessunarlega enginn hver ég er. Ég er ekki enn viss um hvort Eggert var að grínast eða ekki.

Allt sem ég hef greint frá hér fyrir framan er smámál miðað við þann stóra vanda sem steðjar að íslenskri blaðamennsku, tímaleyfði. Blaðamenn þurfa að framleiða ógrynninn öll af fréttum á hverjum einasta degi. Hver og einn þarf að hafa augun opin, nánast öllum stundum, og mæta til vinnu með hugmyndir að fréttum. Stundum bjarga lesendur okkur með því að senda inn ábendingar sem við grípum fegins hendi en stundum heyrir ekki múkk í símanum og þá getur nagandi kvíði tekið við. „Um hvað á ég að skrifa?“ Yfirleitt hafa menn lítt tíma til að hugsa um slíkt, klukkan tifar og alltaf er ósveigjanlegur skilafrestur handan við hornið.

Afleiðingin er sú að íslensk blaðamennska getur oft orðið æði yfirborðskennnd og sjaldan gefst tími til þess að kryfja málin til hlítar eins og er samfélagslega mikilvægt. Á þessu eru að sjálf-

sögðu gleðilegar undantekningar en betur má ef duga skal. Þar held ég að smæð markaðarins nánast krefjist þess að gripið sé til sér-tækra aðgerða til stuðnings fjölmiðlum. Framlag frá ríkinu myndi gera mikið í þeim efnum og það er lausn sem lengi hefur verið talað um en aldrei tekst á flug.

Að lokum er hér eitt atvinnuleyndarmál. Stundum verða útgáfudagar ofboðslega erfiðir. Fréttir og viðtöl skila sér seint, ekki næst í viðmælendur og það sem lagt var upp með um morguninn verður allt öðruvísi að kvöldi. Í öllu stressi þessa útgáfudags taldi ég til dæmis að allt efni væri komið en rak mig síðan á að ég hafði gleymt að senda út spurningu á viðmælenda varðandi vikulegan dálk sem stundum er hér neðar á þessari síðu og kallast „Með og á móti“. Nú voru góð ráð dýr og þess vegna þurfti ég í mikilli tímaþröng að skrifa mjög langan leiðara sem myndi ná yfir meirihluta síðunnar og kannski með óvenju stórrri mynd. Svona er nú blaðamennskan skemmtileg. ■


Spurning vikunnar

Á að leyfa umskurð drengja?




„Nei, til hvers?“

Auður Jónsdóttir



„Aðeins eftir að manneskjan er orðin sjálfráða.“

Þórlundur Viktor Hreinsson




„Nei, mér finnst það algjört rugl.“

Halldóra Ívarsdóttir



„Nei, þetta bitnar á börnunum seinna en ekki foreldrunum.“

Eiríkur Hansen



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkl

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



Fyrsti rabbíni Íslands:

„Við, samfélag gyðinga á Íslandi, tökum ekki pólitíska afstöðu og skiptum okkur því ekki af þessari deilu“

„Foreldrum er treyst fyrir umskurði“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Rabbíninn Avi Feldmann, eiginkona hans Mushky og tvö börn þeirra eru nýkomn til landsins og munu þau

sjá um að skipuleggja og halda utan um trúarstarf gyðinga á Íslandi. Málefni gyðinga hafa verið mjög til umræðu á Íslandi undanfarna mánuði eftir að frumvarp um bann við umskurði drengja var

lagt fram á Alþingi í vetur. Kristinn hjá DV ræddi við Avi sem hyggst dvelja hér til langframa.

Avi er 27 ára gamall og frá Brooklyn-hverfi í New York og eiginkona hans, Mushky, er ári yngri og frá

Gautaborg í Svíþjóð. Avi er mjög rólegur og yfirvegaður, ungur maður, sem virðist vera hvort í senn nútímamaður og gömul sál.

Trúin hefur ávallt verið lykilþáttur í lífi hans og snemma fékk hann áhuga á að verða rabbíni, líkt og faðir hans sem er menntaður rabbíni en stundar aðallega fræðiskrif. Eftir menntaskóla hélt Avi í rabbínanám í Manchester á Englandi, New Jersey í Bandaríkjunum og Norður-Ástralíu og útskrifaðist hann sem vígður rabbíni árið 2013. Eftir það kynntist hann Mushky, sem er kennari og sænskur gyðingur, og fluttust þau saman til Berlínar þar sem þau störfuðu um tíma. Hann segir:

„Það sem mig langaði alltaf til að gera var að fara á einhvern stað þar sem var samfélag gyðinga en enginn rabbíni. Þar gæti ég gengið inn í samfélagið og skapað tækifæri fyrir fólk til iðka trúna. Á Íslandi er einmitt slíkt samfélag þótt það sé ekki skráð trúfélag. Hér hafa verið haldnar gyðinglegar hátíðir af almennum borgurum og það er þörf fyrir að festa þetta betur í skorður.“

Mun flytja inn sérfræðinga til að umskera

Avi og Mushky komu til Íslands í tvígang í vetur áður en þau fluttu hingað í maí síðastliðnum. Honum líst vel á land og þjóð og segist aðeins hafa fundið fyrir velvild. Eftir að hafa kynnst gyðingum á Íslandi ákváðu þau að þetta væri staðurinn fyrir þau. Sumir hafa sett komu hjónanna í samhengi við frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um bann við umskurði

ungra drengja líkt og er í gildi við umskurði stúlkna. En Avi hafnar því alfarið að koma fjölskyldunnar tengist frumvarpinu á nokkurn hátt.

„Við ákváðum að koma og ganga inn í samfélag gyðinga hér af þeim ástæðum sem áður voru nefndar og það hefur ekkert að gera með frumvarpið. Fréttirnar af hvoru tveggja komu um svipað leyti en ákvörðun okkar var tekin áður en frumvarpið var lagt fram. Við komum hingað til að aðstoða fólk og fræða um þessa hluti, um feðurina sem býr í gyðingdómnunum en ekki til að þrýsta á fólk eða reyna að hafa áhrif á umræðuna með áróðri.“

Hversu mikilvægur er umskurður fyrir gyðinga?

„Umskurður er einn af grundvallar þáttum í gyðingdómi. Þetta er Mitzvah, eða boðorð, sem hefur fylgt okkur í árþúsundir og við trúum mjög sterkt á trúfrelsi, ekki aðeins fyrir okkur heldur fyrir alla. Við fögnuðum þeirri nefnd sem lagði til að frumvarpinu yrði vísað frá. Þetta styrkti að gyðingdómur gæti átt stað á Íslandi líkt og önnur trúarbrögð.“

Framkvæmir þú umskurði?

„Nei, það gera sérfræðingar sem kallast Mohel. Þeir læra þetta líkt og læknar sem framkvæma skurðlækningar og taka sérstakt próf í umskurði. Ég hef aldrei framkvæmt slíkan skurð en ef það þyrfti að umskera þá myndum við ráða Mohel inn að utan til að framkvæma hann.“

Erum við ekki að taka valið af barninu með þessari aðgerð?

„Eins og ég sagði áður þá er umskurður ákaflega mikilvægur ▶

Gerid gæða- og verðsamanburð

Ný og rúmbetri verslun

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD

20% afsláttur

vefverslun svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

RÚMFÖT & LÖK mikið úrval

HANDKLÆÐI Mikið úrval

SLOPPAR fyrir bæði kyn

Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líkleggra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Mitzvah í gyðingdómi, algjör grundvallarþáttur, og hefur til dæmis forgang fram yfir friðhelgi Yom Kippur-hátíðarinnar.“ Yom Kippur er helgasti dagur gyðinga, haldinn um miðjan september. Avi leggur áherslu á orð sín þegar hann segir:

„Aðeins eitt hefur forgang fram yfir umskurð og það er heilsa barnsins. Ef barn er ekki reiðubúið fyrir umskurð er honum frestað þangað til heilsa barnsins leyfir. Hvað varðar rétt barnsins þá er umskurður eitthvað sem foreldrum er treyst til að ákveða líkt og mörgum öðrum. Í dag er umskurður leyður í öllum ríkjum veraldar.“

Sýnagóga, barnaskóli og trúarleg baðlaug í sigtinu

Lítur þú á þig sem trúboða?

„Við lítum svo á að við séum að koma með umgjörð utan um trúarlíf gyðinga til landsins. Þetta er þjónusta fyrir fólk sem vill læra um gyðingdóm af fúsum og frjálsum vilja og ekki aðeins gyðinga. Við erum samt ekki að reyna að snúa fólk til gyðingdóms.“

Hversu margir gyðingar búa á Íslandi?

„Það hefur aldrei verið neitt utanumhald um samfélagið þannig að það hafa aldrei verið til staðar nákvæmar tölur, en þetta eru sennilega nokkur hundruð. En við hugsum meira um einstaklingana en fjöldann. Margir af þeim eru innflytjendur, til dæmis frá Norður- og Suður-Ameríku, en aðrir Íslendingar sem komnir eru af dönskum gyðingum sem fluttu hingað fyrr á öldum. Þetta er góð blanda og fólk þekkt vel innbyrðis.“

Avi segir að Ísland sé hentugt land fyrir gyðinga að búa á. Íslendingar séu almennt trúaðir þó að vissulega séu margir veraldlega sinnaðir. Landið sé í raun heimili margra ólíkra trúarbragða og gyðingdómur á sér stað hér.

„Trúfrelsi er okkur sérstaklega mikilvægt og metum við það mikils við bæði þjóðina og ríkisstjórnina að það frelsi sé til staðar.“

Er takmark ykkar að koma á

fót sýnagógu á Íslandi?

„Já, það er framtíðartakmarkið. Núna leigjum við sali undir hátíðir og samkomur, til dæmis á hótélum. En okkur langar til að eignast eigin sýnagógu þar sem við getum beðið og iðkað okkar starfsemi.“

Annað sem Avi vill koma á laggirnar er svokallað Mikvah, sem er nokkurs konar trúarlegur baðstaður. Samkvæmt helgiritum eiga gyðingakonur að baða sig í Mikvah, sérstaklega áður en þær giftast, en mikilvægt er að laugin sé náttúruleg. Avi segir Ísland sérstaklega hentugt þar sem hér séu margar náttúrulegar jarðhitalaugar.

„Vatnið tákna lífið líkt og það sem umlykur okkur í móðurkviði. Mikvah snýst um jákvæða lífsorku og andlega hreinsun og sérstök Mitzvah, eða boðorð, sem gyðingar hafa fylgt í þrjú þúsund ár.“

En sérstaka skóla fyrir gyðingabörn?

„Það er möguleiki en við erum enn þá að læra á þjóðfélagið. Í framtíðinni verður kannski sérstakur skóli fyrir gyðingabörn. Þetta væri skóli þar sem börnunum yrði kennd gyðingleg málefni en auðvitað einnig íslenska og önnur fög.“

Vill einblína á það sem sameinar gyðinga

Avi klæðist svörtum fötum, ber barðahatt og safnar bæði skeggi og bartalokkum, þótt þeir séu enn þá mjög stuttir. Dæmigert útlit fyrir svokallaða rétttrúnaðargyðinga (Hasidic) sem á rætur að rekja til Austur-Evrópu á 18. öld. Avi er samt ekki tamt að skilgreina sig sem slíkan.

„Þetta er kallað það og sumir vilja setja alls kyns merkimiða á okkur en við sjáum okkur sem gyðinga. Í okkar augum er þetta gerviflokkun og allir gyðingar ein þjóð. Við viljum að öllum líði vel og að allir séu velkomnir, alveg sama hver bakgrunnurinn er.“

Er þá enginn munur á síðum gyðinga?

„Ég er ekki að segja það, en okkar sýn er sú að það sé ónauðsynlegt að skoða þá hluti sem aðskilja okkur. Við einblinum á það sem sameinar okkur.“



„Fréttirnar af hvoru tveggja komu um svipad leyti en ákvörðun okkar var tekin áður en frumvarpið var lagt fram“

Kjöt dýra með góð persónuleikaeinkenni

Gyðingar sem iðka trú sína af festu halda sabbatinn frá föstudagskvöldi fram á laugardagskvöld. Avi segir þann dag notaðan til að kúpla sig út úr hraða og amstri þjóðfélagsins og tengjast fjölskyldunni og guði sínum sterkari böndum.

„Við reynum að hvílast eins mikið og við getum. Við verslum ekki og geymum öll símtöl og

erindi þangað til sabbatnum er lokið. Þetta er slökunardagur og fólk sem heldur upp á hann kann að meta þetta. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu því maður verður að prófa til að kunna að meta þetta. Þetta er dagurinn sem við hugsum um það sem skiptir máli, samböndin, fjölskylduna, hugmyndir um tilveruna, trúna og fleira.“

Er nóg af kosher-fæði á Íslandi?

„Við borðum öll dýr sem jórtra og hafa klofnar klaufir og er slátr að á ákveðinn hátt. Til dæmis lömb, nautgripi, dádýr og fleira. Íslendingar veida mikið af ljúf-fengum kosher-fiski, sem er allur fiskur sem hefur ugga og roð; lax, þorsk og fleira. Allir ávextir og grænmeti er kosher. Hingað er líka flutt mikið af erlendum matvælum um mörg þeirra eru sérmerkt kosher. En mörg matvæli eru kosher þótt þau séu ekki sérmerkt. Maður verður þá að gera rannsókn á því hvað er í matnum og hvernig hann er unninn.“

Er þá bannað að borða til dæmis svínakjöt og kolkrabba?

„Já, það er bannað. Torah, trúarrit okkar, er leiðbeiningar lífsins og þar eru reglur um hvað sé kosher. Í Torah eru gefnar margar ástæður fyrir því af hverju aðeins sumt er kosher og ein af þeim er sú að það sem við borðum hafi mikil áhrif á okkur sjálf, það verður hluti af okkur. Í gyðingdómi skiptir miklu máli að dýrin sem við borðum hafi góð persónuleikaeinkenni og séu ljúf. Þegar við borðum dýr sem hafa þessi einkenni byggjum við þau upp í okkur sjálfum. Með því erum við samt ekki að segja að þeir sem borða svínakjöt hafi slæm persónuleikaeinkenni en í gyðingdómi hugsum við sérstaklega mikið um þetta.“

Avi segir einnig að dýrunum verði að vera slátrað á ákveðinn hátt. Ekki megi nota loftbyssur með pinna eins og eru notuð í

íslenskum slátrhúsum heldur verði að nota hárbeytt blað.

„Að nota beitt blað er sársaukalausasta leiðin til að aflífa dýr. Að valda ekki óþarfa sársauka er eitthvað sem skiptir mjög miklu máli í gyðingdómi. Hnífurinn verður að vera fullkominn, það má ekki vera ein hrufa á blaðinu. Síðan verður að setja kjötið í salt sem dregur í sig blóðið, því blóð er ekki kosher. Þetta eru smáatriði sem skipta okkur samt máli.“

Föðuraflinn lifði helförina af

Föðurafl Avi var pólskur gyðingur sem lenti í klóm nasista og var sendur í útrýmingarvæðing, fyrst í smærri þrælkunarvinnubúðir en síðan í Auschwitz þar sem milljónum var útrýmt. Hann lifði stríðið af og flutti til Ísrael ásamt bróður sínum sem einnig var fangi í Auschwitz. Sem ungur maður flutti hann til Bandaríkjanna og kynntist móður Avi, sem er bandarískur gyðingur frá New York. Avi á því rætur á öllum þessum stöðum.

Hversu mikilvægt er Ísraelsríki í augum gyðinga?

„Ísrael er heimaland gyðinga og hefur verið það frá örófi alda, í meira en þrjú þúsund ár en ekki aðeins frá 1948 þegar það varð sjálfstætt ríki. Mjög margir gyðingar hafa búið þar einhvern hluta ævi sinnar og þegar þeir fara með bænir snúa þeir í átt að Jerúsalem.“

Hvað finnst ykkur um þessa deilu og hvernig mynduð þið vilja sjá hana leysta?


„Við, samfélag gyðinga á Íslandi, tökum ekki pólitíska afstöðu og skiptum okkur því ekki af þessari deilu frekar en öðrum. Ég tel mikilvægt að báðir aðilar reyni að skilja afstöðu hvor annars en læt stjórnámálmönnum á svæðinu það eftir að kljást við þetta vandamál.“

ERTU AÐ FARA Í FLUG?
ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT
OG DRYKK



RAIN

Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601



Áfram Ísland



RÁÐSTEFNUR OG VINNUFUNDIR Á LAUGARVATNI

"Í Héraðsskólanum á Laugarvatni er að finna fullkomna aðstöðu fyrir hópefli, vinnufundi og ráðstefnur."

"Hvernig væri að brjóta upp vinnuvíkuna í haust og koma með hópinn á Laugarvatn í góðan mat og gott vinnu-umhverfi í gamla skólanum?"

ÁST OG FRÍÐUR Á LAUGARVATNI

Andi kærleikans svífur yfir Laugarvatni

Verið ávallt velkomin - www.heradsskolinn.is



Elísabet Ronaldsdóttir

greindist með krabbamein á hátindi ferilisins og var henni vart hugað að líf. Með hjálp vina, vandamanna og heimsþekktra vinnufélaga komst hún til heilsu. Beta segir frá lífsreynslunni í einlægum viðtali við elsta son sinn, Mána.

Elísabet Ronaldsdóttir, einn færasti kvikmyndaklippari landsins, stendur á hátindi feril síns. Hún klippti Hollywood-stórmyndina *Deadpool 2* sem nú fer sigurför í miðasölum kvikmyndahúsa um allan heim. Slík verkefni útheimta gríðarlegar fórnir og vinnu en á bak við tjöldin háði Elísabet enn erfiðari baráttu. Hún greindist með alvarlegt krabbamein meðan á verkefninu stóð og um tíma leist aðstandendum hennar ekki á blikuna. DV hefur ítrekað reynt að fá kvikmyndagerðarkonuna í viðtal um þetta ótrúlega tímabil í lífi hennar en ekki haft erindi sem erfiði. Að lokum fór ritstjórn blaðsins krókaleiðir og stakk upp á því að elsti sonur Elísabetar, Máni Hrafnsson, tæki viðtalið fyrir hönd DV. Það hitti í mark og hér á eftir fer einstakt spjall mæðginanna.

Los Angeles, júní 2018

Ég sting kollinum inn í herbergi til mömmu. „Hei mamma, DV var að hafa samband og spyr hvort ég væri til í að taka viðtal við þig?“ Mamma lítur upp úr fartölvunni, ranghvolfir augunum, eins og hún gerir alltaf þegar ég er með eittvert vesen. „Af hverju í ósköpun heldur DV að einhver hafi áhuga á að heyra í mér.“

Ég byrja að þylja upp að hún sé auðvitað stórmerkileg kona, þjóðþekktur kvikmyndagerðarmaður og Hollywoodstjarni... „Bla bla bla,“ grípur hún fram í fyrir mér. „Lí é út ens o einhve Hollywoo-stjana!“ Það er erfitt að skilja nákvæmlega hvað hún er að segja með muninn fullan af lakkrís, þannig að ég held áfram og segi henni að ég geri ráð fyrir að þetta sé tengt frumssýningunni á *Deadpool 2*.

Mamma veit alveg af hverju DV hefur áhuga á viðtali við hana. Hún vinnur kannski við kvikmyndagerð en það er ástæða fyrir því að hún er á bak við tjöldin. Henni hefur alltaf fundist athyglin frekar vandræðaleg.

Ég fullvissa mömmu um að þetta verði ekki yfirborðskent viðtal þar sem ég „name-droppa“ hvað hún hefur unnið náið með mörgum stórstjörnum á borð við Keanu Reeves, Charlize Theron eða Ryan Reynolds. „Þau eru ekkert að leita eftir einhverju ódýru „clickbait“-viðtali með fyrirsögnunum um hvernig þú hafnaðir stórmyndum á borð við *Captain Marvel* og *Robin Hood*. Þau hafa einfaldlega bara áhuga á skoðunum þínum á bransanum, konum í kvikmyndagerð og þú veist, hvernig þér gengur að halda þér á lífi.“

Mamma starir beint í gegnum mig. Ég þekki þetta augnaráð vel, hún er byrjuð að hugsa um eitthvað allt annað. Eftir langa þögn segir hún: „Ertu til í að skjótast í *Seven Eleven* og kaupa meiri lakkrís?“

Ég svara: „Já, ert þú þá til í að gera þetta helvítis viðtal með mér,



„Gleymdist að segja mér hvað lífslíkurnar voru taldar litlar“

þau ætla borga mér fyrir þetta, sko.“ Hún hristir höfuðið hissa: „Ha, í alvöru?“

Næsta morgun setjumst við niður á uppáhaldskaffihúsinu okkar í Venice, Groundworks.

„Jæja, hvar vilt þú byrja?“ spyr mamma hvetjandi. Ég tek upp símann og skrolla gegnum pósthólfid í leit að spurningalistanum sem DV sendi mér. „Sko, hérna er þetta, allar spurningarnar, þetta

verður „ísí-písí“. Já, hver er fyrsta spurningin? Hvar ertu fædd?“ Mamma andvarpar: „Er þetta ekki bara eitthvað sem þú setur í inn-ganginn á viðtalinu?“

Elísabet Ólafía Ronaldsdóttir

fæddist í Reykjavík 6. júlí 1965. Foreldrar hennar eru Ronald Ógmundur Símonarson, lífskústner og Anna Stefánsdóttir þúsundþjalasmiður, dóttir Stefáns Ólafssonar og Júðithar Júlíusdóttir Geirmundssonar ...

Það sem stendur upp úr eftir þessa erfiðu lífsreynslu er hvað fjölskylda, vinir, vinnu- og stéttarfélagar lögðust á eitt við að koma mér til aðstoðar. Fólk er dásamlegt. Ég er líka svo óendanlega stolt yfir ykkur krökkunum öllum, hvað þið sýnduð mikinn styrk og dugnað og hvað þið voruð úrræðagóð. Ég er bara ekkert viss um að þið væruð svona vel heppnuð ef ég hefði pakkað ykkur inn í bómull með reglulega matmálstíma.

„Mamma, ég held að þetta sé ekki nógu myndið, eigum við ekki að taka krabbameinssöguna til að hrista aðeins upp í þessu?“

Vancouver, ágúst 2017

„Við vorum við tókur á Deadpool 2 í Vancouver í Kanada. Þar sem Joey, eiginkona þín og tengdadóttir mín fæddist og ólst upp og þið búið hluta af ári. Allir krakkararnir voru farnir heim að byrja skólann eftir gott sumar. Ég veiktist sama dag og Joi „SJ“ Harris dó á setti. Hún missti stjórn á mótorkjólínu sínu og fór í gegnum glervegg. Það voru allir í sjokki og mikið grátið. Við ákváðum að borða hádegismatinn út af fyrir okkur, klippideildin, og pöntuðum einhverja voða fína hamburgara. Ég gat lítið borðað. Man að ég sagði upphátt að þessum borgara liði ekki vel í maganum á mér. Ég útskýrði þessa miklu vanlíðan með sjokkinu eftir atburði dagsins,“ segir mamma.

Líðan hennar versnaði með hverjum deginum sem leið og hún gat lítið nærst. „Ég fór á milli lækna sem ekkert gátu hjálpað. Mætti til vinnu en eyddi meirihluta dags í hnipri uppi í sófa. Var loks greind með brisbólgu, sagt að hvíla mig og drekka mikið vatn. Brisbólgu? Þetta fannst mér undarlegt. Í fyrsta lagi þurfti ég að gúgla allt um brisið, vissi ekki einu sinni almenninglega hvar það var og í öðru lagi var ég ekki í neinum áhættuhóp fyrir slíkar bólgu. Ég er sko enginn alkóhólisti og skála bara í kaffi. Eftir að þið Joey fóruð til New York, þá sprungu blöðrur sem höfðu myndast á brisinu og ég varð lífshættulega veik. Eyddi viku á spítalanum þar sem þau þurrkuðu upp rúmlega einn og hálfan lítra af galli úr maganum á mér, töldu það afleiðingu af gallsteinum sem hefðu skolast í burtu, og svo var ég send heim. Ég var mjög máttfarin og heilsunni hrakaði þrátt fyrir lyfin.“

Það var þá sem ég, Máni, kom heim og leist ekki á ástand móður minnar. Ég keyrði hana upp á spítala þar sem hún var lögð aftur inn, fékk vökva og næringu í æð og fullt af sterum.

„Þarna eyddi ég næstu átta vikunum, í alls konar aðgerðir og vesen sem ég man lítið sem ekkert eftir, en ég man að ég var farin að sætta mig við að ég myndi líklegast ekki lifa þetta af. Síðan var ég flutt með sjúkraflugi til Cedars



Sinai í Los Angeles, sem er eitt-hvert það flottasta sjúkrahús sem ég hef stigið fæti inn á. Þá var nýlega komið í ljós að ég var með fjórða stigs sortuæxli (e. melanoma) sem hafði sest að í brisinu. Vinnufélagar mínir höfðu haft upp á Dr.Hamid, sem er einn virtasti sérfræðingur heims í þessu tiltekna krabbameini, og af því að kanadísku lækarnir treystu sér ekki til að halda mér á lífi, lögðu félagar mínir í púkk og keyptu undir mig sjúkraflug. Ég man þegar ég komst aftur til meðvitundar hvað ég var hissa á hvað tryggingin mín var yfirgripsmikil að ég fengi einkaflug á milli sjúkrahúsa, þangað til þú sagðir mér sannleikann,“ segir mamma og brosir.

Ein „clickbait“ fyrirsögn: Ryan Reynolds hjálpaði mömmu

Ég horfi íbygginn á mömmu. Vinnufélagarnir sem hún talar um eru leikstjórinn David Leitch, sem mamma hefur tvisvar áður unnið með fyrir Deadpool 2, og aðalleikari myndarinnar, Ryan Reynolds, ein þekktasta kvikmyndastjarna heims. Þeir voru vaktir og sofnir yfir velferð mömmu á meðan hún glímdi við veikindin og báru hluta



Elísabet og Máni sonur hennar.

af kostnaðinum við bestu lækni-meðferð sem völ er á í heiminum. Reynolds var svo umhugað um Elísabetu að hann lagði sig allan fram við að létta undir með henni. Meðal annars gladdi hann yngsta son Elísabetar, Loga, með því að

klæða sig upp í búning Deadpool og senda drengnum fallega myndbandskveðju. Einhver hefði skrifað Facebook-status um minni uppákomu en ekki mamma.

„Í alvöru mamma, ertu ekki að skauta dálítið mikið yfir þetta

að kalla Ryan Reynolds og David Leitch bara vinnufélagar?“ segi ég við hana. „Máni! Ertu ekki nýbúinn að sannfæra mig um að þetta sé ekki eitthvert ódyrt „clickbait“-viðtal heldur hafi almenningur einlægán áhuga á mér og skoðunum mínum?“ segir hún í reiðilega en er augljóslega að leika það. Ég játa því og biðst brosandis afsökunar, vitandi að ég mun samt koma þessari staðreynd að með einhverjum hætti í viðtalinu.

Mamma heldur ótrauð áfram. „Það sem stendur upp úr eftir þessa erfiðu lífsreynslu er hvað fjölskylda, vinir, vinnu- og stéttarfélagar lögðust á eitt við að koma mér til aðstoðar. Fólk er dásamlegt. Ég er líka svo óendanlega stolt yfir ykkur krökkunum öllum, hvað þið sýnduð mikinn styrk og dugnað og hvað þið voruð úrræðagóð. Ég er bara ekkert viss um að þið væruð svona vel heppnuð ef ég hefði pakkað ykkur inn í bómull með reglulega matmálstíma,“ segir mamma ákveðin. Við brosum til hvort annars. „Ertu ekki sammála því?“

Ég þori ekki að koma mér í frekari vandræði, kinka samþykkingandi kolli og fæ mér sopa af kaffinu. Ég rifja upp okkur mömmu ▶

„Margir halda kannski að Los Angeles sé flatlendi en það er alls ekki, meira eins og einhver hafi margfaldað Þingholtin og kastað sól á þau.

Í gamla daga, alltaf labbandi. Þá kenndi hún mér að berjast við veturkonunginn Kára; Bíta berja, klóra, slá. Þannig þrömmuðum við áfram sönglandi, hrímhvít í framan, af því ég var 12 ára þegar mamma eignaðist bíl í fyrsta skipti. „Ertu að beita sömu taktík á krabbann?“ spyr ég.

„Já, ætli það ekki bara. Þegar ég varð veik voru ráðnir þrír klipparar í minn stað á Deadpool 2, en þegar ég útskrifaðist af spítalanum í Los Angeles bauð David, leikstjóri kvikmyndarinnar, mér að bætast í hópinn og koma aftur til vinnu. Eftir að hafa eytt þremur mánuðum rúmliggjandi og ekkert getað borðað, var ég of veikburða til að þvælast mikið um og óvíst hvað ég hafði mikið úthald. Þá var gripið til þess ráðs að koma upp Avid-klippi-tölvu í fataskáp heima hjá David, en við bjuggum hlið við hlið í Venice, þar sem ég kom og fór eins og hentaði og klippti eftir mínu höfði. Með daglegum göngutúrum og aðstoð þinni og auðvitað mömmu og pabba sem mættu á svæðið og sáu til þess að ég borðaði rétt, tróðu í mig eggjum, lax og gulrótarsafa, óx mér kraftur og fyrir jólin 2017 var ég farin að keyra upp í 20th Century Fox og vinna fullan vinnudag. Það var mikil gæfa að komast í vinnu og þurfa ekki að sitja aðgerðarlaus að hugsa um krabbamein,“ segir mamma.

Hún hélt áfram að styrkjast og ákvað svo að kaupa sér hjól og fer nú hjólandi allra sinna ferða. Margir halda kannski að Los Angeles sé flatlendi en það er alls ekki, meira eins og einhver hafi margfaldað Þingholtin og kastað sól á þau. „Sumir eru



hræddir við umferðina hér en ég virkilega nýt þess að hjóla og hef hingað til ekki lent í neinum leiðindum. Ver mig að sjálf-sögðu með hjálmi, sjálflysandi jakka, hönskum, fram og aftur ljósum og breiðum dekkjum. Kannski ekkert rosalega smart, en ég hef öryggið í fyrirrúmi,“ segir mamma.

Hún bætir við að læknir hafi tjáð henni að að sortuæxlstilfell-

um væri að fjölga mikið. „Þannig að „plís“ notið sólarvörn, mér er sagt að það skipti máli jafnvel þótt það rigni. Það hefur aldrei fundist á mér blettur, en Sindri minn þarf að fara reglulega og láta fjarlægja bletti af sér.“

Annað æxlið horfið í dag

Mömmu kom aldrei til hugar annað en að sækja sér lækningu í Los Angeles frekar en heima á Íslandi.

„Aðstaðan er allt önnur hér og betri, það þarf til dæmis ekki að senda mig til Danmerkur í Pet-skanna, hann er bara í næsta herbergi, og ég hef ekki þurft að borga krónu af mörg hundruð þúsund dollara sjúkrahúsreikningunum sem mér hafa borist vegna þess að ég bý við þau forréttindi að vera tryggð gegnum stéttarfélagið mitt. En auðvitað eru þessar upphæðir klikkaðar og erfitt að skilja hvernig er hægt að eyða svona miklum peningi í eina auma manneskju á sama tíma og engu er eytt í þá ótryggðu sem þurfa þó alveg jafn mikið á því að halda. En ég er óendanlega þakklát fyrir hversu vel hefur gengið og ekkert viss um að sú væri raunin ef það hefði ekki gleymst að segja mér hvað lífslíkur mínar voru taldar litlar í upphafi,“ segir mamma.

Í dag er staðan sú að annað æxlið er alveg horfið og hitt orðið að agnarsmátt, eftir aðeins rúmlega hálf tölur í meðferð sem kallast „immunotherapy“. „Hún gengur út á að blokkja prótein, sem krabbinn notar til að dulbúa sig sem heilbrigðan vef, svo ónæmiskerfið sjái meinið og losi mig við það. Meðferðin hefur lagst vel í mig og ég hef eingöngu einu sinni þurft að leggja inn vegna aukaverkana. Ég á eftir eina litla aðgerð vegna þess að blöðrur hafa aftur myndast á brisini, þær innihalda hugsanlega krabbameinsfrumur og þarf að fjarlægja, og síðan held ég áfram í meðferðinni til að tryggja að allur óþverinn sé horfinn. Það sér fyrir endann á þessu.“

Við verðum sammála að þetta sé komið nóg af rausi um krabbameinið, það sé of þunglyndislegt. Við vindum okkur því í spurningar um fjölskyldu mömmu, hvernig það hafi verið að vera ung móðir, nánast unglingur. „Nú átt þú stóra fjölskyldu. Hvernig er sam-

band þitt og barnanna? Eruð þið miklir vinir? Er erfitt að vera fjarri börnunum eða tekur þú þau með á flakk erlendis þegar þú ert að vinna?“ Ég ber spurningarnar alvarlegur upp en svo skellihlæjum við bæði. Þegar mamma nær andanum aftur tekur hún til við að svara spurningum.

Reykjavík, mars 1984

„Ég var og svo komst þú og við vorum. Við höfum sjálf grínast með að hafa alið hvort annað upp. Að verða móðir um hefur bæði kosti og galla. Þú varst alveg einstaklega auðvelt barn, alveg þangað til þú náðir táningsaldri. Við brölluðum mikið saman en ég var líka rosalegur glanni og þú fékkst að upplifa ýmislegt sem mér hefur aldrei dottið í hug að leggja á systkini þín. Sindri kemur til okkar átta árum seinna og svo Birta í Svíþjóð rétt fyrir aldamótin, og ég var ferug þegar ég eignast yngsta bróður þinn, hann Loga. Ég ofverndaði hann rosalega. Svo kom Ronald, sonur þinn og fyrsta ömmubarnið, ekki löngu seinna,“ segir mamma.

Fjölskyldan hefur alltaf ferðast mikið, búið úti um allan heim og stundum má líkja fjölskyldulífinu við litla ferðaskrifstofu. „Að sjálf-sögðu hefur þetta kallað á skipulagt kaos og skort á rútínu en í staðinn höfum við öðlast víðsýni sem ég álit dýrmæta. Það er búið að vera stórkostlegt ævintýri þetta líf okkar,“ segir mamma.

Hún viðurkennir þó fúslega að þessi lífsstíll hafi ekki alltaf verið auðveldur. Sérstaklega hafi verið sárt að skilja við börnin sín í lengri eða skemmri tíma þegar vinnan kallaði á fjarlægum slóðum. „Sem betur fer lifum við á tækniöld og það er auðvelt að vera í stöðugu sambandi. Ég hefði aldrei getað unnið þessi verkefni án stuðnings og hvatningar frá ykkur krökk- ▶

Hamingja í hverri skeið


Hádegisstillboð breytilegt eftir dögum

Sægreifinn
geirsgötu 8 / s. 553 1500



Den Danske Kro

Kro Bodega Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 facebook.com/dendanske.kro



unum. Skemmtilegast finnst mér þegar við söfnumst öll saman og krúttum yfir okkur en leiðinlegast þegar við höfum þurft að fara í gegnum alla jakkavasa í von um að finna mjólkurpeninga.“

Ég spyr mömmu hvernig hún skilgreini hamingjuna og hún svarar skáldlega: „Sjáðu til, ég trúi því ekki að það sé til einföld leið að hamingjunni. Ég trúi því að eina leiðin sé að koma á eins miklu jafnvægi og mögulegt er á öll þau mismunandi lög sem mynda líf okkar. Axla ábyrgð, vera helst aldrei vond manneskja, drekka mikið vatn, nota sólarvörn og vona að maður lendi aldrei í stöðu flóttamanns.“

Hún leggur þó áherslu á að það sé mikilvægt að axla ábyrgð á sínu fólki og sinna því vel. „Mér hefur alltaf verið það mikilvægt að við rífumst ekki, tölum fallega um hvert annað og aðra. Berum virðingu fyrir mismunandi þörfum hvert annars og draumum. Styðjum hvert annað í öllu sem við viljum taka okkur fyrir hendur. Þrátt fyrir vissa fjarveru síðustu þrjú árin verð ég líka að treysta því að ég hafi verið ykkur

börnunum góð fyrirmynd og sýnt ykkur og sannað að allt er mögulegt ef viljinn er fyrir hendi. Já, og svei mér þá, ég tel mig vera í mjög góðu sambandi við börnin mín. En verður þú bara ekki að spyrja sjálfan þig og systkini þín um það? Verður þetta ekki þínu einhliða ef ég fæ bara að rausa óáreitt?“ segir mamma spök á svip. Hún heldur síðan ótraud áfram.

„Allavega. Það hefur alltaf reynst mér erfiður línudans að ballansera vinnu og heimili. Aðallega af því mér finnst svo gaman í vinnunni. Mér finnst jafn gaman og gefandi að starfa á Íslandi og hérna úti. Það bara gefur betur í aðra höndina hérna megin Atlantshafsins meðan mér var ómögulegt að láta enda ná saman á Íslandi og burðast enn með svartholið sem fylgir mér úr verktakamartröðinni sem okkur er boðið upp á þar.“

Var ekki góður kennari

Ég spyr mömmu hvernig til kom að hún fékk verkefni erlendis. Hrunið átti þar hlut að máli. „Ég man alltaf þegar Guð var beðinn um að blessa

Ég áttaði mig fljótlega á því að ég er ekki góður kennari en eignaðist þar dásamlega vini og lærði svo margt sjálf.

Ísland árið 2007 og hvað ég fylltist miklum ótta. Stökk á tilboð um að kenna klippingar hjá LASALLE College of the Arts í Singapur og þar sem Gísli Snær var skólastjóri The Puttnam Film School. Ég áttaði mig fljótlega á því að ég er ekki góður kennari en eignaðist þar dásamlega vini og lærði svo margt sjálf. Lífið í Singapur var skemmtilegt og ævintýralegt og krakkarnir nutu tilverunnar. Þaðan fórum við hópurinn til New Orleans þar sem ég tók að mér að klippa Contraband sem Baltasar Kormákur leikstýrði. Það var í tengslum við þá kvikmynd að ég var stödd í Los Angeles og kynntist Dody Dorn sem er frægur kvikmyndaklippari, hún klippti



meðal annars Memento. Það tókst með okkur venskapur, sem styrkist með hverju árinu, og hún kom mér í samband við umbodsmenn sína sem tóku mér fagnandi. Þá fór boltinn að rúlla og fyrsta kvikmyndin sem ég fékk í gegnum þessi nýju tengsl var John Wick.“

Fyrir mömmu er kvikmyndagerð samræður og samvinna, hinir raunverulegu foreldrar kvikmyndaverks. „Allir sem koma að gerð kvikmyndar taka þátt í samræðunni og sem klippari reyni ég að vinna náð með sem flestum deildum svo öruggt sé að við náum því besta fram í klippinu, til að uppfylla eins vel og mögulegt er sýn leikstjórans. Uppáhaldskvikmyndin mín er alltaf sú sem ég er að klippa þá stundina. Sumar kvikmyndir hafa orðið vörður á ferli mínum en þær skipta mig allar jafn miklu máli. Það er enginn munur á því hvernig ég nálgast klippið á íslenskum eða erlendum kvikmyndum, en að því sögðu eru samt ný „element“ sem koma inn þegar um jafn stóra kvikmynd og til dæmis Deadpool er að ræða. Þegar áætlaður kostnaður við gerð kvikmyndar er kominn yfir 100 milljónir dollara er eftirlit með öllu framleiðsluferlinu miklu strangara og kvikmyndaverin og framleiðendur hafa meira vægi en gengur og gerist. Flóknasta vinnan við Deadpool var að ná jafnvægi á milli kómedíunnar og dramans og svo auðvitað að í myndinni eru tvær teiknaðar persónur sem þarf að vinna frá grunni og mörg þúsund skot sem þörfuðust tölvuvinnslu. Því verður ekki neitað að nokkurra ára þjálfun í Latabæ og klipping á einu stykki teiknimynd eins og Hetjur Valhallar, komu sér þar vel.“

Ég kinka kolli áhugasamur. „Næsta spurning, hvernig lyktar Ryan Reynolds?“ Mamma hvesir á mig augun: „Æ Máni, hættu þessu.“

Stolt af verkum sínum
Þrátt fyrir erfið veikindi tókst Elísabetu að koma ýmsu í verk. „Ég er mjög stolt að þrátt fyrir veikindin komu út þrjár kvikmyndir í ár sem ég tók þátt í að klippa: Svanurinn, Vargur og Deadpool 2. En ekki spyrja mig hvernig það sé að vera kona í kvikmyndagerð. Ég barasta

hef engan samanburð til að meta það, ég hef alltaf verið kona. En þú ert nýbúinn að spyrja mig hvernig þetta gangi með öll þessi börn þannig að það hlýtur eiginlega að teljast merkilegra að vera kvenkyns klippari með börn en karlkyns klippari með börn. Það varpar að sjálfsögðu vissu ljósi á það hvað kröfur á kynin geta verið mismunandi og dómarnir líka.

Ég er gallharður feministi, ekki bara af því að ég er kona og móðir Birtu heldur ekki síst af því að ég er móðir ykkar bræðranna þriggja og amma hans Ronna. Það er okkur öllum í hag að jafnrétti sé virt og engum sé troðið í kassa sem ekki passar.“

Ég spyr mömmu hvort að hún vildi sjá kynjakvóta í kvikmyndagerð. Hún svarar ákveðin: „Við skulum ekkert vera að skafa utan af því að það er ríkjandi kynjakvóti í kvikmyndagerð. Ég tel nauðsynlegt að breyta því með handaffli til að koma konum að í þessari mikilvægu sagnagerð og söguskráningu. Við eigum það skilið, bæði sem kvikmyndagerðarmenn og sem áhorfendur, hvaða kyn sem við erum.“

Framtíðin er óráðin en hvíld er mömmu efst í huga. „Nú ætla ég bara að taka því rólega og skoða vel hver verða næstu skref. Ég vil helst vinna við meðalstórar kvikmyndir þar sem listrænt frelsi er meira en ef um „blokkbóster“ er að ræða og ég vil gjarna vinna eins nálægt heimahögum og hægt er, til dæmis London. En tókum þetta eitt skref í einu og fyrst ætla ég að koma mér aftur í almennilegt form.“

Við sitjum enn í sólinni. Kaffibollarnir löngu tómir. Einhvern veginn tókst okkur að komast í gegnum spurningarnar frá DV og setja okkur í spor blaðamanns og viðmælanda þrátt fyrir nán tengslin.

„Heyrðu mamma, ég held að við séum komin með nógu mörg orð. Er eitthvað sem þú vilt segja að lokum?“ segi ég.

„Bara, reyndu að láta mig hljóma þínu gáfulega og viltu gjöra svo vel að tryggja að þessar myndir af mér verði „fótosjoppaðar“,“ svarar hún.

„Engar áhyggjur mamma, bara „plís“, ekki lesa kommentakerfið.“



Fatboy Original



fatboy

www.sekkur.is

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegur

Einnig hægt að greiða með Netgiró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Við þjóðveginn

8. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



Áningarstaður fjölskyldunnar fyrir vestan

UPPLIFUN Á ERPSSTÖÐUM:

Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að hafa þetta barn- og fjölskylduvænt, hér er aðgengi að dýrunum og leiktækjaaðstaða fyrir krakkana," segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson sem rekur Rjómbúíð Erpsstaði við Búðardal ásamt eiginkonu sinni, Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur.

Sauðfjárbúskapur lagðist af á Erpsstöðum um aldamótin en hjónin hófu uppbyggingu á staðnum nokkrum árum eftir það. Vorið 2009 varð rjómbúíð til en þá hófu þau Þorgrímur og Helga ísframleiðslu. Síðan þá hefur orðið mikil vöruþróun og aukin afþreying á staðnum svo Erpsstaðir eru orðin nánast ómissandi áningarstaður fyrir fjölskyldur sem eiga leið um héraðið.

„Fyrir svona tveimur til þremur árum var það þannig að margir stoppuðu bara til að fá sér ís en uppgötvaðu svo aðrar vörur í leiðinni, sem og dýrin, þannig að fyrirhugað fimm mínútna stopp varð að hálf- til klukkutíma stoppi. Núna er það meira þannig að Íslendingarnir sem hingað koma eru flestir meðvitadír um hvað er í boði hér, þeir fá sér ís og fara svo út í góða veðrið og leika sér, koma svo inn aftur og kaupa eitthvað til taka með sér heim.“

Að sögn eru erlendir ferðamenn í töluverðum meirihluta þeirra sem koma á Erpsstaði heilt yfir árið en um hásumarið eru Íslendingar í meirihluta. Opíð er frá 11 til 18 og þó lengur ef gestir eru enn á staðnum „Við lokum yfirleitt ekki fyrr en traffíkin er búin," segir Þorgrímur.

Fyrir í vor var opnuð sýning um skyr og skyrgerð á Erpsstöðum, en vegna ísframleiðslunnar fellur til óhemju magn af undanrennu sem er umbreytt í gamaldags sveitaskyr. Íslenska skyrið er orðið hluti af „slow food“ og komst þar inn sem „presidium“ fyrir um tveimur árum. „Erlendir ferðamenn sem hingað koma vilja



margir hverjir ólmir bragða á skyri eins og það var upphaflega og verða ekki fyrir vonbrigðum. Skyrið okkar er þykkt og með súrum keim, engu bætt í það. Þegar þeir eru búnir að smakka fá þeir aðgang að bragðefnum og eru fiflasírópið og rabarbarasírópið vinsælustu bragðefnin hjá þeim," segir Þorgrímur.

Ísinn sem framleiddur er á Erpsstöðum ber heitið Kjafstæði, er hann boðinn í mörgum bragðtegundum og þykir einstaklega bragðgóður. Notast er við ýmis bragðefni úr íslenskri náttúru, svo sem rabarbara, fiflasíróp og ber. Auk íss eru í boði ostar og hið fræga skyrkonfekt, sérhönnuð sælkeravara, konfekt sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi.

Gott aðgengi er að dýrunum fyrir gesti, nokkuð sem ekki síst börnin kunna vel að meta, en þau fá til dæmis að horfa á kýrnar mjólkaðar. Þá er leiktækjaaðstaða á staðnum fyrir börnin. Þá er boðið upp á skoðunarferðir um staðinn og gestir fræddir um framleiðsluna.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni erpsstadir.is og Facebook-síðunni Rjómbúíð Erpsstaðir.





SELASKOÐUN VIÐ HVAMMSTANGA:

Í návígi við stóran hóp af forvitnum selum

Við siglum frá Hvammstanga og erum eingöngu inni á Miðfirði.

Við erum svo heppin að hafa selalátur hérna inni í firðinum og það var forsendan fyrir því að þetta væri hægt. Það hafa verið sveiflur í stofnstærð þessarar selafjölskyldu, þegar við byrjuðum vorið 2010 voru þetta um 90 selir en þeir fóru smám saman niður í um 60–70 en svo eru þeir komnir aftur upp í um 90 núna,” segir Eðvald Daníelsson hjá fyrirtækinu Selasigling ehf. á Hvammstanga.

Selasigling felur í sér skoðun á stórum hópi sela í návígi, meðal annars ungum selum, náttúruskoðun og fuglaskoðun, en mikið fuglalíf er á svæðinu. „Hér er mikið af æðarfugli, hér eru teista, himbrimi, skarfur, lómur og svanur, og lunda sjáum við oft svo eitthvað sé nefnt. Selir halda sig nálægt ströndinni og siglingin tekur mið af því,” segir Eðvald.

Selaskoðunin nýtur mikilla vinsælda meðal erlendra ferðamanna sem lýsa yfir hrifningu á upplifuninni á TripAdvisor og fleiri slíkum síðum. Íslendingar eiga hins vegar eftir að uppgötva töfra selaskoðunarinnar:

„Það er ríkjandi viðhorf hjá Íslendingum að við getum alls staðar séð seli hér og þurfum þess vegna ekki að borga fyrir það. En það er ekki sambærilegt að sjá einstaka sel einhvers staðar langt í burtu og að komast í návígi við stórfjölskyldu af selum og fá leiðsögn. Þessi árstími sem

nú fer í hönd er langskemmtilegastur fyrir selaskoðun því nú eru kóparnir litlir og þú getur horft á þá á spena eða að leika sér í sjónum,” segir Eðvald.

Farnar eru þrjár ferðir á dag með bátnum Brimli og tekur hver ferð um eina og hálf klukkustund. Kostar hún 8.500 kr. fyrir fullorðna, 4.500 kr. fyrir 7 til 16 ára en er ókeypis fyrir börn 6 ára og yngri.

Innifalið í hverri ferð er aðgöngumiði í Selasetur Íslands sem er einstaklega fræðandi og skemmtilegt safn, staðsett við höfnina á Hvammstanga.

Að sögn Eðvalds er gott veður ávallt heppilegt fyrir selaskoðun en sólskin er ekki nauðsynlegt. „Selurinn er þó líkur okkur mannfólkinu að því leyti að hann elskar sólina og leggst flatur upp í sólskinið. Alla jafna eru suðlægar áttir heppilegar ef það rignir ekki mikið en norðanáttin hér blæs hins vegar köldu og þá er gott að klæða sig vel.”

Ljóst er að selaskoðun við Hvammstanga er mikil upplifun sem innlendir ferðamenn þurfa að uppgötva og eiga þannig ógleymanlega stund. Selirnir eru gjarnan forvitnir og því oft ófeimnir við að sýna sig vel fyrir ferðamönnum.

Selasigling ehf. er með lögheimili að Höfðabraut 13, Hvammstanga, en nánari upplýsingar og bókanir eru á vefsíðunni sealwatching.is. Miðasala og upplýsingar í Selasetri Íslands við höfnina á Hvammstanga.





KIDKA – NÆSTUM HÁLF ÖLD AF PRJÓNASKAP:

Svona er peysan þín búin til

KIDKA er framsækið framleiðslufyrirtæki þrjónavara sem hvílir á gömlum grunni. Uppruni fyrirtækisins er rakinn til Þrjóna- og saumastofunnar sem stofnuð var á Hvammstanga árið 1972. Þau Irina Kamp og Kristinn Karlsson keyptu Þrjóna- og saumastofuna árið 2008 og breyttu nafninu í KIDKA.

KIDKA framleiðir sína eigin vörulínu úr íslenskri ull, hágæða vörur, fallegar og þægilegar flikur sem fylgja alltaf

nýjstu tiskustraumum. Framleiðslan fer eingöngu fram á Íslandi, í þrjónaverksmiðju KIDKA að Höfðabraut 3, Hvammstanga.

Hönnunin á vörunum er mjög fjölbreytt. Finna má sigilda liti og norræn myndstærðir nýjstu tiskustraumum ullarframleiðslunnar. Hvergi á framleiðslustiginu fer ullin úr landi og því er um að ræða alíslenskar vörur – auk þess sem framleiðslan skapar dýrmæt störf í Húnabingi.

Ullarvörurnar frá KIDKA eru þrjónaðar í þrjónavélum. Ullin er þvegin, burstuð og meðhöndluð með gufu sem gerir hana mýkri og léttari en ullina sem er notuð í handþrjónaðar ullarvörur. Ullin heldur samt sem áður sínum mikilvægasta eiginleika, það er að halda hita á líkamanum allt árið.

Vörurnar frá KIDKA má finna í verslunum víða um land. Einnig rekur KIDKA öfluga vefverslun á síðunni kidka.com. Enn fremur er verslun í

höfuðstöðvum KIDKA að Höfðabraut 34, Hvammstanga. Þangað er gaman að koma og skoða vörurnar auk þess sem hægt er að fylgjast með framleiðsluferli varanna í verksmiðjunni. Þannig getur þú til dæmis séð hvernig peysan þín verður til. Heimsókn í KIDKA er því prýðilegur hluti af ferð um héraðið.



LANGAFIT LAUGARBAKKA:

Ógleymanlegt handverkshús

Þeir sem eiga leið um Húnabing vestra í sumar ættu endilega að koma við á Laugarbakka og líta inn í Handverkshúsið Löngufit. Það er upplifun sem margir eru þakklátir fyrir og sjást þess merki í gestabók staðarins. Þar hafa meðal annars erlendir gestir skrifað hástemmdar lýsingar af upplifun sinni. Hér eru örfá dæmi: Dásamlegur staður! – Svo glöð að við stoppuðum! – Svo frábær upplifun! Svo falleg búð! – Fallegasti staður sem ég hef séð. Takk fyrir gestrisnina.

„Þetta er áttunda árið okkar en þetta byrjaði í smáum stíl, við vorum um tíu manns í upphafi sem vorum að selja okkar handverk. Síðan hefur þetta undið hressilega upp á sig og ætli ég sé ekki núna með vörur frá 70–80 manns víðs vegar af landinu til sölu hér,“ segir Regina Ólína Þórarinsdóttir, sem rekur Handverkshúsið Löngufit.

„Þetta eru mikið til þrjónavörur – peysur, vettlingar, húfur og sokkar, en einnig ýmislegt annað handverk, til dæmis smíðisgripir, sultur, jurtate, kex og margt fleira. Þetta er sitt lítið af hverju og hér ægir öllu saman,“ segir Regina.

Handverkshúsið er í senn safn og sölu-búð. Hér má kaupa gagnlega og fallega hluti en líka bara skoða, því ýmsir gamlir hlutir og skemmtilegt dót er hér til sýnis en ekki sölu, til dæmis gamlar og nýjar flöskur, könnur og kirnur. Enginn aðgangseyrir er að staðnum.

Jafnframt þessu er í Handverkshúsinu Löngufit dálítið kaffihús þar sem alltaf má ganga að kaffisopa og nýbökudum vöfflum vísum og stundum eru kökur í boði.

Gistiheimili er einnig rekið á staðnum með svefnplássi fyrir 12 manns og eru það aðallega erlendir ferðamenn sem nýta sér gistinguna. Bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar gera sér hins vegar ferð í Handverkshúsið til að skoða og njóta og gera góð kaup. Það er upplifun sem enginn verður svikinn af og sjálf segir Regina að það sé afar skemmtilegt starf að reka Handverkshúsið Löngufit sem gleður augu og anda svo margra ferðalanga auk þess að koma á framfæri prýðilegu handverki handlaginna og listfengra landsmanna.

Nánari upplýsingar á Facebook-síðunni Langafit Handverkshús.





HÓTEL LAUGARBAKKI OG VEITINGASTAÐURINN BAKKI:

Miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar

Þetta var umfangsmikið, við vorum með stóran hóp iðnaðarmanna úr héraðinu og það var unnið stanslaust allan veturinn frá morgni til kvölds til að geta opnað í maí. En þetta gekk, við opnuðum ekki allt húsið þarna um vorið heldur aðalbygginguna, en um mitt sumar 2016 opnuðum við neðri hæðina í gamla skólhúsinu og í apríl 2017 kláruðum við að taka öll húsin í notkun," segir Hildur Ýr Arnarsdóttir, hóteltjóri að Hótel Laugarbakka. Hún og eiginnmaður hennar fóru fyrir kaupum á gamla héraðsskólanum að Laugarbakka í Miðfirði og opnuðu þar hótél fyrir réttum tveimur árum, eða í maí 2016.

Hótel Laugarbakki er þriggja stjörnu hótél með 56 herbergjum sem öll eru með baði, sjónvarpi, hárburrku, badvörum, sloppum og mörgu fleiru. Nokkur herbergi eru fyrir þrjá eða fleiri en sífellt fleiri nýta sér þann kost. Þessi stærri herbergi henta vel fyrir fjölskyldur en líka vini sem vilja spara sér gistikostnað, til dæmis tvö vinaþör.

Hótel Laugarbakki er afskaplega vel staðsett í náttúrufegurð Mið-

fjarðar með Hvítserk, Kogulgljúfur og Borgarvirki í kring. Þetta er nákvæmlega miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar og akstursvegalengdin er rétt um 200 kílómetrar frá hvorum stað. „Hér er mikil uppbygging og fólk er að uppgötva þetta svæði, Suðurlandið er að miklu leyti mettað en hingað er spennandi að koma því það er svo mikið líf hérna í Húnaþingi," segir Hildur.

Meirihluti gesta á Hótel Laugarbakka yfir sumartímann er erlendir ferðamenn en Íslendingar gista meira á öðrum tímum, til dæmis um helgar, á haustin og veturna. „Við erum með tilbodspakka á haustin sem henta til dæmis vel hjónum og þörum, þar fléttast inn sú dagskrá sem við erum með hér hverju sinni. Til dæmis erum við með villibráðarhlaðborð í lok október sem er afar vinsælt og jólahlaðborðin taka svo við lengra inn í haustið. Við fáum líka hingað listamenn úr Reykjavík, höfum til dæmis verið með Ellen og KK, og svo eru jólatónleikar í desember. Svo eru hér heitir pottar og útsturtur sem gera þetta að huggulegri gistingu fyrir hjón og þör."

Veitingastaðurinn Bakki

Afbragðsgóður veitingastaður er rekinn að Hótel Laugarbakka og er hann ekki síður fyrir ferðalanga sem eiga leið um en gesti hótelsins. „Ég er hér með tvo frábæra kokka, hann Ingvar Óla yfirmatreiðslumann og svo hana Svövu Karen. Við erum mikið með mat út héraðinu, fáum allt okkar lambakjöt úr Húnaþingi, frá sláturhúsinu á Hvammstanga; á sumrin fáum við jarðarber úr gróðurhúsunum hér við hliðina; gæsakjötið er hér af svæðinu enda mikið fuglalíf hér; silungur og þorskur eru líka héðan," segir Hildur en mikið er lagt upp úr ferskleika hráefnisins sem unnið er úr á veitingastaðnum.

„Við leggjum líka mikið upp úr því að stilla verðlagi í hóf á veitingastaðnum," segir Hildur en segja má að verðlagið sé einn af þeim kostum Bakka sem gera hann að fjölskylduvænum veitingastað.

Frábær aðstaða fyrir fundi og ráðstefnur

„Við erum með frábæra aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur sem fyrirtæki nýta sér mikið. Grettissalurinn

okkar tekur 250 manns í sæti og við bjóðum upp á mjög fínan fundarbúnað. Síðan erum við líka með minni fundarherbergi, meðal annars Ásdisarstofu. Þetta hentar bæði fyrir stóra viðburði og litla fundi. Fyrirtæki sem eru með útbúnað á Akureyri og Reykjavík hafa nýtt sér þetta mikið enda liggur staðurinn nákvæmlega miðja vegu milli Akureyrar og Reykjavíkur."

Fundarsalirnir bera nöfn Grettis sterka Ásmundssonar og Ásdisar móður hans en Grettir er fæddur skammt frá Hótel Laugarbakka. Þau mæðgin eru ekki einu sögufrægu persónurnar á svæðinu því á Illugastöðum, þarna skammt frá, bjuggu þau Agnes Magnúsdóttir og Natan Ketilsson, aðalpersónur eins frægasta sakamáls Íslandssögunnar, sem gerð hafa verið góð skil í hinni frægu skáldsögu eftir Hannah Kent, Náðarstund. Erlent kvikmyndatökulið er væntanlegt á svæðið sumarið 2019 vegna kvikmyndunar á skáldsögunni.

Nánari upplýsingar og bókanir eru á vefsíðunni hotellaugarbakki.is

Sjá einnig Facebook-síðu veitingastaðarins Bakki.

Snickers
WORKWEAR



SMART SOCKS



UMSLAG

 **kemi** Flügger



- fyrir þitt heimili



DV

HM Í RÚSS

Tippaðu á rétt úrslit og

A riðill

Rússland Sádí Arabía Egyptaland Úrúgvæ

14/06 15.00 Rússland - Sádí Arabía

15/06 12.00 Egyptaland - Úrúgvæ

19/06 18.00 Rússland - Egyptaland

20/06 15.00 Úrúgvæ - Sádí Arabía

25/06 14.00 Úrúgvæ - Rússland

25/06 14.00 Sádí Arabía - Egyptaland

B riðill

Portúgal Spánn Marokkó Íran

15/06 15.00 Marokkó - Íran

15/06 18.00 Portúgal - Spánn

20/06 12.00 Portúgal - Marokkó

20/06 18.00 Íran - Spánn

25/06 18.00 Íran - Portúgal

25/06 18.00 Spánn - Marokkó

C riðill

Frakkland Ástralía Perú Danmörk

16/06 10.00 Frakkland - Ástralía

16/06 16.00 Perú - Danmörk

21/06 12.00 Danmörk - Ástralía

21/06 15.00 Frakkland - Perú

26/06 15.00 Danmörk - Frakkland

26/06 15.00 Ástralía - Perú

D riðill

Argentína Ísland Króatía Nígíría

16/06 13.00 Argentína - Ísland

16/06 19.00 Króatía - Nígíría

21/06 18.00 Argentína - Króatía

22/06 15.00 Nígíría - Ísland

26/06 18.00 Nígíría - Argentína

26/06 18.00 Ísland - Króatía

30. júní · 14.00

1C

2D

30. júní · 18.00

1A

2B

2. júlí · 14.00

1E

2F

2. júlí · 18.00

1G

2H

6. júlí · 14.00

6. júlí · 18.00

10. júlí · 18.00

Úrslit

15. júlí

16 liða úrslit

8 liða úrslit

Undanúrslit

Snickers
WORKWEAR

HENSON

SMART SOCKS

UMSLAG

FIU

LANDI 2018

g fylgstu með á 433.is

4·3·3.is

1. júlí · 14.00

1B

2A

1. júlí · 18.00

1D

2C

3. júlí · 14.00

1F

2E

3. júlí · 18.00

1H

2G

7. júlí · 14.00

7. júlí · 18.00

11. júlí · 18.00

leikur

15.00

16 liða úrslit

8 liða úrslit

Undanúrslit

E riðill

Brasilía Sviss Kosta Ríka Serbía

17/06	12.00	Kosta Ríka – Serbía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
17/06	18.00	Brasilía – Sviss	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
22/06	12.00	Brasilía – Kosta Ríka	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
22/06	18.00	Serbía – Sviss	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27/06	18.00	Serbía – Brasilía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27/06	18.00	Sviss – Kosta Ríka	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

F riðill

Þýskaland Mexíkó Svíþjóð S-Kórea

17/06	15.00	Þýskaland – Mexíkó	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
18/06	12.00	Svíþjóð – S-Kórea	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23/06	15.00	S-Kórea – Mexíkó	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23/06	18.00	Þýskaland – Svíþjóð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27/06	14.00	S-Kórea – Þýskaland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27/06	14.00	Mexíkó – Svíþjóð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

G riðill

Belgía Panama Túnis England

18/06	15.00	Belgía – Panama	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
18/06	18.00	Túnis – England	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23/06	12.00	Belgía – Túnis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
24/06	12.00	England – Panama	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
28/06	18.00	England – Belgía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
28/06	18.00	Panama – Túnis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

H riðill

Pólland Senegal Kólómbía Japan

19/06	12.00	Kólómbía – Japan	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
19/06	15.00	Pólland – Senegal	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
24/06	15.00	Japan – Senegal	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
24/06	18.00	Pólland – Kólómbía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
28/06	14.00	Japan – Pólland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
28/06	14.00	Senegal – Kólómbía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

igger
kemi



- fyrir þitt heimili



ÁFRAMM ÍSLAND

HM 2018

FYLGSTU MED HM 2018 Á

4.3.3.is



VEITINGASTAÐURINN GEITAFELL:

Fullkomnar ferðina á Vatnsnesið

Það kann að hljóma sem fullmikil bjartsýni að opna veitingastað utan alfaraleiðar eða um 20 kílómetrum frá litlum þéttbýlisstað, Hvammstanga. En þetta gerði Róbert Jón Jack árið 2002 og í dag er veitingastaður hans, Geitafell á Vatnsnesi, afar vinsæll. Um 6–10.000 manns snæða á staðnum árlega, flestir erlendir ferðamenn, en staðurinn er opinn frá 15. maí og út september.

Róbert og eiginkona hans keyptu jörðina árið 2002 og byggðu þar afskaplega fallegt íbúðarhús í stíl gamla íslenska sveitabæjarins. Veitingastaðurinn sjálfur er í húsnæði sem upphaflega var hlaða.

Súrheysturninn á landareigninni var hins vegar endurbyggður eins og skoskur kastalatur; á fyrstu hæðinni

er minjasafn um sveitina í kring og þá sem þar hafa búið, en á annarri hæð er stórmikilegt safn tengt enska knattspyrnuliðinu Man. Utd. en tengsl hafa verið hjá Róberti og ættingjum hans við gamlar stjörnur og fyrrverandi þjálfara liðsins. Þetta er safn sem enginn aðdáandi Man. Utd. ætti að láta framhjá sér fara.

Á efstu hæðinni er síðan stórkostlegt útsýni yfir flóa, strandir og skaga. „Það er tilvalið í einni ferð að skoða Selasetrið á Hvammstanga, selalátrin við Svalbarð og Illugastaði sem er næsti bær við okkur, koma í mat til okkar að Geitafelli, skoða svo Hvítserk, Borgarvirki og Kolugljúfur á leiðinni heim,“ segir Róbert.

Dýrindis sjávarréttir

Bændur á Vatnsnesi lifðu á sjáv-

arútsvegi og í þeim anda er einfaldur matseðill Geitafells en þetta er sjávarréttastaður og eru aðalréttirnir þrír: Sjávarréttasúpa með salati og heimabökuðu brauði, pönnusteiktur silungur og humar.

Réttirnir þykja afbragðsgóðir enda aðeins ferskasta hráefni notað og aðföng sótt í heimabyggð svo útkoman verður aldrei annað en dásamleg.

Þá spilla ekki fyrir gómsættir eftirréttir en í boði eru skyrkaka, skúffukaka og hjónabandssæla.

Rauðvín, hvítvín og bjór eru til drykkjar og auk þess gosdrykkir, safar, kaffi og te.

Tökustaður Burial Rites

Skammt undan eru Illugastaðir sem eru sögusvið hinnar frægu skáldsögu eftir Hannah Kent, Náðarstund, eða

Burial Rites. Sagan byggir á einu frægasta sakamáli Íslandssögunnar um þau Natan, Agnesi og Friðrik en þau tvö síðarnefndu eru jarðsett í kirkjugarðinum að Tjörn.

Ákveðið hefur verið að gera kvikmynd eftir skáldsögunni og hefjast tökurnar fyrir norðan í sumar eða næsta sumar. Stórleikkonan Jennifer Lawrence verður í hlutverki Agnesar.

Sem fyrr segir er Geitafell afar vinsælt meðal erlendra ferðamanna sem þyrpast þangað á sumrin og hefur staðurinn fengið frábæra dóma á Trip Advisor. Það er hins vegar full ástæða til að hvetja íslenska ferðalanga til að eiga gæðastund á Geitafelli í sumar.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni geitafell.is



Heimilislegt og hlýlegt kaffi- og veitingahús

HLAÐAN:

ÁHvammstanga rekur María Sigurðardóttir kaffi- og veitingahúsið Hlaðan sem opnað var árið 2010. Hlaðan er heimilislegur og hlýlegur staður sem gott er að heimsækja á ferðinni um þjóðveginn.

„Við leggjum mikla áherslu á heimabakað bakkelsi, brauð og kaffi. Við bjóðum upp á léttu rétti, súpu, silung, „pie“ og paninibrauð. Við erum einnig með plökkfisk og á morgnana er boðið upp á egg og beikon,“ segir María.

„Það eru engin tímatakmörk á mat þannig lagað. Ef viðskiptavinur vill fá egg og beikon seinni partinn þá bara útbúum við það.“

Ferðamennirnir eru hrifnastir af plökkfiski og rúgbrauði. „Pulled pork“-borgari er líka mjög vinsæll, en honum var bætt á matseðilinn í vor.

Þegar eitthvað er um að vera þá er opið lengur á kvöldin, enda er Hlaðan með vinveitingaleyfi.

Hlaðan er opin yfir sumartímann, frá byrjun maí út ágúst. Opið er alla daga kl. 9–21 nema sunnudaga, kl. 10–21. Utan sumarpönnunartíma er tekið á móti hópum samkvæmt samkomulagi.

Hlaðan kaffi- og veitingahús er að Brekkugötu 2, Hvammstanga. Síminn er 451-1110 og netfangið hlaðan@simnet.is.

Facebooksíða: Hlaðan kaffihús.





HÓTEL VARM AHLÍÐ:

Veitingastaður og hótél í hjarta héraðsins

Hótél Varmahlíð stendur á besta stað við Þjóðveg 1 og hefur verið áningarstaður ferðamanna um landið í áraraðir. Nýir eigendur, Stefán Gísli Haraldsson og Unnur Gottsveinsdóttir, taka þar vel á móti gestum. Á veitingastaðnum er áherslan lögð á hráefni úr héraðinu.

„Árið 1934 byrjaði Hótél Varmahlíð sem greiðasala og fyrsta húsið sem var í Varmahlíð,“ segir Stefán, „rútnarnar stoppuðu hér, hér var einnig póstur og símstöð. Um 1944–5 var svo byggt ofan á húsið og þá var byrjað að þjóna upp á gistingu hér.“

Stefán og Unnur keyptu hótelið 1. júlí í fyrra, en hvað varð til að þau ákváðu að fara í hótél- og veitingarekstur? „Við höfum áhuga á þessu,“

segir Stefán, en þau reka einnig Menningarhúsið Miðgarð og hafa gert síðan árið 2012.

„Unnur er ferðamálafræðingur, hún kom í Skagafjörð árið 2008 og ætlaði að vinna eitt sumar á hótelinu en í lengdist. Sjálfur er ég fæddur og uppalinn í Skagafirði. Við höfum mikla trú á ferðapjónustu í Skagafirði enda er hér margt í boði; frábær aðstaða fyrir útivist með Drangeyjar siglingum, flúðasiglingum, hestaferðum og svo mætti áfram telja.“

Hótelið er opið allt árið, en veitingastaðurinn frá byrjun maí út október. Utan þess opnunartíma er tekið á móti hópum, minni og stærri, samkvæmt samkomulagi. Einnig eru jólahlaðborð í desember.

Áherslan á hráefni úr héraði og lambið vinsælast

Veitingastaður Hótél Varmahlíðar leggur áherslu á þægilega upplifun, góða þjónustu og fyrsta flokks hráefni. Veitingastaðurinn, sem tekur 80 manns í sæti, er opinn öllum, hótélgestum sem öðrum. Opið er frá hádegi og fram á kvöld. „Við leggjum áherslu á hráefni úr héraði og lambið er vinsælast,“ segir Stefán.


Á Hótél Varmahlíð er eins og áður sagði boðið upp á matseðil þar sem áherslan er lögð á mat úr héraði, sem dæmi má nefna að ferska salatið kemur frá Garðyrkjustöðinni Laugarmýri, þorsknakkarnir koma beint úr vinnslu á Sauðárkróki og rækjurnar frá Dögun á Sauðárkróki.

„Við nýtum allan skrokkinn af lambinu, á matseðli er lambafillet eða lambaprime en einnig gúlassúpa. Hótélgestir geta svo gætt sér á kæfu og rúllupylsu á morgunverðarhlaðborðinu ásamt úrvali af öðru áleggi.“

Það er mjög gaman að vera í veitinga- og hótélgeiranum, við erum einstaklega heppin með starfsfólki og enginn dagur er eins,“ segir Stefán sem býður gesti velkomna á Hótél Varmahlíð í hjarta héraðsins.

Hótél Varmahlíð er að Varmahlíð við Þjóðveg 1, síminn er 453-8170 og netfangið info@hotelvarmahlid.is.

Heimasíða og Facebooksíða: Hótél Varmahlíð.



STÓRA-ÁSGEIRSÁ:

Afþreying og veitingar við Ásgeirsfossa

Magnús Ásgeir Eliasson er ábúandi að Stóru-Ásgeirsá í Viðidal, skammt frá Hvamms-tanga. Stóra-Ásgeirsá er að stofni til sauðfjárbú en þar sem lítið er upp úr sauðfjarræktinni að hafa hefur Magnús verið að þróa afþreyingu og gistingu fyrir ferðamenn á staðnum auk þess sem hann stundar hrossarækt. Er hann með fjögur herbergi í gistingu með morgunmat. Heitur pottur er úti rétt uppi við hina fögru Ásgeirsfossa sem gestir kunna afar vel að meta.

Húsdýragarður er á staðnum þar sem gefur að líta öll helstu íslensku húsdýrin, geitur, ketti, hunda, endur og kindur. Geiturnar vekja jafnan mikla kátinu barna sem koma að Stóru-Ásgeirsá, enda afskaplega kátar og mannelskar.

Þessa dagana er Magnús að leggja síðustu hönd á aðstöðu fyrir veitingasölu og hefur hann fengið vinnveitingaleyfi. Frá og með miðjum júní verður hægt að fá sér þjór, léttvín

og kaffi að Stóru-Ásgeirsá og aðrar léttar veitingar.

Ljóst er að Stóra-Ásgeirsá er spennandi áningarstaður fyrir þá sem verða á ferðinni á norður- eða suðurleiðinni í sumar enda fjölbreytt afþreying í boði á staðnum auk þess sem gestir geta notið mikillar náttúrufrægurðar.

Hestaleiga, húsdýragarður og veitingasala er opnuð upp úr hádegi og er opið fram undir kvöld. Nánari upplýsingar eru á Facebook-síðunni Stóra-Ásgeirsá þar sem einnig er hægt að panta gistingu með skilaboðum. Einnig eru upplýsingar veittar í síma 866-4954.

Þess má geta að Magnús er mikill söngmaður og gaf fyrir nokkrum árum út skemmtilegan geisladisk sem ber heitið Legg af stað. Þar er meðal annars að finna lagið Hófasprett sem finna má á myndbandarásinni Youtube. Hver veit nema Magnús taki lagið fyrir gesti á barnum að Stóru-Ásgeirs á í sumar.





NORTH WEST HOTEL & RESTAURANT Í VÍÐIGERÐI:

Fólk fréttir af því að hér sé góður matur

Flestir kannast við matsölustaðinn Víðigerði í Húnaþingi vestra. Eftir að hafa áratugum saman verið með frægari vegasjoppum varð Víðigerði gjaldþrota árið 2013. Nýir eigendur keyptu húsnæðið vorið 2014 og hófu markvissa uppbyggingu undir heitinu North West Hotel & Restaurant. Í dag er þar rekið hótél og veitingastaður af miklum myndarskap og orðspor matarins á nýja veitingastaðnum veldur því að sífellt fjölgar Íslendingum sem staldra þar við.

„Við höfum enn ekki breytt neinu í ytra útliti staðarins enda margt annað sem var brýnna þegar við komum að þessu, en stefnt er á endurbætur í upphafi næsta árs. Við höfum hins vegar mikið endurnýjað innviðina og fórum strax í miklar framkvæmdir á efri hæð aðalbyggingarinnar og erum þar með niu hótélherbergi

með sérbaði og sameiginlegri setu-stofu. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem gista er erlendir ferðamenn en á veitingastaðnum eru Íslendingar mjög stór hluti viðskiptavinanna og þeim fer sífellt fjölgandi,” segir Kristinn Bjarnason sem rekur staðinn ásamt móður sinni, Guðlaugu Jónsdóttur, og stjúpföður, Hallgrími Hallgrímssyni.

Kristinn segir að orðspor veitingastaðarins í breyttri mynd berist víða. „Þetta er snjóbolti sem er farinn að rúlla, fólk fréttir af því að hér sé góður matur og við leggjum okkur fram við að gera betur á hverju ári,” segir Kristinn en fjölskyldan hefur lagt áherslu á hægfarena uppbyggingu staðarins:

„Við vildum ekki skuldsetja okkur of mikið strax og höfum tekið fyrir eitt ár í einu og gert þetta af yfirvegun og það hefur borgað sig.”

Matseðillinn er fjölbreyttur. Hamborgararnir seljast alltaf vel og er lagt upp úr því að þeir séu eins góðir og mögulegt er. Meðal annarra rétta eru grillaðar lambakótelettur sem njóta gífurlegra vinsælda, hægeldaðar kjúklingabringur og grísaríf, íslensk kjötsúpa með heimabökuðu brauði, djúpsteiktur þorskur og fleira. Svo má einnig finna smárétti á seðlinum fyrir þá sem eru bara að leita að snarli. Þar má nefna reyktan silung frá Mývatni, grafinn lax sem er gerður á staðnum og beikonvafðar döðlur. Svo er réttur dagsins á kvöldin alla virka daga.

Annað sem breyst hefur í matreiðslunni á staðnum er áhersla á besta mögulega hráefni. „Við erum í langhlaupi í þessu, við kaupum bestu vöruna sem við teljum okkur komast í og trúum því að það skili sér á end-

anum, sem það er að gera. Enda mikil aukning á hverju ári. Við finnum að margir Íslendingar eru meira en til í að að stoppa annars staðar en á bensinstöð á ferð sinni um landið og fá sér að borða. Við vonum bara að fólk sýni okkur þolinmæði á meðan við erum að klára að dusta rykið af þessum stað.”

Einn ónefndur kostur við að snæða á North West Hotel í Víðigerði er náttúrufegurðin allt í kring og einstaklega fallegt útsýni úr matsalnum. „Hér er ofboðslega fallegt útsýni og við erum með Víðidalinn og Víðidalsfjallið á glugganum. Þessi staður á alveg að geta blómstrað ef við höldum áfram að þróa hann í rétta átt. Við erum að velta fyrir okkur ýmsum möguleikum,” segir Kristinn.

Sjá nánar á Facebook-síðunni North West Hotel & Restaurant.

LIION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Dísellyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Lið númer

á HM hjá þjóðþekktum Íslendingum



Lokakeppni heimsmeistaramótsins í fótbolta er stærsta og vinsælasta íþróttamót heims. Í gegnum árin höfum við Íslendingar þurft að horfa á viðureignir stóru þjóðanna og þurft að velja okkur landslið annarra þjóða til þess að styðja og halda upp á. Sumir hrifast af leikmönnum ákveðinna þjóða en aðrir velja sér landslið út frá einhvers konar tengingu við landið, til dæmis vegna fyrri búsetu.

Eins og flestir vita geta Íslendingar fylgst með sínu eigin liði á HM í ár en þó er alltaf gott að hafa varaáætlun ef allt fer á versta veg. DV fór því á stúfana og spurði þekktu Íslendinga hvað væri lið nr. 2 á HM í Rússlandi. ■

Bergþór Pálsson

„Ég held alltaf með Þýskalandi, nema þegar Norðurlandaþjóðirnar keppa. Hef svo sem enga skýringu nema að ég bjó í Þýskalandi í nokkur ár. Reyndar hef ég búið í nokkrum öðrum löndum, en þetta er bara alveg óvart. Maður bara fer á básinn, alveg eins og fólk gerir í ensku knattspyrnunni. Ég skil til dæmis ekki hvers vegna sumir halda með Arsenal, nei grín.“

Eliza Reid

„Þar sem hvorki Kanada né Skotland komust í lokakeppnina þá er of erfitt fyrir mig að velja annað lið. Það er bara Ísland alla leið fyrir mig.“

Sigmundur Davíð og Bjarni Ben

Svör höfðu ekki borist frá Sigmundi og Bjarna áður en blaðið fór í prentun. Teikn eru á lofti um að stjórnmalaleiðtogarnir muni styðja lið Panama með ráðum og dáð ef íslenska liðið nær sér ekki á flug. Það hefur þó ekki fengist staðfest.

Yrsa Sigurðardóttir

„Ég hef ákveðið að halda með Úrúgvæ, eingöngu vegna þess að það heldur ábyggilega enginn með þeim nema innfæddir. Það fer ekkert sérstaklega mikið fyrir þeim í það minnsta. Ef við vinnum ekki er best að Úrúgvæ vinni. Egyptaland má svo vera í öðru sæti.“

Máni í Harmageddon

„England. Íslendingar elska enskan fótbolta meira en allt. Ég bara skil ekki lands mína sem styðja ekki enska landsliðið,“ segir Máni.

Sema Erla Serdar

„Fyrir utan Ísland held ég auðvitað alltaf með Tyrklandi í boltanum, en þar sem þeir eru ekki með á HM í sumar verð ég að segja að auk Íslands ætla ég að halda með Portúgal eins og ég hef gert alla tíð síðan Luis Figo var upp á sitt besta.“





Edda Björgvins

„Er HM einhver verslun?“

Stefán Pálsson

„Úrúgvæ hefur alltaf verið mitt lið,“ segir Stefán. Hann segir ástæðuna að einhverju leyti vera sagnfræðilega og bendir á að Úrúgvæ hafi borið sigur úr býtum á fyrsta heimsmeistararmótinu árið 1930. Þá heilli hann einnig að Úrúgvæ sé smáþjóð, enda aðeins um þrjár milljónir íbúa þar í landi. „Sé horft til þess þá eru þeir mesta fótboltaþjóð heims. Þeir rúlla okkur Íslendingum upp þegar kemur að öllum höfðatölum. Þeir eiga frábæra leikmenn sem eru prímadonnur í sínum félagsliðum en þegar þeir koma saman þá pakka þeir í vörn og berjast sem eitt lið. Þetta er íslenska liðið með hæfileika,“ segir sagnfræðingurinn.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir

„Ég get ekki gert upp á milli Svía eða Dana. Ég bjó í báðum löndum og bykir vænt um þau.“

Logi Einarsson

„Argentína. Ég hef alltaf verið hrifinn af skapandi suðuramerískum leikstíl, þar sem einstaklingar fá að njóta sín og brydda upp á hinu óvænta. Þá eru þeir líka harðir í horn að taka og geta spilað fast þegar við á.“

Dóra Björt Guðjónsdóttir

„Perú. Því mér bykir vænt um landið. Einu sinni fór ég til Perú í bakpokaferðalagi um Suður-Ameríku og smakkaði Ceviche í fyrsta sinn, perúska fiskrétt. Það er ekki frásögur færandi nema vegna þess að meðan á þessari dásamlegu máltíð stóð, sem var alveg svakalega góð, slysaðist ég til þess að gleypa risa chili-flykki í nánast heilum bita, enda hélt ég að þar væri háflslöpp tómatsneið á ferð. Allt starfsfólkið kom askvaðandi til að reyna að bjarga málnum og hjálpa mér. Það fór að leka úr öllum götum, mér leið eins og allur líkaminn væri að brenna upp og það eina sem hjálpaði var að skella í kjaftinn nokkrum skeiðum af strásýkri. En þetta er eftirminnlegt.“

Siggi Hlö

„Ítalirnir hafa alltaf verið mínir menn en þeir þurftu að sitja eftir með sárt ennið í ár,“ segir útvarpsmaðurinn góðkunn. Af þeim sökum vonar Siggi að Englendingar fari að láta að sér kveða enda sé hann mikill áhugamaður um enska boltann. „Englendingar verða mitt lið númer tvö. Það væri samt gaman að slá þá út aftur,“ segir Siggi og hlær.

Jói Fel

„Ég hef alltaf haldið með Englandi á stórmótum. Þar þekkir maður flesta leikmenn og svo hefur maður fylgst vel með enska boltanum lengi,“ segir Jói.

Gústaf Níelsson

„Mitt lið númer tvö á HM er Þýskaland. Þar skortir ekki sigurveila og seiglu.“



GRETTIR
VATNSKASSAR
 Sími 577 6090

10 sem gætu orðið frægir eftir HM í Rússlandi

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Heimsmeistaramótið í Rússlandi hefst þann 14. júní en Ísland hefur leik tveimur dögum síðar er liðið mætir Argentínu. Leikurinn fer fram í Moskvu en um er að ræða sögulegan viðburð fyrir Íslendinga sem leika sinn fyrsta leik á heimsmeistaramóti í knattspyrnu, stærsta

íþróttaviðburði í heimi, keppni sem allir knattspyrnumenn vilja taka þátt í. Ísland verður langminnsta þjóðin sem hefur spilað á þessu móti. Á hverju móta koma upp stjörnur sem allur heimurinn þekkir kannski ekki, við höfum tekið saman tíu slíka en þar má finna einn íslenskan leikmann sem gæti orðið heimsfrægur í sumar. ■

Jóhann Berg Guðmundsson 27 ára, kantmaður, Ísland

Það kom mörgum á óvart hversu öflugur Jóhann Berg var með Burnley í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Var hann einn besti leikmaður liðsins er liðið tryggði sér sæti í Evrópu deildinni. Hann var einn besti leikmaður Íslands í undankeppni HM og nú gæti hann tekið skrefið og orðið stjarna Íslands í Rússlandi.

Fyodor Smolov 28 ára, framherji, Rússland

Verður lykilmáður hjá heimaþjóðinni, miklar væntingar eru gerðar til Smolovs varðandi árangur Rússa á HM. Hann hefur verið leikmaður ársins þrisvar í röð í Rússlandi en hann er í herbúðum FK Krasnodar. Rússar eru með slakasta liðið á HM samkvæmt styrkleikalista FIFA.

Aleksandr Golovin




21 árs, miðjumaður, Rússland

Er aðeins 21 árs en hefur náð ansi langt, er með 17 landsleiki fyrir Rússland og 113 leiki fyrir CSKA Moskvu. Var öflugur í Evrópu deildinni í ár, kraftmikill og með mikla sköpunargáfu.

Lucas Torreira

22 ára, miðjumaður, Úrúgvæ

Hefur hrifið marga með leik sínum í Seriu A á Ítalíu með Sampdoria, frábær bæði með og án bolta. Er mjög góður að vinna boltann en er einnig með öflugan löpp, góð skot og góðar sendingar. Er leikmaður sem Úrúgvæ hefur mjög lengi vantað.



Giorgian De Arrascaeta

23 ára, miðjumaður, Úrúgvæ

Þessi 23 ára gamli leikmaður hefur sannað sig hjá Cruzeiro í Brasilíu. Er sagður einn besti leikmaður utan Evrópu, góður á boltann og sérstaklega öflugur á síðasta þriðjungi. Gæti farið til Spánar eftir mótið.



Pione Sisto

23 ára, kantmaður, Danmörk

Sisto leikur á Spáni og fór undir radarinn með Celta Vigo í vetur, var í slöku liði en Sisto er alltaf ógnandi. Er með frábærar sendingar og getur orðið óvænta stjarnan í liði Dana í sumar. Danir hafa á sterku liði að skipa og gætu komið mjög á óvart í Rússlandi.



Cristian Pavon

22 ára, kantmaður, Argentína

Argentína hefur sterka leikmenn í sínum röðum en tók Pavon með sem gæti verið klókt. Hann hefur verið geggj-aður með Boca Juniors í heimalandinu og er klár í stóra skrefið til Evrópu. Skoraði sex mörk og lagði upp 11 í 26 leikjum á tímabilinu sem var að klárast.



Sardar Azmoun 23 ára, framherji, Íran

Hefur ekki verið neitt sérstaklega duglegur að skora fyrir félagsslið sitt en Azmoun hefur skorað 23 mörk í 31 landsleik. Mögnuð tölfræði en iðulega eru menn að skora minna fyrir landslið sitt en félagsslið. Íran er í riðli með Spáni, Portúgal og Marokkó og verður því erfitt fyrir Íran að gera eitthvað. Þeirra von er Azmoun.



Amine Harit

20 ára, miðjumaður, Marokkó

Þessi öflugi leikmaður Schalke er svolítið óslípaður demantur. Það er martröð varnarmanna að eiga við hraða hans og góðan fótboltaheila. Hann fær frelsi til að sækja eins og hann vill hjá Marokkó. Harit gæti sprungið út í Rússlandi.



Goncalo Guedes

21 árs, kantmaður, Portúgal

Portúgal er duglegt að búa til öfluga sóknarmenn. Guedes er í eigu PSG en var á láni hjá Valencia á leiktíðinni sem var að klárast. Er einn besti ungi kantmaður í heiminum, skoraði fimm mörk og lagði upp níu í La Liga á síðustu leiktíð.



DÝÑNU DAGAR



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DÝÑUM
OG SVAMPI

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri



SKYRTUR
frá 1.790 kr.

next
KRINGLUNNI

„Hugsa út fyrir boxið“

■ Stefán Örn heillast ekki af nýjum bílategundum ■ Með fornbílaflota á Bolungarvík

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Stefán Örn Stefánsson, meistari í bifreiðasmíði, er stoltur eigandi einu DeLorean-bifreiðarinnar sem skráð er á Íslandi. Bíllinn er sport-bifreið úr ryðfríu stáli og trefjaplasi með vængjahurðum. Tegundin er mörgum kunnug og sást sams konar kerra í Back to the Future-myndunum og gegndi bíllinn þá hlutverki tímavélar sem var til taks fyrir Marty McFly til taks í þrileiknum fræga.

Aðeins voru tæplega 9.000 eintök af DeLorean framleidd á árunum 1981 og 1982 og er talið að 6.500 eintök séu enn til. Virði þessa bíls er um 30 þúsund bandaríkjadollarar í dag eða um fjórar milljónir króna.

Fornbílaflotinn sem Stefán safnar til varðveislu er í geymslu í Bolungarvík, meðan eigandinn vinnur við smíðar í Grindavík. Bílarnir eru í kringum 15 talsins en þó segir Stefán að ekki fari á milli mála hvaða bifreið í safninu ber af sem stærsta krúnudjásnið og er það að sjálfsögðu tvennra dyra silfurstálið frá Svíþjóð sem Marty McFly notaði til að ferðast milli ára.

„Back to the Future er náttúrlega bara besti þrileikur sem hefur verið gefinn út. Ég var bara fimm ára þegar fyrsta myndin kom út en þær höfðu allar mikil áhrif á mig og ég fæ enn gæsahúð þegar ég horfi á þær í dag.“

Stefán safnaði úrklippum af DeLorean-bílum úr erlendum bílablöðum sem hann ramm-aði inn og hengdi upp á vegg. „Aldrei átti ég svo sem von á



því að sá draumur myndi rætast að ég eignaðist svona bíl einn daginn.“

Sýningarbíllinn í safninu
Stefán eignaðist De Lorean-bifreiðina sumarið 2005. Bíllinn

They don't make them like they used to

var hvergi auglýstur til sölu en Stefán hafði samband við eigandann og falaðist eftir honum. „Ég keypti hann af Sindra stáli, sem var umboðsaðili þessa sænska stáls hér á Íslandi,“ segir Stefán. „Þeir fluttu bíllinn inn árið 1998 og sýndu hann á bílasýningu í Laugardalshöllinni. Ég sá hann þar fyrst og heillaðist alveg.“

Bætir hann við að þetta sé eini bíll sinnar tegundar sem er skráður á Íslandi og að einu sinni áður hafi verið fluttur inn sambærileg tegund til þess að taka þátt í sýningu tengdum Sænskum dögum, en það var vegna þess að ryðfría stálið sem notað er í yfirbygginguna er framleitt í Svíþjóð.


Eintakið af DeLorean-bílnum sem er í safni Stefáns er gamall sýningarbíll, „allur original og meira að segja á upphaflegu dekkjunum. Hann er ekki ekinn nema um 8.600 mílur.“

Áður en bíllinn sló í gegn í Back to the Future þótti útlit hans afar umdeilt, en með tilkomu myndarinnar komst útlitið á bílnum í mikla tísku.

Stefán segir að útlit bíla sé vissulega smekksatriði, en í hans tilfelli hefur hann lítinn sem engan áhuga að eignast nýjan eða nýlegan bíl. Segir hann það ekki bara vera vegna útlitsins, heldur notar hann klassíska frasann: „They don't make them like they used to.“

Hverfur ekki í fjöldann

„Bílar eru mitt aðaláhugamál, að gefa gömlum hlutum líf, nýtt hlutverk og þess háttar,“ segir Stefán



sem segist hafa reglulega hang-ið með viðgerðarmönnum frá þrjúgjá ára aldri og segir bíladelluna hafa umhugsunarlaust kviknað þar. „Í götunni sem ég ólst upp í voru þrír „skúrarakarlar“ sem voru alltaf að brasa eitthvað í skúrnum við götuna, gerandi við bíla, þá ýmist beyglur, ryðbæta og fleira í þeim dúr.“

Yngsti bíllinn í safni Stefáns er 20 ára gamall. „Mér finnst ekki gaman að aka um á nákvæmlega eins bíl og Siggí í næstu götu á,“ segir Stefán.

„Ég myndi segja að ég sé einstaklingur sem vill ekki hverfa inn í fjöldann,“ bætir hann við. „Ég tek ekki þátt í lífsgæðakapphlaupi eða neinu slíku og kys að hugsa út fyrir boxið.“

Elsti bíllinn í safni Stefáns er 66 ára gamall. Það er fernra dyra Chevrolet frá 1952. Margir bíllanna eru óuppgerðir og segir Stefán að hann safni að sér bílum til að varðveita þá. Hann hvorki segir né lofar að hann muni einhvern tíma gera þá alla upp. „Mig langar að gera það, en maður þarf að hafa tíma til þess. Vonandi fæ ég núna löngun til að dútla aftur við bíla á kvöldin. En á meðan ég bíð eftir tíma, þá bíða bílarnir í geymslunni ásamt varahlutum sem ég hef líka sankað að mér.“

ERT ÞÚ AÐ SMÍÐA PALL ?

Pallinn upp á einfaldari hátt með jarðvegsskrúfum



„Hljóð eru ósýnileg“



Listakennarinn Þórunn Björnsdóttir verður með tónlistargjörninginn Ísland - Argentína á Listahátíð

Guðni Einarsson
gudni@dv.is

Það vita eflaust flestir að þann 16. júní næstkomandi mun Ísland eita kappi við Argentínu á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Moskvu. Það vita hins vegar færri að sama dag mun hljóðlistakonan og listamaðurinn Þórunn Björnsdóttir eina til gjörnings á Listahátíð Reykjavíkur undir heitinu Ísland - Argentína. Þórunn ætlar að færa þennan sögulega fót-boltaleik inn á dagskrá Listahátíðar með hljóðlistina að vopni þar sem hún skapar hljóðheiminn, innblásinn af framvindu leiksins. Guðni Einarsson hittir Þórunnu á dögum og fræddist um listamanninn og gjörninginn Ísland - Argentína.

Hver er Þórunn Björnsdóttir?
Ég er starfandi listamaður og listakennari. Ég er fædd á Íslandi og hef búið hér meirihluta lífs míns. Ég er alin upp í umhverfi þar sem tónlist hafði mikið vægi, tónlist var ýmist spiluð eða sungin. Þetta hafði mótanandi áhrif og varð til þess að ég fór í tónlistarnám. Á þeim vettvangi leitaði ég ýmissa leiða til að tjá mig og kláraði burtfararpróf frá FÍH í klassískum píanóleik. Á þeim tímamótum langaði mig til að víkka hugann og þyrsti í að skoða hvernig ólíkar listgreinar mætast. Ég sótti þar af leiðandi um í Listaháskólanum í Haag í Hollandi þar sem reyndi á þverfaglega nálgun í listsköpun. Deildin mín vann að verkefnum í Listaháskólanum og í Tónlistarháskólanum í Haag og fékk ég svigrúm til þess að þjálfá huga og hönd frekar og reyna ýmsar leiðir við smíðar og samsetningar með ólík efni, sjónrænt og með hljóð og tónlist. Þarna kynntist ég raftónlistinni betur og uppgötvaði ýmsar leiðir til tónsmíða.

Í Hollandi lærði ég frekar að taka sjálfstæðar ákvarðanir við mótun, úrvinnslu og framkvæmd eigin verka sem og auka næmni mína gagnvart innsæi mínu og hugmyndaflugi. Innsæið er mikilvægasta tækið í listsköpuninni. Frá því að hugmynd fæðist þar til þú ert komin með fullmótað verk er langt og strangt ferli þar sem gefa verður innsæinu pláss og traust þar til þeir þættir sem bera verkið uppi smella saman. Þannig verður verkið framlenging af manni sjálfum, birtingarmynd ólíkra hugmynda, færni, drauma og persónueinkenna sem renna

saman eða þéttast í áþreifanlegt eða áheyrilegt form.

Hvernig lýsir þú list þinni?
Starf mitt sem listamaður felur í sér þverfagleg vinnubrögð og þreifingar. Ég hef unnið þvert á miðla og leyfi hugmyndum að móta efnistökin eftir því sem mér finnst viðeigandi hverju sinni. Ég fæ innblástur víða að; frá vísindum og heimspeki, úr daglegu lífi, frá upplifun listaverka, frá veðri og náttúru og úr tilfinningalífnum. Úrvinnsla hugmynda byggir svo á fegurðarþrá og lífsþorsta; að finna fyrir mennskunni og náttúru og uppgötvunum á mörkum ljóss og myrkurs. Ég reyni að lifa og skapa með opnum huga og hjarta og umgengst umhverfið á rannsakandi máta og gaumgæfi fyrirbærin í kringum mig.

Hvernig lítur þú á hljóðlist?
Ég hef unnið mikið með hljóð. Frá unga aldri hef ég leikið mér að því að veiða eða einangra hljóð í umhverfinu og rýna í þau. Hljóð eru spennandi og kveikja innra með manni ótal myndir og hugrenningatengsl. Fyrsta skrefið í að vinna með hljóð sem listrænan miðil er að hlusta. Hljóðlist og áhersla á upplifun hljóðs í listsköpun markar upphaf á 20. öldinni þegar listgreinar fóru að renna saman. Eðli hljóðlistar er þverfagleg og útfærslan margs konar.

Hvernig er vinnuferlið þitt?
Hljóð eru ósýnileg en þegar ég veiti hljóði athygli þá er ég að hlusta, skynja, skilja og tengjast umhverfinu sem eykur næmni mína fyrir blæbrigðum og margbreytileika innra og ytra umhverfis. Vegna eðlis síns getur hljóð haft gífurleg áhrif á líkama okkar og vellíðan og virkjað minningar og tilfinningar. Oft verð ég gagntekinn af einhverju hljóði og þegar ég er búin að fanga það í upptöku þá vinn ég með áferð þess og blæbrigði á músíkalskan hátt. Þá leyfi ég hljóðinu að tala til mín og það sem birtist innra með mér þegar ég hlusta hefur mikil áhrif á útkomu verksins. Hljóðheimurinn er leiðandi í verkum mínum hvort sem það er við gerð hljóð-/tónverka eða myndverka og skúlptúra.

Hvað finnst þér um listalífið á Íslandi?

Mér finnst listalífið á Íslandi vera í miklum blóma. Ég vinn með listamönnum úr ólíkum áttum og það er ansi magnað þegar maður finnur samhljóm með öðrum í listsköpuninni. Það er afar mikilvægt í okkar smáa samfélagi að listamenn

Þegar ég veiti hljóði athygli þá er ég að hlusta, skynja, skilja og tengjast umhverfinu.

tali og vinni saman, þenji sjáöldrin og leggi við hlustir; séu greinandi og gefandi gagnvart umhverfi sínu og með rásirnar tengdar út í heim. Listamenn hafa ákveðna sérstöðu hér á landi og í raun ríkir hér mikil friðsæld til listsköpunar, það kann ég að meta.

Um hvað fjallar verkið Ísland - Argentína og hvernig fékkstu hugmyndina að verkinu?

Verkið Ísland - Argentína er gjörningur. Gjörningurinn felst í því að færa þennan mikilvæga og sögulega fót-boltaleik inn á dagskrá Listahátíðar. Þannig er íþróttaleiknum stillt upp á sama vettvangi og

listsköpuninni og þrátt fyrir að annað sé óháð hinu felst hvort um sig í því að færa áhorfendur inn í annan heim; leiða þá áfram í sameiginlegum draumi um tíma. Fót-boltinn sameinar og sundrar, ærir fólk úr spennu alls staðar í heiminum. Fólk gagnrýnir ekki eða efast um reglur og táknerfi leiksins heldur felst áhugi manna í því að fylgjast með líkamlegri fimi og sköpunarkrafti leikmanna á vellinum og hvernig liðsheilid og liðsandi sigrast á andstæðingnum. Allur tilfinningaskalinn virðist njóta sín í fót-boltanum og vonin um sigur sem býr í brjósti manna er magnað hreyfiafl.

Það er í raun hægt að sækja sér endalausan innblástur til listsköpunar úr þeim aðstæðum sem fót-boltaleikurinn býr til. Leikurinn Ísland - Argentína er sérstaklega áhugaverður fyrir þær sakir að þarna eru að mætast lið frá svo ólíkum menningarheimum og litrófið stórkostlegt. Í Argentínu virðist fót-

boltinn snúast um trúarbrögð og fyrir þeim er þetta ekki einungis spurning um að vera með á HM heldur að vinna mótið. Velgengni íslenska karlalandsliðsins kemur mönnum á óvart erlendis þó að við Íslendingar virðumst skilja og skynja hvað það er sem hefur komið því svona langt enda slá hjörtu okkar í takt þegar kemur að þessari velgengni. Það er fallett.

Gjörningurinn á Listahátíð verður skemmtilegur og krefjandi og það er tilvalið að spreyta sig á þennan hátt. Tónlist hefur óendanlega breitt tjáningarsvið og hentar því vel inn í heim fót-boltans. Ég mun spila mig inn í leikinn með þau tæki og tól sem ég bý yfir og reyna að vinna líkt og þessir stórkostlegu skapandi og útsjónarsömu leikmenn sem þarna keppa. ■

Viðburðurinn fer fram þann 16. júní í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsinu og hefst kl. 13.00.



vivitek® Nýtt í NovoConnect línunni frá Vivitek: NovoCast



NovoConnect fjölskyldan frá Vivitek



Dalvegi 16b / S. 510 0500



Tónlistarkonan Karlotta Laufey úr Vicky:

TRYLLT Í „EITÍS“ OG ÞOLIR EKKI COLDPLAY

■ Komin saman aftur og lítið breyst ■ „Í Kína var fólk bara gjörsamlega tryllt“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Hljómsveitin Vicky hefur komið saman aftur eftir langt hlé, en nafn hljómsveitarinnar kemur frá persónunni Vicky Pollard úr grínþáttunum Little Britain. Bandið var stofnað árið 2007 og hljómsveitina skipa þau Orri Guðmundsson, Baldvin Freyr Þorsteinsson, Ástrós Jónsdóttir, Eygló Scheving og Karlotta Laufey Halldórsdóttir.

„Það var komin einhver stöðun í þetta hjá okkur,“ segir Karlotta Laufey og segir hljómsveitina hafa þurft á breytingu að halda eftir samfellda spilamennsku hverja helgi í nokkur ár. „Fólk fór í nám, barneignir, Sauðfjárrækt og bara hitt og þetta. Svo fyrir tveimur árum ákváðum við að hittast aftur og taka smá æfingar. Bara núna í lok síðasta árs ákváðum við að spila aftur og byrja að taka upp.“

Karlotta segir hljómsveitina nú hafa sent frá sér tvö lög á hálfu ári og þau héldu fyrstu tónleika sína síðustu helgi á Gauknum eftir pásuna. Næst stefna þau að tónlistarhátíðinni Secret Solstice og segir Karlotta að það sé auðvelt að muna. „Ef Ísland-Nígería leikurinn er nýbyrjaður, þá stígum við á svið, svo það er engin afsökun að gleyma sér og mæta ekki.“



Áður þekkt sem Minx

Að sögn gítarleikkonunnar hefur mórallinn hjá hljómsveitinni ekkert breyst. „Miðað við stemninguna er eins og við höfum aldrei tekið okkur pásu, en auðvitað eru

hlutir aðeins öðruvísi þegar fólk er komið með tvö eða þrjú börn eða rúmlega þrjú þúsund rollur.“

Karlotta segir tónlistaráhuga sinn og draum hafa kviknað snemma. „Pabbi minn er gítar-

leikari og það kom aldrei annað til greina en að ég myndi enda í tónlist,“ segir hún. „Hann kenndi mér á gítar þegar ég var 13 ára og svo hef ég kennt sjálfri mér eftir það, með nokkrum misheppnum stoppum í tónlistarskólum. Ég byrjaði svo ekki í bandi fyrr en stelpurnar í Vicky, þá Minx, buðu mér trommarastöðu á sínum tíma sem ég tók, en vék sem trommari fyrir Orra Guðmundssyni stuttu síðar og fór yfir á gítarinn. Sem betur fer, segi ég bara.“

Gítarleikkonan segir margar minningar hafa orðið til hjá hljómsveitinni, en ekki fer á milli mála að með því eftirminnilegasta á liðnum árum voru tónleikar sem haldnir voru í Kína. „Eftir það breyttist algjörlega tilfinningin hjá manni fyrir tónleikahaldi og stemningu tengdri tónleikum. Þetta var alveg fáránlega þroskandi ferðalag fyrir bandið,“ segir Karlotta.

„Ef Ísland-Nígería leikurinn er nýbyrjaður, þá stígum við á svið.“

„Þarna breyttist þetta hjá okkur úr að spila einungis á börum í Reykjavík, eins sjúklega gaman og það var, yfir í að spila í nýrri heimsálfu fyrir fólk sem hafði allt aðra menningu tengda tónleikum. Í Kína var fólk bara gjörsamlega tryllt.“


Í tveimur hljómsveitum og flytur inn fót

Áhrifavaldar hljómsveitarinnar Vicky koma úr öllum áttum að sögn Karlottu: „allt frá Pantera, Kiss, Van Halen til Manson, Queen og jafnvel Cher. Svo er Eygló alveg tryllt í Aron Can þessa dagana, en sem betur fer erum við öll mjög ólík á margan hátt, en það kemur allt saman í eina klessu þegar við hittumst og spilum saman,“ segir hún.

Þegar Karlotta spilar ekki á gítarinn eða spreytir sig í tónlistarsköpun með uppáhaldsfólkinu segist hún vera sérlega mikið gefin fyrir húðflúr, mótórhjól, vinnu og bjór: „Þetta klassíska bara,“ eins og hún segir. „Einnig tvinnast vinnan inn í áhugamálin þessa dagana þar sem ég sé um að flytja tískufatnað til landsins sem verslunarstjóri í Rokk & Rómantik.“

Karlotta er mikil fjöllistakona sem segir músikunnandann í sér vera „tryllt í eitís, þá aðallega glamið,“ en gítarleikarinn er einnig í hljómsveitinni The Retro Mutants sem spilar svonefnt „synth-popp í eitís-stíl“. Aðspurð hvort það sé einhver tegund af tónlist sem hún þolir ekki var svarið hjá Karlottu skýrt og auðsvarað: „Coldplay!“ ■

SÉRHÆFUM OKKUR Í FRAMLEIÐSLU
Á FORMBEIGÐUM **BORÐPLÖTUM**



Fanntófell

Bíldshöfða 12 / S. 587 6688 / fanntofell.is



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Jarðarberjaspínatsalat

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Það er auðvelt að útbúa salat í krukku, jafnvel að útbúa nokkur í einu, því flest geymast þau fimm daga í ísskápnum áður en neytt er. Mælt er hins vegar með að raða lögnum í ákveðinni röð í krukuna:

1. Dressing fyrst.

2. Grænmeti sem þola að marinerast vel í dressingunni (gúrkur, laukur, sveppir og grasker sem dæmi).

3. Grænmeti sem við viljum halda frá því að liggja í dressingunni.

4. Prótín.

5. Kál.

6. Ostur, hnetur, þurrkaðir ávextir og slíkt.

Áður en neytt er þá er krukkan

hrist þannig að dressingin dreifist vel og salatinu síðan hellt í skál og borðað, eða borðað beint úr krukunni.

Undirbúningstími: 10 mínútur
Dugar fyrir tvær krukur af salati Jarðarberjaspínatsalat með steiktum/grilluðum aspás og kjúklingi, agúrkum, avókadó, rauðlauk, ristudum möndlum og dressingu.



Innihald

- 6 matskeiðar dressing
- 1/4 bolli rauðlaukur skorinn
- 1/2 bolli gúrkusneiðar
- 4 jarðarber skorin
- 1/2 bolli steiktur/grillaður aspás, skorinn
- 1/4 avókadó, skorid
- 200–300 g steiktur/grillaður kjúklingabringur
- 1/2 poki spínat
- 2 matskeiðar ristaðar möndlufögur
- Dressing

Dressing

- 1/2 bolli ferskur greipaldinsafi
- 1 matskeið hlýsíróp
- 1/2 teskeið sjávarsalt
- 1/4 teskeið mulinn pipar
- 1 teskeið dijonsinnep
- 1 hvítlauksgeiri, pressaður
- 1 teskeið birkifræ
- 1/2 matskeið olíufuolía

Leiðbeiningar

Útbúðu dressinguna með því að blanda öllum hráefnum saman. Magn er um það bil einn bolli. Taktu tvær krukur og raðu hráefninu í lög eins og fyrr sagði: dressing, laukur, gúrka, jarðarber, aspás, kjúklingur, avókadó, spínat og möndlur. Hristu krukuna þegar borða á salatið og helltu á disk.

Prifarád Sólrúnar Diego: Svona þrífur þú fartölvuna

Samfélagsmiðlastjarnan **Sólrún Diego** hefur notið mikilla vinsælda á samfélagsmiðlum og netinu. Haustið 2017 kom hennar fyrsta bók út, *Heima*, þar sem hún kennir nýjar og skilvirkar leiðir til að halda heimilinu hreinu og fallegu án mikillar fyrirhafnar.

Hér birtum við einn kafla úr bókinni, sem fjallar um þríf á tækinu, sem flest okkar nota daglega; fartölvunni.

Á lykklaborði dæmigerðrar fartölvu er talsvert meira af bakteríum en við kærur okkur um að vita. Til að hinda að þær dafni á tölvunni er gott að þrifa hana með þessum einfalda hætti.

Fljótleg þríf á fartölvu

- Hvað þarftu?
- Tvær tuskur
- Skál
- Vatn
- Edik eða uppþvottalög
- Eyrnapinna eða tannstöngul

Slökktu á tölvunni, lokaðu henni og ekki hafa hana í sambandi við rafmagn.

Blandaðu ediksblöndu í skál. Í stað ediksblöndu má nota nokkra dropa af uppþvottalegi út í vatn.

Dýfðu hluta af tuskunni í blönduna og vittu hana mjög vel þar til hún er rétt svo rök. Strjúktu af ytra byrði tölvunnar með raka hluta tuskunnar og þurrkaðu hana svo vel með þurra hlutanum.

Opnaðu tölvuna. Taktu eyrnapinna eða tannstöngul og renndu honum á milli takkana á lykklaborðinu til að losa um óhreinindi. Strjúktu svo yfir með raka hluta tuskunnar og þurrkaðu með þurra hlutanum. Það er mjög mikilvægt að tuskun sé ekki blaut þar sem ekki má fara vatn inn í tölvuna.

Taktu þurra tösku og nuddaðu skjáinn með henni til að ná burt fingraförum, ryki og öðrum óhreinindum. Oft fylgja fingerðir klútar

með raftækjum eða gleraugum sem henta líka sérstaklega vel í þetta vek.

Ekki bleyta tölvuna

Það er mjög mikilvægt að bleyta aldrei tölvuna, hvorki skjáinn, lykklaborðið né hvers kyns op á henni, því slíkt getur eyðilaggt hana.

Sérstök hreinsiefni fyrir raftæki

Til eru sérstök hreinsiefni fyrir tölvuskjá sem seld eru í raftækjaverslunum. Einföld aðferð eins og lýst er á þessari opnu þarf alls ekki að vera síðri en að nota slík hreinsiefni.

Örtrefjatuskur fyrir raftæki

Þegar strokið er af raftækjum með tsku er mikilvægt að nota sérstök örtrefjatusku en ekki aðrar tegundir af tuskum. Þá þarf alltaf að gæta að því að tuskan sé hrein.

Setja í box:

- Ediksblanda
 - 1/4 borðedik
 - 3/4 vatn
 - Nokkrir dropar af ilmkjarnaolíu
 - Best er að blanda hana í úðabrúsa og hafa hann svo við höndina ásamt tsku þegar heimilið er þrifið.
- Sumir kjósa að hafa blönduna sterkari og má að sjálfsögðu hafa helmingshlutföll af ediki og vatni.

Ilmkjarnaolían gerir ilmminn mun ferskari.

Nota má blönduna við flestar tegundir þrifa, en þó aldrei á náttúrustein.

Fylgjast má með Sólrúnu á heimasíðu hennar: solrundiego.is og Facebook, Instagram og Snapchat: [solrundiego](https://www.instagram.com/solrundiego).



Saumastofa
ÍSLANDS

Við erum flutt á
malarahöfða 2
110 Reykjavík
2. hæð

Fataviðgerðir og
fatabreytingar





dk iPos snjalltækjalausn

Fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is



Sigríður greindist með sjaldgæft b

„Stundum vildi ég bara gefast upp og leyfa meininu að sigra mig“

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



I lok árs 2016 varð Sigríður Þorsteinsdóttir vör við sár sem myndast hafði við aðra geirvörtu hennar. Sigríður gerði þó ekki mikið mál úr því enda gerði hún ráð fyrir að sárið hefði myndast vegna þess að hún var á þessum tíma með dóttur sína, þriggja mánaða gamla, á brjósti. Fljótlega fór hún að taka eftir fleiri sárum um líkama sinn og um hálfu ári seinna greindist hún með sjaldgæft blóðkrabbamein sem átti eftir að breyta lífi hennar.

„Á nokkrum dögum voru sárin búin að dreifa sér um allan líkamann og líktist þetta mest hlaupabólu fyrst. Ég fór til læknis þann 27. desember og á næstu mánuðum vissu engir læknar hvað þetta var. Ég fór í fimm húðsýnatökur, nokkrum sinnum í skanna og alls konar rannsóknir en aldrei gátu þeir fundið út hvað þetta var,“ segir Sigríður, sem er aðeins 27 ára gömul, tveggja barna móðir. Hún er búsett á Akureyri með sambýlismanni sínum.

Upplifði óbærilegan sársauka

„Ég fór síðan í skurðaðgerð í

Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera svo ég stökk út í lífið eins og ekkert hefði í skorist.

handarkrika því þar var bólginn og sýktur eitill. Þá var sárið á geirvörtunni orðið ansi stórt og var farið að vaxa út úr brjóstinu. Sársaukinn var því orðinn óbærilegur en lækarnir vildu þó ekki skera það í burtu.“

Það var ekki fyrr en í skurðaðgerðinni á handarkrikanum sem skurðlæknirinn tók þá ákvörðun að það yrði að skera sár Sigríðar í burtu áður en skaðinn yrði skeður.

„Guði sé lof fyrir skurðlækninn að þetta ferlíki var skorist í burtu. Ég fór því í aðra aðgerð á innan við mánuði og mjög stutt er á milli skurða, aðeins um tíu sentimetrar. Ég er ekki með neina tilfinningu á þessu svæði ennþá,“ segir hún.

Aðgerðin á sári Sigríðar var framkvæmd þann 15. maí árið 2017 og tæpum tveimur vikum síðar fékk hún þær hörmulegu fréttir

að um krabbamein hefði verið að ræða.

„Þetta heitir á íslensku húðfrumueitlakrabbamein og er einhvers konar blóðkrabbamein. Ég var svolítið reið því ég var búin að væla, tuða og skæla undan þessu ferlíki allan tímann en aldrei var hlustað á mig.“

Varð hrædd þegar krabbameinið var farið

Þann 12. júní hóf Sigríður erfiða lyfjameðferð þar sem hún mætti í sex skipti og innbyrti um tíu mismunandi tegundir af lyfjum í senn.

„Þetta var átakanlegur og erfiður tími. Ég gerði mitt besta til að sýna það ekki, en þegar ég lauk lyfjameðferðinni og var orðin laus við meinið varð ég eiginlega hræddari en áður. Ég vissi ekkert hvað ég átti af mér að gera svo ég stökk út í lífið eins og ekkert hefði í skorist. Ég byrjaði að vinna af fullum krafti ásamt því að sinna heimilinu.“



Einungis tveimur vikum síðar fóru ný sár að myndast á höfði Sigríðar. Rannsóknir leiddu í ljós að um sams konar krabbamein var að ræða.

„Ég fór of hratt út í lífið, fagnaði of mikið og greindist svo með sama krabbameinið. En núna var ekki aftur snúið, ég fékk nýtt lyf sem er eins konar mótefni við mínu krabbameini og núna þarf ég að fara í sextán skipti í lyfjagjöf, á þriggja vikna fresti. Fyrir þessa lyfjameðferð fékk ég lyfjabrunn sem er festur í vöðva rétt neðan við viðbeinið hægra megin. Það er sömu megin og hinar tvær aðgerðirnar voru gerðar þannig að ég er alveg tilfinningalaus frá öxl og niður á síðuna á þeim helmingi líkamans, en það er ekkert annað í stöðunni, því æðarnar mínar eru eiginlega bara ónýtar eftir síðustu lyfjameðferð.“

Greindi börnunum ekki frá fyrra krabbameininu

Sigríður hefur fengið hjartsláttartruflanir vegna lyfjabrunnsins og er með stanslausu verki. Að hennar sögn eru aukaverkanirnar af lyfjunum samt það versta við veikindin. „Aukaverkanirnar eru verstu veikindin sem ég hef upplifað í gegnum þetta allt. Mér leið hræðilega af þeim en sem betur fer þá finn ég orðið minna fyrir þeim núna,“ segir Sigríður.

Þegar Sigríður greindist í fyrra skiptið ákvað hún að segja börnunum sínum ekki frá því að hún væri með krabbamein en þegar hún hóf seinni lyfjameðferðina greindi hún eldri stráknum sín-

Þegar ég greindist grét ég mjög mikið þegar enginn sá til.

um, sem er sjö ára gamall, frá veikindunum.

„Þegar ég greindist grét ég mjög mikið þegar enginn sá til en á endanum sætti ég mig við þetta. Aðrir í kringum mig voru eflaust í áfalli, en ég sagði við mitt fólk að neikvæðni og erfiðleikar væru ekki í boði.“

Jákvætt hugarfar Sigríðar hefur hjálpað henni að komast í gegnum þá miklu erfiðleika sem lagðir hafa verið á hana undanfarið ár.

„Ég ætla að sigra þetta. Ég hef látið eins og ég sé ekki veik, eða ég hef ekki þorað að leyfa mér það öllu heldur. Það hefur gert mér auðveldara fyrir að halda í jákvæðnina.“

Langaði að gefast upp


Á sama tíma og Sigríður komst að því að hún væri með krabbamein ákvað hún að taka mataræði sitt í gegn og fara að borða hollari fæðu.

„Aukaverkanirnar hjálpuðu til við holla mataræðið því ég gat ekki drukkið gos eða borðað þurrmat eins og brauð og svoléiðis. Ég borðaði hins vegar endalaust af ávöxtum og grænmeti. Það kom fyrir að ég féll í mataræðinu en þá

Frábært verð og falleg hönnun
Kíktu á sturta.is og skoðaðu úrvalið

sturta.is

St fyrir tilviljun blóðkrabbamein



kom ég mér bara af stað aftur.“

Sigríður segist í raun hafa verið búin að undirbúa sig fyrir að greinast aftur áður en að sárin byrjuðu að myndast í seinna skiptið.

„Það tók á að greinast aftur en ég var eiginlega búin að undirbúa mig fyrir það. Ég tók þessu samt á jákvæðan hátt aftur. Lyfjameðferðin gengur vel núna en það þurfti að minnka skammtinn um þriðjung, því að ég fékk svo svakalegar aukaverkanir. Sárin lokuðust fljótt eftir að lyfjagjöf hófst og ég held að horfurnar séu mjög góðar, þótt ég viti í raun ekkert um það.“

Sigríður viðurkennir að komið hafi upp tímabil þar sem hana langaði einfaldlega að gefast upp.

„Stundum vildi ég bara gefast upp og leyfa meininu að sigra mig. Ég var orðin þreytt, örmagna og búin að fá nóg. Ég held að þetta gerist hjá öllum sem berjast við krabbamein. Ég vildi samt ekki sýna alheiminum það, svo aðeins örfáir fengu að vita af því og fékk ég að heyra skammirnir fyrir að láta mér detta það í hug. Í svona bardaga við lífið er ómetanlegt að hafa fólk í kringum sig sem virðir mann og leyfir manni að berjast. Stuðningur og virðing er ómetanleg í þessu ferli sem og bataferlinu. Að hafa fólk til hliðar þegar maður snýst í hringi og veit ekkert hvernig maður á að lifa lífinu aftur.“

Ætlar að ferðast á meðan hún getur

Sigríður segist hlakka til að geta

„Það skiptir máli að taka einn dag í einu.“

hafið störf aftur, þegar hún verður búin að jafna sig almennilega á krabbameininu, en þangað til stefnir hún á að ferðast mikið.

„Ég er nýkomin heim frá Glasgow, sem ég fór til með manningum mínum, og er á leið til Noregs með stráknum mínum í enda júní. Í júlí er ég svo að fara með vinkonum mínum til Balí þar sem við verðum í tvær vikur og svo ætla ég á vörubílasýningu í lok ágúst með manningum og vinum okkar en ég hef starfað sem flutningabílstjóri undanfarin fimm ár.“

Sigríður segir enga tvo upplifa krabbamein á eins hátt en að mikilvægt sé að setta sig við og viðurkenna að krabbameinið sé til staðar.

„Það má ekki láta krabbameinið taka lífið og tilveruna yfir og það skiptir máli að taka einn dag í einu.“

Sigríður opnaði Snapchat til þess að leyfa fólki að fylgjast með henni takast á við krabbameinið og er hægt að fylgjast með henni undir notandanafninu: siggaath ■

LækjARBREKKA




Alltaf sígild
alltaf ljúf

Bankastræti 2
101 RVK
s. 551 4430

SAKAMÁL



16. júlí, 2006, gekk Kínverjinn Qiu Xinghua berserksgang í musteri taóista í Ankang-borg í Shaanxi. Þegar hann hafði lokið sér af lágu ellefu manns látnir í valnum; tíu karlmenn og einn kvenmaður. Fórnlömbin voru ýmist starfsfólk mustersins eða bændur úr grenndinni. Við ódæðið beitti Xinghua öxi. Hann var tekinn af lífi með skoti í höfuðið 28. desember 2006.

SKARTGRIP

■ Christopher og Nicole byrjuðu í innbrotum ■ Síðar sneru þau sér að skartgripav

Fjölskyldufyrirtæki hafa gjarna einhvern ljóma yfir sér, ekki síst þau sem hafa verið í eigu sömu fjölskyldu kynslóð fram af kynslóð. Upp að vissu marki má segja að starfsemi Christophers DiMeo og kærustu hans, Nicole Pearce, sem bæði voru 23 ára, hafi flokkast sem fjölskyldufyrirtæki því móðir Christophers, MaryAnn Taylor, lagði einnig sín lóð á vogar-skálarnar.

Reyndar varð starfsemin ekki langlíf; stóð yfir í nokkra mánuði, í kringum áramótin 2004/2005, og kostaði þrjú mannlíf.

Úr innbrotum í rán

Um tveggja mánaða skeið stóðu ungmennin og mamman í stór-ræðum. Í fíkniefnavímu rændu þau hverja skartgripaverslunina á fætur annarri og hver hafði sitt hlutverk.

Reyndar hafði starfsemin ein-skorðast við hefðbundin innbrot áður, en arðgreiðslur munu ekki hafa réttlætt þann vettvang og því var starfsemin uppfærð.

Kynntust á lögreglustöð

Christopher var enginn ný-græðingur þegar kom að glæpum. Hann hafði setið inni í þrjú ár vegna ráns og státaði einnig af nokkrum sakfellingum fyrir innbrot og höndlun með stolið góss.

Christopher og Nicole voru bæði á reynslulausn þegar leiðir þeirra lágu saman, reyndar á lögreglustöð í San Diego þar sem ætlinin var að skrá sig hjá skilorðsfulltrúa.

Þau komust að þeirri niðurstöðu að þau vildu frekar blanda geði við hvort annað en skilorðsfulltrúann og stungu af. Þau tóku bifreið afa og ömmu Christophers

Christopher DiMeo Enginn nýgræðingur í afbrotum.



”
Þau eru Bonnie og Clyde og mútta

ófrjálsri hendi og brunuðu til New York og rændu nokkrar verslanir á leiðinni.

Mamman með sakaskrá

Í nóvember 2004, eftir að hafa brotist inn í nokkur hús á Long Island

og í Connecticut, ákváðu þau að stækka við sig á austurströndinni og fá móður hans með sér í lið.

MaryAnn hafði eignast Christopher 17 ára að aldri. Hann hafði að mestu alist upp hjá móðurforeldrum sínum og móðir hans verið meira eins

og eldri systir. Sjálf hafði MaryAnn ekki hreinan skjöld og hafði á saka-skrá sinni þjófnaði og ávísanafals.

Í einu innbrotinu komst Christopher yfir skammbyssu sem hann svo síðar notaði í skartgripaversluninum.

Bonnie og Clyde... og mútta

Verkaskipting var með þeim hætti að Nicole fór í skartgripaverslanirnar, kynnti sér skipulag, fjölda starfsmanna og staðsetningu þess. Síðan stornaði Christopher inn, veifandi skammbyssu og lét greipar sópa.

VENEDIKTSSON

SKORAR
KLOSE MEÐ
SKALLA?



FIFA WORLD CUP
RUSSIA 2018




35 ára, tveggja barna móðir, Adriana Vasco, fékk lífstíðardóm 24. janúar 2003. Adriana hafði staðið í ástarsambandi við lækni að nafni Kenneth Stahl og að sögn skipulögðu þau í sameiningu að koma eiginkonu Stahl, Carolyn, fyrir kattarnef. Réðu skótu hjúin Dennis Godley, annan kærasta Adriönu, til verksins. Hann gerði gott betur en að ráða Carolyn bana því Kenneth hlaut sömu úrlög.

VERSLUNUM OG MORÐ

Verzlunum ■ Mamma lét ekki sitt eftir liggja ■ Morð bættust við ránin

Nicole Pearce
Kannaði aðstæður í aðdraganda ránanna.



„Pau komust að þeirri niðurstöðu að þau vildu frekar blanda geði við hvort annað en skilordsfulltrúann“

MaryAnn fékk það hlutverk að keyra flóttabílinn, en var að auki sett í að kanna aðstæður í minni verslunum sem voru sennilega berskjaldaðri en þær stærri.

Aðallega sat hún þó undir stýri með annan fótinn kláran við bensingjöfina á meðan drengurinn hennar sinni sínu inni í skartgripaverslunum.

Einn lögreglumaður í morðdeildinni í New York hafði á orði að þau væru ekki eins og alræmda parið Bonnie og Clyde; „Þau eru Bonnie og Clyde og mútta.“

Fjármögnuðu neyslu

Umræddur lögreglumaður, Dennis Farrell, sagði að markmið þremmenninganna væri að komast yfir eins mikið fé og fjármuni og mögulegt væri því öll glímdu

þau við heróínufíkn auk þess sem Christopher hafði gaman af fjárhættuspili.

Þau rændu sína fyrstu skartgripaverslun 5. desember 2004. Afraksturinn var 100.000 dala virði og þau drifu sig í kjölfarið heim til Christophers á Long Island og fögnuðu ógurlega með krakki og heróíni. Þess má geta að mæðginin höfðu lengi verið háð fíkniefnum og stolið grímt frá ættingjum og öðrum fíkniefnaneytendum.

Fyrsta morðið


Þann 20. desember gerði MaryAnn úttekt hjá J & J Jewels í New York og fékk syni sínum niðurstöðuna. Þau hinkruðu síðan við til hádegis þegar aðeins eigandinn, Thomas Rennison, og einn starfsmaður voru á staðnum.

Christopher rölti inn í verslunina og spjallaði við Thomas í um tuttugu mínútur undir því yfirsíni að hann hygðist kaupa trúlofunarhring handa unnustu sinni.

Thomas Rennison hafði enga ástæðu til að gruna Christopher um græsku og sýndi honum rándýran hring. Christopher beið ekki boðanna og skaut eigandann til bana og hirti það sem hann gat með góðu móti.

Hjón skotin til bana

Síðan var skartinu komið í verð, fíkniefni keypt og slegið upp partíu sem stóð fram yfir áramót. Þann 16. janúar, 2005, rændu þau Rockland Jewellery Exchange í



Mamma
Ók gjarna flóttabílnum eftir ránin.

Nanuet, í New York-ríki, og höfðu upp úr krafsinu 80.000 dali.

Skartgripaverslun Tim og Kim Donnelly, í Fairfield í Connecticut, var rænd 2. febrúar með skelfilegum afleiðingum.

Donnelly-hjónin reyndu hvað þau gátu að tala um fyrir Christopher en við hann var engu tauti komið og skaut þau til

bana. Ránsfengurinn var 100.000 dala virði.

Á móteli í Atlantic City

Þegar þarna var komið sögu gerðu þau sér grein fyrir að hitna myndi í kolunum. Christopher losaði sig við byssuna og bílinn einhvers staðar í Brooklyn og hann og Nicole fóru með rútu til

Atlantic City og skráðu sig inn á subbullegt móteli, Ascot.

Sjónir lögreglunnar beindust fljótlega að Christopher DiMeo og þar sem spilafíkn hans var ekkert launungarmál dreifði lögreglan myndum af honum og Nicole á öll gistiheimili og hótél á svæðinu.

Innan skamms fékk lögreglan ábendingu frá eiganda Ascot sem hafði borið kennsl á skótu hjúin; þau væru í herbergi 230.

Enginn mótþrói

Nicole var gripin glöðvolg í gestamóttöku mótelsins þar sem hún hugðist greiða fyrir næstu nótt. Næstu klukkustundir var hótelið hægt og hljótt tæmt þar til aðeins einn var eftir; Christopher DiMeo í herbergi 230.

Mótelið var umkringgt og lögreglan hafði samband við Christopher og reyndi að fá hann til að gefast upp mótþróalaust. Að einhverjum tíma liðnum sá hann sitt óvænna og gaf sig lögreglunni á vald.

MaryAnn var handtekin á heimili sínu í New York daginn eftir og engin vandræði þar.

Christopher fékk lífstíðardóm fyrir þrjú morð, sem hann skýlaust játaði á sig. Nicole og MaryAnn fengu 20 ára dóm fyrir manndráp.

Þannig fór nú það. ■

STÓR ÚTSALAN HEFST Í DAG

ÓTRÚLEG TILBOÐ

VERÐ DÆMI

AVIANA

ÞRYSTIJOFNUNARRÚM - 180x200 cm (2x90x200)

50% AFSL

ADEINS 105.826 KR.

FULLT VERÐ 211.652 KR.

ÞÚ SPARAR 105.826 KR.

30-60%

AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!


rekkan

HEILSURÚM

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgiró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkan@rekkan.is | rekkan.is

Helgarkrossgátan



				húsgagn	frá	spjalla	beita		klædda	kvendýr
	→							↘		
	ljótar									
				stúlka spilið						tötrar
	smyrja					vistarveru sortera				5
	iðnaðar- mann				tina					
	ávextir									
	storm				líkamshluti		9	↓		aumt
		2		söngródd gagnslaus						
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	fiskurinn	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	vökva sakka	1			krass			
spendýr		3					2 eins klína			fifflin
myntin						áætla				
tóma					ratar	brella borðandi				999
2 eins			örbrigðin elgurinn							
ættingjann						rákir				
kropp				múlinn	8	lést	fuglinn		portkona	7
	5 eins	↖					11	↙		
karl					2 eins skelin		gras- töppur			lengd
op						hamla spyrja				
2000			dugleg gauragang				spjall til			
		örvita næringin					öngl	kropp		6
ílát			4		7 eins sólguð					
	hrein mann				skvetta vagga				borðandi	hann
fóðrar							10	fugl		
auli				áforma				nibba		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

	7	6		9			1	4
				4		2		7
	5			6				
1	3	5		2				8
2		8	4	7		3	9	
	9				5			1
3						7	5	
				8		9		3
			9					

Erfið

		8			4			
	2		7					5
	3		8				2	
2			9	6		3		4
	1		3			9		8
			4				7	2
	5		2		9		8	
8	4	1						
				4			1	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Jón Trausti Harðarson
Lyngrima 3
112 Reykjavík
Lausnarorðið var **PÚÐURKERLING**
Jón Trausti fær í verðlaun
bókina Sonurinn eftir Jo
Nesbø

Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins
eru bókina Sonurinn

Sonurinn
Sonny hefur setið í fangelsi hálfra ævina – fyrir glæpi sem hann framdi ekki. Faðir hans var spilt lögga sem svipti sig lífi í stað þess að axla ábyrgð. Sjálfur er Sonny alltaf til í að taka á sig sökina fyrir gróf ofbeldisbrot samfanga sinna. Í staðinn fær hann ómælt magn heróíns.
En eitthvað skelfilegt er í aðsögu. Morðalda gengur yfir Ósló. Allt í einu verður Sonny miðpunkturinn – og þegar hann kemst að sannleikanum strýkur hann úr fangelsinu til að leita uppi þá sem sviku föður hans. Hann er hundeltur og fjandmönnum hans fjölgar stöðugt. Hver nær honum fyrstur?
Hér er enginn Harry Hole – en allt annað sem lesendur Jo Nesbø þekkja svo vel er til staðar: Harka og hefnd, óbærilega spennandi atburðarás sem stöðugt kemur flatt upp á lesandann og snýr öllu við.



saman



&




Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.

**AVAXTA-
BILLINN** 
Avaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



Sá, sem legði eitt þúsund krónur í arðvænlegt verslunarfyrirtæki, geti orðið meðgigandi í fyrirtækinu og fengið atvinnu fyrir unga stólku. Tilboð, merkt: „Grótt“, sendist Vísi fyrir næsta sunnudag.

Gamla auglýsingin

Vísir 16. júní 1932

ÓLÖF FRÁ HLÖÐUM ÓLST UPP VIÐ SÁRA FÁTÆKT

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, sem lifði frá 1857 til 1933, var ein fárra íslenskra kvenna sem komust út til náms á 19. öld. Hún lærði ljósmóðurfræði hjá Jónassen lækni í Reykjavík og hélt síðan til Kaupmannahafnar í framhaldsnám. Ólöf var kvenréttindakona og merkisskáld sem skrifaði bæði ljóð og ævintýri. Athygli vakti bálkur sem hún skrifaði um æskuheimili sitt á Sauðadalsá í Vatnsnesi þar sem hún lýsir sárrí fátækt.

Næstingst sextán systkina

„Af því að ég hef hvergi séð líka heimilisháttu og á heimili foreldra minna, kemur mér til hugar, að það kunni að geta haft þýðingu fyrir þá, sem menningarsögu semja, að ég reyni að færa þá frásögu, það sem mér finnst minnstæðast af háttsemi og högum okkar, svo það ekki glattist. Og þó mér og ættmönnum mínum verði lítil frægð af frásögu minni, þá tel ég mér skylt að segja satt og rétt frá og fegra hvorki né ófegra sannindin.“

Þetta skrifar Ólöf í Eimreiðina 1. maí árið 1906. Ólöf ólst upp í kofaræksni á Vatnsnesi í Húnavatnsýslu um miðja 19. öldina. Hún segir að menning hafi verið mjög lítil í sveitinni og „enginn minnsti menningargeisli“ hafi komið á þeirra bæ, sem var afskekktari en flestir aðrir.

Ólöf var næstingsta barn móður sinnar, af sextán. Aðeins tíu af þeim komust á legg og eitt var sent í fóstur. Fátæktin var mest þegar börnin voru ung en þau voru send á aðra bæ í vist um leið og þau gátu unnið og séð fyrir sér.

Leikur að þaklekanum

„Húsakynni voru eins og moldarkofarnir okkar geta verstir verið.



Baðstofan lítil og lág með torfbálki, ópiljuð öll, nema lagðar lausar fjalir fyrir ofan rúmin. Rúmstæðin torfbálkur með rúmstokki og fótagaflir úr fjöllum. Ekkert borð, ekkert sæti annað en rúmin. Hillur yfir hverju rúmi, þar stóðu askarnir, diskarnir og margt annað rusl.“

Sums staðar í húsinu voru glerúður en þegar þær brotnuðu voru blautir líknarbelgir settir yfir því gler var ekki til. Mikil læti voru í þessum belgjum þegar vindasamt var og stundum rifnuðu þeir. Ljós var lítið en á heimilinu voru járnlampar sem sett var í hrossafeiti eða selalýsi. Til að kynda matar-pottinn var notað sauðatað.

Búshlutir voru fáir og ófull-

nægjandi og hirslur engar. Það sem dýrmætast þótti var geymt undir sængunum. Ef einhverjir peningar voru til voru þeir geymdir í ullarsokkum.

Þegar húsið lak var reynt að „bræða þau“ með kúamykju en annað viðhald var ekkert. „Þegar ofan á okkur lak í rúmunum, vöru öll sauðaskinn, sem til voru, breidd ofan á okkur og okkur var sagt að liggja alveg kyrrum, svo pollarnir, sem stóðu í skinnunum, rynnu ekki ofan undir til okkar. Þetta þótti okkur ögn gaman.“

Askarnir þvegnir tvisvar á ári

Heyskapurinn var mesta vinna ársins og börnin tóku þátt í

honum frá sjö eða átta ára aldri en þá var unnið sextán eða sautján tíma á sólarhring og oftast fenginn vinnumaður. Yngri börnin gættu þeirra minnstu, börðu harðfisk og útbjuggu flatkökur. Vinnan var svo mikil að börnin gátu hvorki greitt sér né baðað nema á sunnudögum. „Við sem endilega vildum vera að því tilhaldi, urðum þá að gjöra það meðan við tugðum harðfiskinn.“

Lítið var að gera fyrir börnin og að yrkja ljóð var illa séð af föðurnum. „Oft grét ég þegjandi af leiðindum og löngun eftir að fá að læra einhvern „hégómann“ sem kallað var.“ Ólöf átti aðeins eitt pils frá því hún man eftir sér þangað

til hún var á tólfta ári. Spariföt átti hún með systur sinni og skiptust þær á því að fara í þeim til kirkju.

Fötin voru öll þvegin í matar-pottinum og trékoppur sem notaður var sem næturgagn var einnig notaður við handþvotta. „Þvag var iðulega brúkað til handþvotta, en mjólk, mysa eða skyrþynka til andlitsþvotta og þótti vandaðri þvottur en úr vatni.“ Tvisvar á ári voru askarnir þvegnir, úr hangikjötssoðinu fyrir jól og á sumardegnum fyrsta. Annars sáu hundarnir um að verka askana eftir máltíðir og sleiktu vel og lengi. „Ekkert okkar hefir þó orðið sullaveikt.“

Sýrufylleri

Skýr þótt kraftmikill matur og harðfiskur var tugginn allan sláttinn. Besti maturinn var magáll, bringukollur og lundabaggar sem var borðaður á hátíðarstundum, sem og brauð. Slátur var borðað yfir veturinn og annað súrmeti. „Nýr matur var helzt ekki borðaður. [...]

Sýru máttum við drekka svo oft og svo mikið sem við vildum; hana drukkum við okkur til óbóta, ef við vorum svöng eða ef okkur leiddist, litlu börnunum, heima á sumrin. Höfðum hana þá fyrir brennivín og drukkum í vitleysu, því enginn hafði vit á að þetta var heilsuspillir.“ Leikföng voru meðal annars ýsubein, skeljar og glerbrot en spil voru til á bænum. Einu bækur heimilisins voru trúarlegar.

Árið 1866 flutti fjölskyldan á annan og betri bæ og smám saman vænkaðist hagur heimilisins. Ólöfu fannst heimilið einnig komast á æðra menningarstig enda sú jörð í meiri alfaraleið en afdalurinn á Sauðadalsá. „Með þann undirbúning undir lífsbaráttuna lagði ég áleiðis út í mannlífið, nítján vetra gömul.“ ■

Sexfætt lamb í Eyjafirði

Semma í maí árið 1963 fæddist sexfætt lamb á bænum Neðri Vindheimum í Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði. Ærin bar tveimur lömbum og var annað lambið eðlilegt í alla staði að sögn eigandans Jóhannesar Jóhannessonar bónda.



Lambið vanskapaða fæddist með tvo aukafætur að framanverðu og komu þeir samgrónir að mestu framan úr bringu þess, milli hinna framfótanna. Lambið gat hvorki gengið né tekið spena móður sinnar

og brá Jóhannes því á það ráð að gefa því kúamjólk úr pela. Mjög sjaldgæft er á Íslandi að lömb fæðist með sex fætur og lifi. Lambið á Neðri Vindheimum lifði þó í nokkra daga.

Lögreglan hafði afskipti af fyrsta kvenstrætisvagnabílstjóranum

Mánudagskvöldið 26. maí árið 1975 fékk lögreglan í Kópavogi hringingu frá skelfdum bæjarbúa sem sagðist hafa séð smástelpu keyra strætisvagn og orðið bilt við. Lögreglan tók við sér og fann umræddan vagn þar sem ung stúlka sat undir stýri. En ekki hafði hún stolið vagninum heldur var hún að æfa sig fyrir sumarstarf.

„Það var auglýst eftir strætóbílstjórum og ég sótti um eins og margir aðrir. Ég fékk vilýrði fyrir vinnu og fór því á meira-prófsnámskeið,“ sagði Kristjana



Bergsdóttir, 22 ára nemi í Háskóla Íslands, í samtali við Vísi.

Kristjana var fyrsti kvenstrætóbílstjórinn og Karl Árna-

son, forstöðumaður SVK, sagði það furðu sæta að „kvenfólk skuli ekki áður hafa ekið strætisvögnum hér á landi, því erlendis er þetta algengt.“

Bjórlikið breytti drykkjumenningu Íslands:

„Sumir höfðu áhyggjur“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1983 stigu veitingamenn á staðnum Gauk á Stöng fram á sjónarsviðið og hófu að bjóða upp á nýjung í áfengismenningu Íslendinga, svokallað bjórliki sem var blanda af pilsner og sterku víni. Aðrir fylgdu í kjölfarið og upp hófst sannkallað æði. Stjórnvöld gripu í taumana en snerist sú aðgerð í höndunum á þeim með þeim afleiðingum að sala á bjór var leyfð árið 1989. Guðvarður Gíslason, veitingamaður á Gamla Bíó, sem rak Gaukinn á sínum tíma, ræddi við DV um þennan stórmerkilega drykk.

Breiddist hratt út

Guðvarður og fjórir félagar hans opnuðu Gauk á Stöng þann 19. nóvember árið 1983 á Tryggvagötu 22 í Reykjavík. Var talað um að bjórkrá væri að opna þó að sala bjórs hefði verið óheimil síðan áfengisbannið var sett á árið 1915. Þegar áfengisbanninu var aflétt árið 1935 var bjórinn undanskilinn.

Það var hins vegar ekki eiginlegur bjór sem var seldur á Gauknum heldur svo kallað bjórliki, blanda af pilsner og sterku áfengu víni. Hinir framtakssömu ungu stofnendur Gauksins höfðu kynnst samkomuvendum erlendis, sér í lagi í Þýskalandi, og vildu færa þá menningu hingað til lands. Ekki þurfti að borga sig inn á staðinn og ekkert dansgölf til staðar. Þetta var eiginlegur pöbb sem bauð samt einnig upp á mat og var opinn lengur en aðrir staðir. Þetta greip landann strax og fljótlega fóru aðrir staðir að taka upp á þessu. Guðvarður segir:

„Eftir að við byrjuðum með bjórlikið fór þetta að sjást á öðrum stöðum eins og Hellinum, Fógetanum og fleiri veitingastöðum víða um land sem vildu vera með í trendinu.“

Fólk varð ágætlega drukkið

Hvað var í bjórlikinu?

„Hver og einn staður var með sína eigin uppskrift að því. Uppistaðan var yfirleitt vodka, kláravodka eða einhver týpa af því. Svo voru menn að skella út í þetta alls kyns bitterum og fleiru til að fá meira eða öðruvísi bragð.“

Hvað var þetta sterkt?

„Það get ég ekki alveg sagt til um en alla vega urðu menn ágætlega drukknir af því. Við á Gauknum vorum með einn líter af 40 prósent sterkum vodka á móti 18 lítrum af 2,25 prósent sterkum pilsner. Ég get alveg viðurkennt að við vorum ekkert endilega að reikna út hversu sterkt þetta var. Stundum drakk fólk of mikið af þessu og misstu það út úr sér, rétt eins og gengur og gerist í dag.“

Guðvarður segir að sjálfsgagt hafi drykkir svipaðir bjórliki verið blandaðir í heimahúsum áður en ekki í því formi þeir gerðu. Fólk hafi blandað sterka drykki út í pilsnerinn sinn rétt eins og gosið. En á Gauknum og öðrum stöðum var bjórlikið sett á kolsýrukút og afgreitt rétt eins og bjór.



Var þetta svipað og bjór á bragðið?

„Já, ég get nú ekki neitað því. Á þessum tíma var nánast ekkert til nema lagerbjór með minna áfengismagni. Þessir craft-bjórar og IPA-bjórar voru ekki til en reyndar voru Belgar að framleiða einhvern munkabjór í flöskum.“

Hvaða hópar voru það aðallega sem drukku bjórliki?

„Fólk af öllum stærðum og gerðum, allur skalinn. Sérstaklega fólk sem hafði ferðast erlendis og jafnvel búið þar og þekkti þessa menningu. Ég man eftir félagsskap nokkurra eldri karla sem voru alveg vitlausir í að komast í þetta á miðvikudögum eftir fundahöld. Það var stemning í kringum þetta og fólk fannst gaman. Þetta hafði líka þau áhrif að lifandi tónlist jókst á veitingastöðum. Við á Gauknum vorum að selja mat og það kom fjöldi fólks í hádeginu til að borða og fá sér bjórliki með. Á tímabili vorum við með vel yfir hundrað manns í hádeginu í mat.“

Keyrt undir bjórlíkisáhrifum

En tilkoma bjórlíkisins var ekki aðeins gláumur og gaman fyrir alla. Ríkisvaldið sá að þarna hafði myndast æði og vildi stoppa þetta í fæðingu. Fór svo að reglugerð var sett af Jóni Helgasyni dómsmálaráðherra um að drykkir yrðu að vera blandaðir fyrir framan gestina og því bjórliki veitingastaðanna bannað í september árið 1985.

„Sumir höfðu áhyggjur af bjór-

líkisæðinu og það var verið að taka suma undir áhrifum undir stýri og

þvíumlíkt. Jón var mikill templari og einhverjir náðu að sannfæra hann um að koma banninu á. Jóni fannst hann líka vera svikinn því við á Gauknum sóttum um veitingaleyfi eins og hver annar en meirihlutinn af sölunni hjá okkur var þessi drykkur.“

Umræða um að fólk væri að keyra undir áhrifum bjórlíkis var mjög hávær og skrifað um það í blöðin. Einn varkár ökumaður skrifaði í Morgunblaðið 8. nóvember árið 1984:

„Þessir „sönnu“ Íslendingar hvolfa í sig bjórlikinu, dásama kráarmenningu, fá sér tvær þrjár kollur í viðbót og keyra svo heim!



„Á tímabili vorum við með vel yfir hundrað manns í hádeginu í mat“

„Hvað eru nokkrar bjórkrúsir? Maður finnur varla á sér af þessu,“ er viðkvæði þessa fólks, sem bragðar áfengi í fyrsta sinn á ævinni um 13 ára aldur og drekkur síðan þá tegund, helst óblandað brennivín.“

En góðtemplararnir urðu undir í baráttunni og eftir að bjórlikið var bannað reiddist almenningur. Guðvarður segir:

„Bannið á bjórlikinu varð nú aðeins til þess að æsa upp almenning og stuttu síðar fór fólk að heimta að sala á bjór yrði leyfð og árið 1987 var málið komið inn á borð Alþingis. Bjórlikið og bannið á því hjálpaði til við að bjórinn yrði leyfður.“

Í maí árið 1988 gekk í gegn laga-setning sem heimilaði bruggun og sölu bjórs yfir 2,25 prósentum áfengismagns. 1. mars ári síðar var bjórinn leyfður á Íslandi en bjórlikið sneri aldrei aftur. ■

NOKIA

7 PLUS

DUAL 12 MP MYNDAVÉL

SÍMI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á

androidone
NOKIA

ZEISS



Óttuðust um líf konungs vegna sjálf-fróunar

Danmörk hefur átt marga hæfa konunga og drottningar í gegnum tíðina. Kristján VII var ekki einn af þeim en hann var uppi frá 1749 til 1808. Kristján var andlega vanheill og bæði bróðir hans og sonur stýrðu ríkinu í hans stað.

Hann var ofstækisfullur, haldinn ofsóknarbrjálæði og ofbeldishneigður. Íðulega hélt hann á krár Kaupmannahafnar með fylgdarliði sínu og olli þar miklum óskunda. Í matarveislum hagaði hann sér kjánalega og kastaði mat í gesti. Stundum lamdi hann fólk án nokkurrar ástæðu.

Eitt af stærstu vandamálum Kristjáns var hversu mikið hann fráði sér, bæði í einrúmi og fyrir framan annað fólk. Var það mikið rætt í hirðinni og talið vandamál alls ríkisins þar sem læknar óttuðust að hann yrði ófrjór. Aðrir læknar töldu að konungurinn yrði blindur af öllu þessu togi eða myndi á endanum drepa sig.

Vitaskuld leitaði drottningin Matthildur í arma annars manns, þýsks læknis að nafni Johann Struense, og missti hann höfuðið fyrir vikið.



Árás með veðurblöðrum

Ein undarlegasta hernaðaradgerð seinni heimsstyrjaldarinnar var þegar breski herinn skipulagði blöðruárás á Þýskaland, aðgerð sem nefnd var Operation Outward en blöðrunar ollu Þriðja ríkinu talsverðu tjóni.

Þann 17. september árið 1940 losnuðu nokkrar veðurblöðrur fyrir slysi, svifu yfir til Noregs og Svíþjóðar og ollu tjóni á rafmagnslínunum. Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, ákvað að nýta sér þetta og sendi 100 þúsund latexblöðrur með eldfimum efnum og rafmagnsvírum yfir hafið til Þýskalands.

Um aðgerðina sáu konur í Þjóðvarnsveit Bretlands á þremur stöðum í suðurhluta Englands. Hætt var að senda blöðrur árið 1944 en þær reyndust Bandamönnum mjög vel því þær kostuðu aðeins örfáa skilinga á meðan tjón Þjóðverja var mikið. Blöðrunar lentu á rafmagnsvírum og ollu sprengingum og skammhlaupum. Ein rafstöð Þjóðverja, nálægt borginni Leipzig, eyðilagðist algerlega.

Tugir drukknuðu í karamellu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þann 15. janúar árið 1919 varð óvanalegt slys í rommverksmiðju í Boston. 21 lést og 150 slösuðust þegar stór geymslutankur sprakk í loft upp og flóðbylgja sykurþykknis rann eftir nálægum götum.

Átta metra há bylgja

Slysið gerðist í norðurhluta borgarinnar, á svæði bruggverksmiðjunnar Purity Distilling Company við höfnina. Tankurinn var fimmtán metra há og 27 metrar í þvermál og í honum voru geymdar 2,3 milljónir gallona af sykurþykknis til rommframleiðslu. Mikið frost hafði verið fyrstu dagana í janúar en síðan snögghitnaði og þennan dag var hitinn fjórar gráður á Celsíus.

Klukkan 12.30 heyrði fólk í nágrenninu háværan dynk og fann jörðina nötra. Hávaðinn sem fylgdi í kjölfarið var líkt og eimreið væri á leið í áttina að fólkinu. Hitabreytingarnar höfðu valdið því að tankurinn gaf sig, brotnaði og sprakk í tætlur og út úr svæði verksmiðjunnar streymdi æðandi karamellulúð, átta metra hátt.

Flóðið skall á járnbrautarlest og ýtti henni af sporinu og felldi einnig upphækkaða járnbrautar-teina. Nærliggjandi hús urðu í vegi flóðsins, rifnuðu upp með grunni og méluðust. Fólk varð fyrir flóðinu í hundraða tali og vinnuhestar einnig. Það lyftist marga metra upp í lofti og þeyttist út í buskann.

Karamellukviksyndi

Þegar flóðbylgjan hafði runnið sitt



skeið var svæðið undirlagt karamellu sem náði fólki upp að mitti og dísæt lykt í loftinu. Í Boston Post sagði:

„Hér og þar virtist vera eitt-hvert form af lífverum, hvort það voru dýr eða menn var ómögulegt að segja. Hrossin drápuð eins og flugur á flugnapappír. Eftir því sem þeir börðust um, því dýpra í glundrið sukku þeir. Menn og konur þjádust einnig.“

Alls lést 21 og 150 manns slösuðust og fjölmargir þjádust af miklum hóstaköstum eftir sprenginguna. Ungur drengur, Anthony di Stasio, var einn af þeim sem lentu í flóðinu. Hann var á leið heim úr skólanum með systur sínu þegar bylgjan greip hann og lyfti eins og smásteini. Það var líkt og hann væri á brimbretti. Þegar ölduna lægði kom móðir hans aðvísandi en hann gat ekki svarað henni, því öndunarvegurinn var fullur af karamellu.

Hann var að kafna og það leið yfir hann. Þegar hann rankaði úr rotinu stóðu systur hans þrjár yfir honum.

Klístrið alls staðar

Herskipið USS Nantucket var í höfninni og sjóliðar flýttu sér á staðinn til að taka þátt í björgunaraðgerðunum. Sumir reyndu að halda forvitnum vegfarendum fjarri en aðrir óðu út í klístrið til að bjarga fólki. Lögreglan, Rauði krossinn og landherinn komu einnig til aðstoðar og sumar hjúkrunarkonurnar stungu sér í sykurleðjuna. Spítalinn réð ekki við þennan fjölda og setja þurfti upp sérstakt neyðarskýli til að taka á móti slösuðum en erfitt var að komast um vegna karamellu.

Í fjóra daga var leitað að fórnarlömbunum og erfitt reyndist að greina sum líkin vegna gljáans. Það tók margar vikur að hreinsa göturnar og meira en 300 manns

tóku þátt í því. Notaður var slökkviliðsbátur til að sprauta sjó á karamelluna til að leysa hana upp en einnig sandur til að reyna að draga sykurrinn í sig. Klístrið var í öllum krókum og kimum á stóru svæði, inni í bílum, heimilum, lestum, götusímum. Alls staðar.

Verksmiðjan bótaskyld

Mál var höfðað á hendur móður-fyrirtæki Purity-verksmiðjunnar, en lögfræðingar þeirra báru fyrir sig að anarkistar hefðu sprengt tankinn í loft upp. Eftir þriggja ára vitnaleiðslur komst endurskoðandi á vegum dómstólsins að því að verksmiðjan væri bótaskyld þar sem tankurinn hefði verið illa smíðaður og ekki prófaður. Tankurinn hafði lekið svo mikið að tekið var upp á því að mála hann brúnan til að fela lekann. Íbúar í nágrenninu höfðu getað náð sér í fötufylli af karamellu þar sem lekinn var. Tankurinn var bæði of þunnur og gerður úr efni sem hentaði ekki. Hitnunin í andrúmsloftinu olli því að gerjun varð hraðari en ella og tankurinn réð ekki við það.

Fyrirtækið greiddi út 600 þúsund dollara til fórnarlambanna og aðstandenda þeirra. Tankurinn var ekki endurbyggður og í dag er þarna hafnarboltavöllur fyrir börn. Ýmsar byggingar-reglugerðir Boston-borgar varðandi öryggi voru hertar eftir slysið og eftirlit sömuleiðis. Settur var upp minnisvarði á svæðinu um slysið og þá sem þar létust. ■

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

Aettleiðingarhneyksli tröllríður Írlandi

Kapólsk stofnun stóð á bak við skjalafals og aettleiðingar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Mörg þúsund fullorðnir Írar hafa hugsanlega engan grun um að þeir voru gefnir til aettleiðingar á barnsaldri og hafa því enga ástæðu til að efast um að mæður þeirra hafi fætt þá. En í raun og veru var fólkið gefið til aettleiðingar þar sem mæður þess voru ógiftar. Það var kapólsk stofnun sem stóð á bak við þetta en stofnunin sá um að taka við börnunum og gefa út fölsuð fæðingavottorð þegar þau fóru til nýrra foreldra.

Írskir félagsráðgjafar hafa því fengið það verkefni að ræða við tugi fólks á aldrinum 50 til 70 ára til að segja því að foreldrar þess séu ekki líffræðilegir foreldrar þess. Að mæður þeirra hafi verið einhleypar eða ógiftar og því hafi börnin verið gefin til aettleiðingar í gegnum kapólska stofnun sem sá um að útvega fölsuð fæðingavottorð.

Málið snýst um 126 manns en írsk yfirvöld telja að 79 af þeim geti verið „algjörlega óvitandi um aðstæðurnar sem þau fæddust inn í“. Þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum. Yfir öllu liggur margra áratuga skömm, þögn og leyndarhjúpur.

Nú á að fara yfir tugþúsundir mála en þetta er enn eitt hneyksli-málið sem tengist kapólsku kirkjunni á Írlandi og stofnunum hennar. Allt frá því að Írland fékk sjálfstæði 1922 hefur kapólska kirkjan nánast verið samofin ríkisvaldinu, hún hafði sérstaka stöðu og var hafin yfir gagnrýni.

Þeir 126 Írar, sem málið snýst um í augnablikinu, voru gefnir til aettleiðingar í gegnum aettleiðingarstofuna St. Patrick's Guild á árunum 1946 til 1969. Fölsuð fæðingavottorð fylgdu þeim öllum. Líffræðilegir foreldrar þeirra eru hugsanlega látnir og kannski



Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, segir að málið sé svartur blettur á sögu landsins.

héldu þeir að börnin hefðu látist. Í málum svipuðum þessum hefur komið í ljós að nunnur sem gáfu í skyn við foreldrana að börn þeirra væru látin vel vitandi að þau voru við góða heilsu hjá „góðum“ kapólskum fjölskyldum þar sem faðir, móðir og giftingarhringur voru til staðar.

Aðrir foreldrar vissu vel að börn þeirra voru hjá öðrum fjölskyldum en þar sem ströng kapólsk siðferðisgildi voru við lýði töldu þeir sig ekki eiga annarra kosta völ en gefa

börn sín frá sér og ræða ekki frekar um þau. Að vera einstæð móðir á þessum tíma með „óekta“ barn þýddi á þessum tíma líf á botni samfélagsins.

Enn einn svartur blettur

Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, sagði á þingi að mál St. Patrick's Guild væri „enn einn svartur bletturinn á sögu okkar“ og að hugsanlega væru mörg hundruð þúsund aettleiðingarmál þar sem rangt hefði verið haft við.

Fergus Finlay, forstjóri barnaverndarsamtakanna Barnardo, sagði í samtali við írsku ríkissjónvarpið að skoða þyrfti að minnsta kosti 150.000 aettleiðingar og að það muni koma honum á óvart ef að minnsta kosti 10 prósent þeirra reynast ekki byggðar á ólöglegum skráningum og skjalafalsi.

„Þetta er brot gegn börnunum því þau eru rænd sjálfsmynd sinni“, sagði hann.

Áður hefur komið fram að St. Patrick's Guild stóð fyrir leynilegum flutning á 572 írskum börnum til barnlausra kapólskra hjóna í Ameríku.

Írsku ríkisstjórnin hefur fyrirskipt að óháða rannsókn á umfangi aettleiðinganna út frá þeim 100.000 málum sem skjöl ná til. En ekki eru allir sannfærðir um að það sé nóg og vilja að meira sé gert og hefur þar verið nefnt til sögunnar að DNA-tækni verði beitt við rannsóknir málanna.

Nú þegar stendur yfir rannsókn á hinum svokölluðu „Móðir og barn heimili“ þar sem konur, sem urðu barnshafandi utan hjónabands, komu til að eignast börn sín. Þær höfðu kannski orðið barnshafandi ungar að aldri þegar ástin tók völdin eða eftir einnar nætur gaman.

Tæplega 800 lík

Þegar einstæðu mæðurnar höfðu eignast börn sín á „heimilunum“ voru þær látnar sinna ýmsum störfum undir yfirumsjón nunna. „Heimilunum“ var skipt í tvennt, í öðrum helmingnum voru börn en mæðurnar í hinum. Yfirleitt yfirgáfu mæðurnar síðan „heimilin“ eftir nokkur ár án barna sinna sem voru þá gefin til aettleiðinga gegn fjárframlögum til „heimilanna“.

Rannsókn á „heimilunum“ hófst í kjölfar afhjúpunar á hræðilegum upplýsingum frá svona „heimili“ í Tuam í vesturhluta Írlands. Þar voru allt að 796 börn og fóstur grafin á lóð „heimilisins“.

Írskir félagsráðgjafar hafa því fengið það verkefni að ræða við tugi fólks á aldrinum 50 til 70 ára til að segja því að foreldrar þess séu ekki líffræðilegir foreldrar þess. Að mæður þeirra hafi verið einhleypar eða ógiftar og því hafi börnin verið gefin til aettleiðingar í gegnum kapólska stofnun sem sá um að útvega fölsuð fæðingavottorð.

Sum þeirra jafnvel í eða við klóak-tank. Hluti af líkunum bar með sér að börnin hefðu verið fötluð eða vannærð.

Það var nunnureglan Bon Secours sem rak þetta „heimili“. Á sínum tíma var orðrómur um að eitthvað mikið væri að þar en spurninga var ekki spurt enda kapólska kirkjan valdamikil á þeim tíma og þess vegna fékk St. Patrick's Guild einnig frið fyrir ágengum spurningum. Það sama á við um svokallaða iðnaðarskóla fyrir foreldralaus börn og „þvottahús“ fyrir vændiskonur, ógiftar konur og fleiri. Líkamlegt og andlegt ofbeldi er eins og rauður þráður í gegnum þessi mál ásamt vilja kapólsku kirkjunnar til að verða sér úti um fé á kostnað „syndaranna“ með því að nýta þá sem ókeypis vinnuafl og með því að gefa börn þeirra til aettleiðinga. ■

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



HeartSine



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

Að komast aftur í gang í heilsuræktinni

Kristján Jónsson, einkaþjálfari og heilsuráðgjafi, hefur leiðbeint einstaklingum í líkamsrækt í fjölda ára. Hér skrifar hann um góð ráð til að koma sér af stað aftur í ræktinni.

1 Finna það sem hvetur þig áfram

Þegar þú byrjar aftur að æfa eftir langt hlé er mikilvægt að finna fyrir alvöru hvatningu til að stunda líkamsrækt eða bæta heilsuna. Hér eru nokkur dæmi um slíka ástæður: Að vera fær um að fara í göngutúr með hundinn. Leika við börnin þín eða barnabörn. Geta reimað skóna þína og annarra nokkuð átakalaust. Bæta heilsufarið í heild sinni. Geta hlaupið 10 kílómetra.

Þín ástæða er drifkraftur þinn til að gera breytingar. Með því að breyta fastmótuðum venjum opnast leiðir til að sigrast það sem heldur aftur af þér. Til að ná þeim markmiðum sem þú vilt ná þarftu að breyta venjunum þar sem við erum langflest mjög vanaföst.

2 Að taka fyrstu skrefin

Ekki er mælt með því að breyta mörgum hlutum í einu vegna þess að það getur verið mjög yfirþyrmandi og einmitt verið það sem heldur fólki frá því að byrja á að breyta lífsstíl sínum. Fyrsta skrefið getur til dæmis verið að fara út að ganga þrisvar í viku í 15 til 30 mínútur. Að fara í sundlaugina að synda og fara síðan í heita pottinn tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Að fara í golf tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Að skuldbinda sig til að fara í ræktina tvisvar til þrisvar sinnum í viku í léttu lyftingu eða fá sér einkaþjálfara tvisvar til þrisvar sinnum í viku sem hjálpar manni að komast af stað í ræktinni.

3 Mælanleg markmið

Það er mjög mikilvægt að hafa markmið, því það er drifkrafturinn sem drífur mann áfram í að ná árangri. Mjög gott er að taka myndir reglulega af sjálfum sér til að fylgjast með árangrinum. Eins er gott að vigta sig einu sinni í viku til að geta fylgst með þyngdarbreytingum, hvort sem markmiðið er að léttast eða þyngjast. Mæli ég með því að fólk vigti sig á sama tíma dagsins, á sama degi vikunnar og á sömu vigt. Ekki er gott að nota mismunandi vigtir, því þær geta sýnt mismunandi þyngd. Svo er ekki gott að vigta sig oftar en einu sinni í viku vegna þess að líkamsþyngd getur verið breytileg milli daga og jafnvel milli klukkutíma.

4 Ekki byrja of hratt

Mjög algengt er þegar fólk byrjar að æfa aftur eftir langt hlé að það vilji byrja á sama stað og það endaði á. Langoftast er það mjög óraunhæft markmið miðað við þá stöðu sem fólk er í. Það er að segja ef það hefur ekki hreyft sig mjög lengi. Þess vegna er mjög mikilvægt að byrja rólega, það skiptir ekki máli hvað maður gerði fyrir hálfu ári eða ári, líkam-

inn þarf tíma til þess að venjast álaginu aftur. Er mjög mikilvægt í þjálfunarferlinu hjá fólki að venja líkamann aftur við aukin æfingaálag. Að fara of geyst af stað er oft helsta ástæða þess að fólk nær kannski ekki markmiðum sínum, svo er líka hættu á meiðslum og ofþjálfun stór þáttur.

5 Breyta einum hlut á viku

Langflestir eiga erfitt með að breyta mörgum hlutum í einu. Ein besta leiðin til að mistakast í lífsstílsbreytingu er einmitt að reyna að breyta of mörgum hlutum í einu. Gott er að hafa það markmið að breyta einum hlut á viku. Til dæmis í fyrstu vikunni er markmiðið að mæta á æfingu tvisvar til þrisvar í viku. Í viku tvö að setja sér markmið að drekka meira vatn en maður er vanur. Í viku þrjú að borða meira grænmeti og ávexti en áður. Í viku fjögur passa upp á að svefninn sé í góðu lagi og að sofa að lágmarki sjö til átta tíma á nóttu. Smátt og smátt verða þessar vikulegu breytingar stóra hluti af þínu lífi og að lokum lífsstílsbreyting. Að breyta venjum smátt og smátt er lyklatríðið að farsælum langtímabreytingum.

6 Að yfirstíga óttann við að fara á æfingastöð

Líkamsræktin getur verið ógnvænlegur staður fyrir mörg okkar og ef þú ert of þung/ur eða einfaldlega óreynd/ur gætir þú verið hrædd/ur um að fólk sé að horfa, glápa eða jafnvel dæma þig. Langflestir af þeim sem eru að æfa í ræktinni eru að hugsa um sínar æfingar, áherslu á sjálfan sig og sitt æfingaplan. Ekki vera hrædd/ur við að vera dæmd/ur. Ekki láta það stoppa þig. Oftast gerist það þveröfuga að fólk dáiast að þeim sem mæta og eru að gera góða hluti í sínu lífi. Gott er að fá aðstoð fagaðila til að koma sér af stað í ræktinni, til dæmis einkaþjálfara. Getur góður þjálfari sérniðið æfingaplan sem passar fyrir þig og þau markmið sem þú setur þér. Það er líka góð tilfinning að vera með góða æfingaáætlun sem unnið er eftir þegar maður kemur í ræktina, því þá líður manni ekki eins og að maður sé að gera bara eitthvað út í bláinn.

7 Búðu þig undir að mistakast ekki

Næstum því allir sem stunda líkamsrækt hafa á einhverjum tíma ekki getað komist á æfingu í lengri eða skemmri tíma, getur það til dæmis verið vegna veikinda, vinnu eða annars sem gerist í daglegu lífi fólks. Allar aðferðir sem halda fólki við að mæta eru af hinu



góða. Þá er ómetanlegt að hafa stuðningsnet í kringum sig til að treysta á, til dæmis æfingafélagi eða einkaþjálfara sem hjálpa manni að komast aftur af strax í rútínuna. Því lengri tími sem líður hjá fólki í að komast aftur af stað eftir frí, því minni líkur eru á því að það komi sér aftur af stað í rútínuna sem það var í.

8 Gerðu þetta fyrir þig ekki aðra

Ef þú ert að fara að breyta um lífsstíl fyrir einhvern annan en þig, til dæmis maka, vinnufélagi eða yfirmann þá eru góðar líkur á því að þér muni mistakast. Þú þarft að gera þetta fyrir sjálfan þig og þitt líf og engan annan. Standa fast við bakið á sjálfum þér í því að breyta um lífsstíl til hins betra. Ef við erum að gera þetta fyrir aðra en

okkur sjálf þá vantar okkur hinn raunverulega ásetning til að vilja breyta til hins betra. Löngunin þarf að koma innan frá okkur sjálfum. Löngunin þarf að eiga uppsprettu í þínu eigin sjálfi til að gera lífsstílsbreytingu fyrir sjálfan þig.

*Kristján Jónsson, einkaþjálfari í Sporthúsinu í Kópavogi
thjalfun@thjalfun.is
www.thjalfun.is*



Næsti kafli hefst hjá

OKKUR

hafðu samband

GIMLI

FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is

Unnur söng sig upp metorðastigann

Leikur Jayne Mansfield í Las Vegas

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Um síðustu helgi var söngleikurinn Marilyn frumsýndur með pomp og prakt. Að öllum líkindum var enginn Íslendingur í salnum því söngleikurinn er sýndur í Paris-spilavítinu í borg syndanna, Las Vegas í Bandaríkjunum. Það sama gildir ekki um sjálft sviðið því þar á Ísland sinn fulltrúa. Söng- og leikkonan Unnur Eggertsdóttir fer með hlutverk Jayne Mansfield, kynbombunnar frægu, í sýningunni en á milli hennar og Marilyn Monroe var rígur sem var þó aðallega búinn til af bandarískum fjölmiðlum. Unnur, sem ytra notar sviðsnafnið Una Eggerts, ræddi við blaðamann DV um sýninguna og lífið vestanhafs sem er ekki alltaf dans á rósum.

Bara 20 hvítir miðaldra karlar í salnum

Unnur útskrifaðist sem leikkona frá The American Academy of Dramatic Arts fyrir tveimur árum. Skólinn er í New York-borg en strax eftir útskrift fékk Unnur tækifæri í söngleikum Marilyn sem þá var sýndur í Los Angeles. „Ég byrjaði sem dansari í sýningunni og stökk á það verkefni enda er mikilvægt að koma fætinum inn fyrir dyrnar í þessum bransa,“ segir Unnur.

Um var að ræða eins mánaðar verkefni og var Unni flogið yfir endilöng Bandaríkin. Við tóku erfiðar æfingar og sýningar inni á milli. „Söngleikurinn var minni í sniðum og í raun allt öðruvísi en hann er í dag. Sýningarnar gengu samt vel og þá fór að kvikna áhugi fjársterkra aðila á að fjárfesta í verkefninu og búa til mun stærri sýningu úr þessum efnivið,“ segir Unnur.

Við tók tímabil þar sem leikhópurinn setti upp sýningar fyrir áhugasama fjárfesta í Los Angeles



og Las Vegas. „Stærsta sýningin var fyrir 1.400 manns en einu sinni stigum við á svið fyrir framan 20 miðaldra hvíta karlmenn. Það var mjög fyndin upplifun og ekki

hægt að segja að við höfum fengið mikla hvatningarorku frá salnum. Þessir menn voru alls ekki þarna til að skemmta sér og við gátum ekki búist við að það yrði klappað

fyrir okkur. Þeir flugu þessum 20 manna leikhóp til Las Vegas og markmið þeirra var fyrst og fremst að meta sýninguna út frá kostnaði við uppsetninguna og hvort

„Við vorum á æfingum frá morgni til kvölds. Síðan kom ein vika af forsýningum en þá vorum við að æfa frá 10–18 og síðan beint í sýningu klukkan 19.“

Þetta væri vænlegt verkefni,“ segir Unnur kímín.

Brjáluð keyrsla í forsýningarviku

Prufusýningin gekk vonum fram- ar og ákváðu fjárfestarnir að veðja á þennan hest. Það lá þó ekki fyrir Unni að dansa eingöngu í sýningunni því segja má að hún hafi fljótlega sungið sig upp metorðastigann. Þegar áður nefnt hlutverk Jayne Mansfield á sýningunni losnaði þá var Unnur kölluð til og hún greip tækifærið. Segja má að hápunktur sýningarinnar sé sam- söngur Unnar og Ruby Lewis, sem fer með hlutverk Marilyn Monroe, í laginu „Battle of the blondes“. „Þetta er rosalega skemmtilegt en krefjandi atriði. Við fáum að ffl- ast eins og vitleysingar á sviðinu og syngja ofboðslega háar nótur,“ segir Unnur.

Sýningin var frumsýnd þann 1. júní síðastliðinn en þá var að baki langt og strangt æfingaferli. „Við vorum á æfingum frá morgni til kvölds. Síðan kom ein vika af forsýningum en þá vorum við að æfa frá 10–18 og síðan beint í sýningu klukkan 19,“ segir Unnur. Á þessari viku tók sýningin miklum breytingum því leikstjóri og framleiðendur voru að klippa út atriði sem þeim fannst ekki virka og jafnvel bæta öðrum við. „Það var rosalega mikil keyrsla og mjög ▶

Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS



CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*



stressandi að æfa eitthvað um daginn sem síðan þurfti að sýna fyrir fullum sal um kvöldið," segir Unnur. Ferlið er þó afar mikilvægt því það er blátt bann við því að breyta sýningunni eftir að hún er frumsýnd.

Eftir þessa miklu törn þá var mikill léttir að frumsýna loks verk. „Við erum að sýna sex sinnum í viku og fáum bara frí á mánudögum. Sýningarnar eru í tvo tíma á hverju kvöldi og því hef ég loksins nægan frítíma," segir Unnur. Hún er með sex mánaða samning við fyrirtækið sem framleiðir sýninguna og að honum loknum er ekki víst hvað tekur við. „Það getur vel verið að ég framlengi samninginn en umboðsmaður minn er með mörg járn í eldinum fyrir mig. Mig langar til þess að takast á við verkefni í kvikmyndum eða sjónvarpi og það er aldrei að vita nema það verði að veruleika fljótlega," segir Unnur.

Missir af lífi ástvina

Hún segist vera ánægð að búa í Las Vegas og borgin eigi sér aðrar hliðar en villt næturlíf og spilavíti. „Ég bý í afskaplega fallegu úthverfi borgarinnar sem er mjög rólegt. Gatan mín minnir helst á götuna í Desperate Housewives-þáttunum," segir Unnur. Hún leigir stórt einbýlishús með nokkrum öðrum leikurum sýningarinnar og að hennar sögn er leigan hræðdýr. Hún fer heldur ekki varhluta af því að lítið er upp til leikara í Las Vegas. „Ég er búin að búa hérna í rúman mánuð og ég hef varla tekið upp veskið. Það er komið fram við okkur eins og aðalborið fólk og það er alltaf verið að bjóða okkur eitthvert," segir Unnur.



Þrátt fyrir að glamúrinn sé við hvert fótmál þá er Unnur óhrædd við að viðurkenna að lífið ytra sé ekki alltaf dans á rósum. Stundum getur það verið einmanalegt og fjarlægðin frá ættingjum og vinum er erfið. „Mér líður stanslaust eins og ég sé að missa af mikilvægum viðburðum í lífi þeirra sem

mér þykir vænt um. Ég missti af brúðkaupi hjá frænku minni sem er mér afar dýrmæt og svo missti ég af útskriftarveislu litla bróður míns úr Versló. Það var mikið grátið það kvöld," segir Unnur.

Tvennt geri þó lífið bærulegra, náinn vinskapur hennar og samleikara á sýningunni og tíð flug ís-

lenskra flugvéla til vesturstrandar Bandaríkjanna. „Leikhópurinn stendur þétt saman enda eru flestir í sömu stöðu; að starfa og búa fjarri ættingjum og vinum. Við eigum því margt sameiginlegt og erum lík um margt og ég er heppin að því leyti. Það er engin samkeppni eða deilur inn-

an hópsins, bara vinátta," segir Unnur. Þá eigi hún von á fjölmörgum fjölskyldumeðlimum vestur yfir haf á næstu vikum og mánuðum. „Ég hvet líka Íslendinga til að kíkja á sýninguna. Ég redda öllum afsláttarkóða," segir Unnur og hlær. ■

Er um flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON PEYSA
15.995 kr.

SALOMON HLAUPAVESTI
19.995 kr.



SALOMON DERHÚFA
3.995 kr.



SALOMON MITTISTASKA
5.995 kr.



SALOMON SPEEDCROSS
18.995 kr.



Íslensku
ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Hraunborgir í Grímsnesi

Ejlskylduvænt tjaldsvæði

Sundlaug | Mini-golf | Leikvöllur
Sumarbústaðir í boði | Snyrtileg aðstaða



Hraunborgir Grimsnesi

Hafðu samband í síma 486 4414

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir
húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-
getu, Sjónvörpsfestingu, gólfhita,
Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi,
einnig Markisur, uppblásin fortjöld,
Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Exellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrít 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.
Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust
aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App
tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir
rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð
Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000

**5 ÁRA
ÁBYRÐ**

Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Hvað segir systirinn?

„Hulda er vinur vina sinna“

Hulda Bjarnadóttir fjölmiðlakona er forstöðumaður þróunarsviðs Árvakurs. Hún er eitt af andlitum útvarpsstöðvarinnar K100, sem er ein sú vinsælasta í dag. DV heyrði í systur Huldu, íþróttafreðingnum og kennaranum Bjarneyju, og spurði: Hvað segir systirinn?

„Hulda er ótrúlegt eintak, ég skil stundum ekki hvernig hún fer að öllu því sem hún er að gera. Hún er allt í öllu alls staðar og virðist vera algjörlega ómögulegt að segja nei við einhverju. Fyrir utan að vera alltaf með nokkur verkefni í gangi í vinnunni, með saumaklúbbnum, í aðalstjórn Fram, með golfklúbbnum, þá ákvað hún að taka þátt í Landvættaprógramminu ofan á allt saman og er að standa sig eins og hetja í því. Hún gefur sér samt alltaf tíma fyrir fjölskylduna og erum við mjög samheldin og reynum að hittast alltaf þegar færi gefst.

Að alast upp sem litla systir hennar var þó ekki alltaf dans á rósum þar sem hún vildi oftast en ekki fá að ráðskast með mig, og henni var ekkert óvirkandi! Við hlæjum enn að því (mér fannst það samt ekki fyndni þá!) þegar hún sparkaði í rassinn á mér í klossum (þetta var fyrir tíma Crocs) af því að ég var í RAUDUM sokkum! Og það var víst óásættanlegt, en þar sem ég lét illa að stjórn og harðneitaði að skipta um sokka þá uppskar ég þetta byltingsspark í rassinn. Við erum þó góðar vinkonur í dag og getum alltaf leitað til hvor annarrar. Hún reynir af og til ennþá að hafa vit fyrir litlu systir sinni en það hefur ekki jafn afdrifaríkar afleiðingar þó að ég kjósi að fara mínar eigin leiðir þrátt fyrir góðar ráðleggingar. Hulda er sannarlega vinur vina sinna og alltaf boðin og búin þegar á þarf að halda. Hún hefur reynst mér og syni mínum gríðarlega vel og mun ég aldrei geta þakkað henni nægilega fyrir það. Hún hefði stundum gott af því að hægja aðeins á, en maður sér hana samt ekki fyrir sér ódruvísi en á yfirsnúningi við að gera og græja hitt og þetta, það er bara hún í hnotskurn.“

Bókin á náttborði Steingerðar



Stein-

gerður

Steinarsdóttir, ritstjóri

Vikunnar: „Ég get ekki

verið bókarlaus en núna er ég

að lesa Þjáningarfrelsið eftir þær

Audí Jónsdóttir, Báru Huld Beck

og Steinunni Stefánsdóttur. Það er

einstaklega áhugavert og spennandi að

lesa um upplifun annarra blaðamanna

af starfinu og mjög upplýsandi að átta

sig á ýmsu er á sér stað bak við tjöldin.

Bókin er mjög skemmtilega skrifuð og

uppsett. Á náttborðinu liggur einnig

Lífsnautnin frjóva eftir Anne B. Ragde

mikinn uppáhaldshöfund en þetta

er lokahnykkurinn á bókaflökknum

um Neshov-fjölskylduna. Svo er

ljóðabókin Jökulhvörf eftir

Kára Tulinius í stóðugum

lestri um þessar

mundir.“

„Hún leynir endalaust á sér og er bæði sársaukafull og falleg, sem og ógleymanleg“

Stefán Máni hélt árið 1996 upp á 20 ára útgáfuafmæli sinnar fyrstu bókar, Dyrnar að Svörtufjöllum, og í ár kemur tuttugasta bók hans út.

En hvaða bækur ætli séu í uppáhaldi hjá Stefáni Mána?

Hvaða barnabók er í eftirlæti og af hverju?

Sem krakki las ég mikið sérur eins og Bob Moran og Dularfullu-bækurnar eftir Enid Blyton. Ég var sérstaklega mikill Enid Blyton-aðdáandi. En sem foreldri hef ég hrifist mjög af sænsku barnabókum, til dæmis myndabókunum um hann Lúlla og svo Einari Áskeli. Góða nótt, Einar Áskell er í miklu uppáhaldi, ekki síst vegna þess að ég las hana oft fyrir krakkana mína þegar þeir voru litlir og fannst það alltaf jafn gaman.

Hvaða bók er uppáhalds og af hverju?

Margar bækur eru uppáhalds. Ég er samt líklega meira fyrir uppáhaldshöfunda en bækur. Fyrir utan þá sem ég nefni á öðrum

stöðum í þessu spjalli verð ég að minnast á höfunda eins og Gyrði Elfsson, Raymond Carver og William Saroyan. Sögur þessara manna eru eins og eðalvín úr orðum – þeim fylgir ákveðinn andi, stemming, jafnvel litir og lykt. En til að nefna einhverja eina bók þá er nýjasta uppáhaldið mitt Sláturhús 5 eftir Kurt Vonnegut. Ég skrifa aðeins um hana gegnum Hörð, sálufélaga minn, í bókinni Svartagaldri, og vísa bara í þau skrif hér.

Hvaða bók mundirðu mæla með fyrir aðra og af hverju?

Sölvasögu unglings eftir Arnar Má Arngrímsson. Einfaldlega vegna þess að hún er ein albesta bók sem skrifuð hefur verið á íslensku – og þótt víðar væri leitað. Bókin fór ekki hátt hérna heima en fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í flokki unglingsbóka. Að þessi stórkostlega bók hafi ekki fengið meiri athygli hér á Klakanum er gott dæmi um skeytingarleysi okkar gagnvart



bókmenntum.

Hvaða bók hefurðu lesið oftast?

Til dæmis skáldsögur Charles Bukowski, Innstu myrkur eftir Conrad og nokkrar bækur eftir Hamsun. Ætli ég hafi ekki lesið Pan oftast af bókum Hamsuns – hún leynir endalaust á sér og er bæði sársaukafull og falleg, sem og ógleymanleg. Að

haustnóttum eftir sama höfund hefur svo verið að vinna mikið á undanfarin ár – dimm bók og drungaleg.

Hvaða bók breytti lífi þínu og hvernig?

Ætli ég nefni ekki skáldsöguna Post Office eftir Charles Bukowski. Af henni lærði ég margt mikilvægt, eins og að bækur þurfi ekki að fjalla um eitthvað rosalega merkilegt, að best sé að skrifa

á mannamáli og að höfundar séu ekki allir snobbaðir og leiðinlegir háskólakennarar. Þetta er bókin sem fékk mig til að trúá að ég gæti skrifað og að ég gæti skrifað um það sem mig langaði að skrifa um.

Hvaða bók biður þin næst til lestrar?

Sea Wolf eftir Jack London.

„Geggjaðir þættir um nördra sem eru alltaf alveg að meika það“

Þórður Helgi Þórðarson útvarpsmaður horfir hættulega mikið á sjónvarp og undirbýr sig nú fyrir áhorf á HM þar sem öll tæki verða nýtt svo hann missi ekki af neinu.

„Ég horfi hættulega mikið á sjónvarp og hef gert allt of lengi. Ég er auðvitað í miðjum upptakti fyrir HM í Rússlandi og hef horft á allt sem mögulega getur tengst fótbolta og svo er úrslitarimman í NBA í fullum gangi og tíminn sem fer í þetta gláp er meira en venjulegur maður eyðir í almennt gláp. Svo tekur við allt hitt. Við fengum okkur Netflix fyrir ekki svo löngu og þar er margt prýðilegt.

Mér fannst fyrsta serían af Handmaid's Tale mögnuð, finnst

öllu erfiðara að horfa á aðra þáttaröð, Silicon Valley eru geggjaðir þættir um nördra sem eru alltaf alveg að meika það, en missa það alltaf á lokaspenninum í einhverju rugli en óvart reddast það alltaf í jafnvel enn betra rugli.

Ég þoli ekki „zombie“-drasl en er forfallinn Walking Dead-sjúklingur þrátt fyrir að maður kvarti alltaf duglega ef þættirnir eru hægir (sem er mjög oft).

Glæpaheimildarþættir eru skemmtilegir og ég held að ég sé



búinn að sjá allar tónlistarheimildamyndir á Flixinu, sama hvort viðfangsefnið sé ömurleg hljómsveit eða bara leiðinleg, lítið um mína tónlist þar.

Uppáhaldsefnið mitt er væntanlega fyrirmynd Satt eða logið á Stöð

2, Would I Lie To You sem maður sér á BBC eitthvað. Þar get ég setið einn og tárast í hlátursköstum og heyrt fussið og sveið frá öðrum fjölskyldumeðlimum sem hafa engan áhuga á þessu. Erum ekki með Stöð 2 en dóttir mín var með mér í flissliðinu þegar fyrri Satt eða logið-serían var í gangi á Stöð 2, þá vorum við með. Hún dettur í súper flissliðið mitt þegar hún er orðin nógu góð í ensku, ætli ég geymi mér ekki restina af Would þangað til að hún er klár í þetta.

En nú fer allt á „hold“ því ég mun ekki missa af einum leik á HM, ég verð ekki í frí á meðan háttíðin fer fram svo vídeótækið og tímaflakkið og draslið verður notað til að ekkert fari fram hjá mér.“

„Flott kona ... þú ert feit, en samt svolítið skemmtileg“

Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju og umsjónarmaður þáttarins Milli himins og jarðar á N4, hefur vakið athygli fyrir einlæga pistla sína á hildureir.is. Hildur Eir sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Hverjum líkist þú mest? Ég líkist báðum foreldrum mínum, ég er sveimhugi eins og pabbi en líka ákveðin eins og mamma.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég elski átök þegar sannleikurinn er að mig langar bara til að eiga góð samskipti við alla, en stundum eru góð samskipti líka átakasamskipti.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Mér finnst bara að það eigi að hjálpa krökkum að finna styrkleika sína í skóla og kenna þeim að rækta þá.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Miðað við verðlag á Íslandi þá getur það verið hvaða verslun sem er, væri hægt að græja þetta á hálf tíma, jafnvel í Bónus.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Hildur Eir Bolladóttir móðir.

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveininn sé til. Hvernig svarar þú? Já.

Hvernig mundirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni? Gledí og hlýja.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi, allt þitt líf, hvaða lag mundirðu velja? Megi gæfan þig geyma (sálmur).

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi mundirðu vilja dansa? Gullvagninn.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Séra Hildur skítarildur.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? The Intouchables (frönsk mynd).

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Sebrarendur í hári.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Fólki sem tekur sig sjálf mjög alvarlega.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir



HIN HLIÐIN

Síðasta söluðag? Nei, ekki nema bara þorramat.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? „Flott kona“ ... ég er sammála Margréti Erlu Maack, það þýðir bara „þú ert feit en samt svolítið skemmtileg“.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Nei, ég held nú ekki, en annars er ég ekkert alltaf viss hverja ég á að þekkjja og hverja ekki.

Hvaða ósýð hefur þér reynst erfiðast að

hætta? Ég þvæ mér alltof oft um hendurnar = OCD.

Hverju laugstu síðast? Að ég væri alveg að verða búin með málskýrslurnar í vinnunni.

Um hvað geta allir í heiminum verið sammála? Að enginn maður er algóður og enginn alslemur.

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Ekki vera týpan á Facebook þangað til þeir eru ekki lengur myndir.

NÝ NÁMSKEIÐ

ENGIN BINDING

REEBOK DANCE CENTER
TRAMPÓLÍNFJÖR
10-13 ÁRA

REEBOK DANCE CENTER
DANSFJÖR
10-13 ÁRA

REEBOK DANCE CENTER
JAZZBALLETT
11-15 ÁRA

**BETRA
FORM**

BETRI HEILSA
60 ÁRA +

**360
TOTAL BODY**

INFRARED
**FUSION
PILATES**

**STRONG
IS THE NEW
SKINNY**

REEBOK DANCE CENTER
**SALSA FYRIR
FULLORÐNA**

**UNGLINGA-
HREYSTI**

CROSSFIT KATLA
**GRUNN-
NÁMSKEIÐ**

**STRONG
BODY BURN**

NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í APRÍL

Tryggðu þér þitt pláss strax í dag. Skráning er hafin!

Sjö stöðvar · Þrjár sunnlaugar · reebokfitness.is

RDC
Reebok Dance Center

CrossFit
KATLA

Reebok
FITNESS



Samræði stöðvað á Nings

Losinn spyr ekki alltaf um stað eða tíma, en sú var raunin síðasta laugardag á Nings við Suðurlandsbraut. Þar á þrítugsaldri sat þar og snæddi mat. Það er ekki í frásögur færandi, nema fyrir þá sök, að sögn sjónarvottar sem sat nálægt parinu, að parið dró að sér mikla athygli með látum, meintum dónaskap við aðra kúnna og ekki síður áreiti við starfsfólk á vakt. Samkvæmt frásögn voru báðir aðilar „mjög sjúskaðir að sjá og fór

stúlkan ekki leynt með það að hana langaði í eiturlyf. Konan kjaftaði eins og hún vissi varla hvar hún væri stödd.“ Leit síðan allt út fyrir að parið hefði horfið á brott en skömmu síðar varð vart við brambolt sem rekja mátti til salernisins. Lögreglan í Reykjavík sendi að lokum þjóna til að stöðva parið. Þegar vitni spurði lögregluþjónana hvað hefði átt sér stað, svaraði annar þeirra áður en hann fylgdi parinu út: „Þeim lá bara svona svakalega á að gera það.“

tomas@dv.is



Lítt þekkt ættartengsl:

Með pólitík í blóðinu

Byrjun vikunnar tók menntaskólaneminn Karl Liljendal Hólmgæirsson sæti á Alþingi okkar Íslendinga. Þar með varð hann yngsti þingmaðurinn í Lýðveldis sögunni enda aðeins 20 ára og 355 daga gamall. Karl á ekki langt að sækja áhugann á stjórnmálum. Amma hans er Sigrún Magnúsdóttir, fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir Framsóknarflokkinn. Ekki er ólíklegt að einhverjar pólitískar sviptingar hafi átt sér stað innan fjölskyldunnar því Karl, sem hafði meðal annars gegnt formennsku í Félagi ungra Framsóknarmanna, hljópst undan merkjum og gekk Miðflokknum á hönd.



Skoðaðu dagskrá og öll tilboðin á byko.is

GRÆNN BOSCH -RAFMAGNSVERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR

SUMARHÁTÍÐ

Laugardaginn 9. júní

FJÖLDI SUMARTILBOÐA Í VERSLUNUM BYKO 7.-11. JÚNÍ

BOÐIÐ ER UPP Á GRILLAÐAR PYLSUR, GÖS, SAFA OG FRÖSTPINNA FRÁ 12-15 Á LAUGARDAG

- NAPOLEON GRILL -25%
- REIÐHJÓL -25%
- HEKKLIPPUR -25%
- HANDGARÐVERKFÆRI -20%
- ELDHÚSÁHÖLD -25%
- MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS -25%
- PLASTBOX -25%
- HITAKÖNNUR OG BRÚSAR -25%
- EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -20%
- SNICKERS/TOEGUARD/SOLIDGEAR -20%
- ÁBURÐUR -25%
- BLÓMAPOTTAR -30%
- FERÐATÖSKUR -30%
- LEIKFÖNG -30%
- SUMARBLÓM -25%
- TJÖLD -30%
- SLÁTTUORF -25%
- HÁPRÝSTIDÆLUR -20%
- GARÐHÚSGÖGN -25%
- KÆLIBOX -25%
- ÚTILEGUBORÐ/STÓLAR -25%
- VIÐARBLÓMAKASSAR -25%
- TORIN BÍLAVÖRUR -30%
- VIÐARGARÐHÚSGÖGN -20%
- SONAX BÍLAVÖRUR -20%
- POTTAR OG PÖNNUR -25%

EINNIG FJÖLDI ANNARRA VARA Á SÉRSTÖKUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

DAGSKRÁ Í BREIDD LAUGARDAGINN 9. JÚNÍ FRÁ 12-15

ANDLITSMÁLUN • BLÖÐRUTRÚÐUR • POPPVÉL • OSINN KAYAKAR KYNNA BÁTNA SÍNA • ÁBURÐARKYNNING FRÁ FÓÐURBLÖNDUNNI RAGNAR, LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU GRILLAR EITTHVAÐ GÓMSÆTT STEINN KÁRSON GARÐYRKJUFRÆÐINGUR • GJÖCO MÁLNING SONAX BÓNKYNNING • LEIKUR: BISON FUSSBALL BORB TORFÆRUBÍLAR FYRIR UTAN LEIGUMARKAÐINN Í BREIDD

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

Tilboð gilda til 11. júní eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentvillur og/eða myndbrengrl.

Voru þau í ping-pong?

Loki